

Alþingi 1979

Sameinað þing, 1. fundur.

Miðvikudaginn 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1979, miðvikudaginn 10. okt., var hundradasta og fyrsta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það áttugasta og annað aðalþing í röðinni, en hundradasta og sextánda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni, er hófst kl. 1.30 miðdegis. Séra Pétur Ingjaldsson prófastur steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv.
 2. Alexander Stefánsson, 5. þm. Vesturl.
 3. Árni Gunnarsson, 11. landsk. þm.
 4. Benedikt Gröndal, 3. þm. Reykv.
 5. Björn Jónsson, 1. landsk. þm.
 6. Bragi Nielsson, 8. landsk. þm.
 7. Bragi Sigurjónsson, 3. þm. Norðurl. e.
 8. Eðvarð Sigurðsson, 6. þm. Reykv.
 9. Eggert Haukdal, 1. þm. Suðurl.
 10. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl.
 11. Einar Ágústsson, 9. þm. Reykv.
 12. Ellert B. Schram, 8. þm. Reykv.
 13. Eyjólfur K. Jónsson, 5. þm. Norðurl. v.
 14. Finnur Torfi Stefánsson, 2. landsk. þm.
 15. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
 16. Friðrik Sophusson, 5. landsk. þm.
 17. Garðar Sigurðsson, 3. þm. Suðurl.
 18. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
 19. Geir Hallgrímsson, 4. þm. Reykv.
 20. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.
 21. Guðmundur Karlsson, 5. þm. Suðurl.
 22. Gunnar Thoroddsen, 11. þm. Reykv.
 23. Gunnlaugur Stefánsson, 4. landsk. þm.
 24. Halldór E. Sigurðsson, 1. þm. Vesturl.
 25. Helgi F. Seljan, 3. þm. Austurl.
 26. Hjörleifur Guttormsson, 6. landsk. þm.
 27. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
 28. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.
 29. Jón Helgason, 6. þm. Suðurl.
 30. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e.
 31. Jónas Arnason, 4. þm. Vesturl.
 32. Jósef H. Þorgeirsson, 7. landsk. þm.
 33. Karl Steinar Guðnason, 5. þm. Reykn.
 34. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn.
- Alþt. 1979. B. (101. löggjafarþing).

35. Kjartan Ólafsson, 3. þm. Vestf.
36. Lárus Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
37. Lúðvík Jósepsson, 1. þm. Austurl.
38. Magnús H. Magnússon, 4. þm. Suðurl.
39. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
40. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
41. Oddur Ólafsson, 4. þm. Reykn.
42. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm.
43. Ólafur Ragnar Grímsson, 3. landsk. þm.
44. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
45. Páll Pétursson, 4. þm. Norðurl. v.
46. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
47. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
48. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv.
49. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
50. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
51. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e.
52. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
53. Svava Jakobsdóttir, 10. þm. Reykv.
54. Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv.
55. Sverrir Hermannsson, 5. þm. Austurl.
56. Tómas Arnason, 4. þm. Austurl.
57. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. Austurl.
58. Vilmundur Gylfason, 7. þm. Reykv.
59. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
60. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Forseti Íslands setur þingið.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hinn 12. sept. s. l. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt till. forsrh., að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. okt. 1979.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 12. sept. 1979.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. okt. 1979.“

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Ég býð yður öll velkomin til þings og læt þá ósk og von í ljós, að störf yðar verði árangursrík til góðs fyrir land og þjóð.

Áð svo mæltu bið ég þingheim að minnst fósturjarð-
arinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsrh., Ólafur Jóhann-
esson**, mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland
lífi.“ — Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu
húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að
stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs þings
hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Odd Ólafsson,
4. þm. Reykn., að ganga til forsetastóls.

Minning Ingólfs Flygenring.

Aldursforseti (Oddur Ólafsson): Áður en þingstörf
hefjast að þessu sinni vil ég minnst nýlátins fyrrv. alþm.
Ingólfs Flygenring, sem andaðist í St. Jósefsspítala í
Hafnarfirði 15. sept., 83 ára að aldri.

Ingólfur Flygenring var fæddur í Hafnarfirði 24. júní
1896. Faðir hans var Agúst Flygenring skipstjóri, kaup-
maður og útgerðarmaður í Hafnarfirði og alþingis-
maður, sonur Þórðar bónda og hreppstjóra að Fiskilæk í
Borgarfjarðarsýslu Sigurðssonar. Móðir Ingólfs Flyg-
enring var Þórunn Stefánsdóttir bónda að Þóreyjarnúpi í
Húnavatnssýslu Jónssonar. Kona Ingólfs var Kristín
Pálsdóttir bónda og hreppstjóra í Tungu í Fáskrúðsfirði.
Hún lifir mann sinn. Hann stundaði nám í Flensborgar-
skóla veturinn 1908—1911 og lauk þar gagnfræðaprófi,
nam síðan í Hólaskóla 1913—1915 og lauk búfræði-
prófi. Eftir það var hann bóndi á Hvaleyri við Hafnarf-
jörð árin 1916—1919. Framkvæmdastjóri við útgerð og
verslun í Hafnarfirði var hann 1919—1928 og síðan við
útgerð og rekstur frystihúss þar 1928—1968. Hann var í
skólanefnd Flensborgarskóla 1925—1958, átti sæti í
bæjarstjórn Hafnarfjarðar 1950—1954 og í stjórn
Sparisjóðs Hafnarfjarðar 1958—1967. Þar var hann
stjórnarformaður frá 1965. Alþingismaður Hafnfirðinga
var hann eitt kjörtímabili, 1953—1956, en hafði áður
tekið einu sinni sæti á Alþingi sem landskjörinn vara-
þingmaður. Var það á öndverðum vetri 1950. Hann átti
því sæti á fjórum þingum.

Ingólfur Flygenring var á æskuárum í sveit á sumrum
og hugur hans hneigðist að búnaðarnámi og síðar
búskap, sem hann stundaði þó ekki til langframa. Þegar
aldur færðist yfir föður hans, Agúst Flygenring, sem átti
og stýrði umfangsmiklum atvinnurekstri í Hafnarfirði,
hlaut Ingólfur ásamt bróður sínum að taka þar við for-
stöðu og á því sviði vann hann mikið ævistarf. Hann var
ihugull og gættinn framkvæmdamaður og farnaðist vel við
rekstur og eflingu fyrirtækis síns, Íshúss Hafnarfjarðar,
og öðlaðist traust og vinsældir starfsmanna sinna. Hann
var hlédrægur að gerð, en vegna mannkosta og starfs-
sviðs lenti hann í forustusveit í félagsmálum atvinnu-
rekenda og hlaut að gegna ýmsum forustustörfum í fé-
lagsmálum Hafnfirðinga og var kvaddur af flokks-
bræðrum sínum í framboð til Alþingis. Hér átti hann sæti
í efri deild, var í sjútvn., heilbr.- og félmn. og menntm.
og var formaður hennar. Hann var ekki hávaðamaður,
en vann með festu og ljúfmennsku að framgangi mála
sem hann beitti sér fyrir í þágu bæjarfélags síns og þjóðar
sinnar allrar.

Ég vil biðja þingheim að minnst Ingólfs Flygenring
með því að rísa úr sætum. — [Þingheimur reis úr sætum.]

Fundi frestað.

Fimmtudaginn 11. okt., kl. 2 miðdegis, var fundi fram
haldið.

Lausnarbeiðni ríkisstjórnarinnar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Er nú-
verandi stjórn var mynduð var það sammæli formanna
þeirra flokka, sem að stjórninni stóðu, munnlegt að vísu,
að þingofsrétti skyldi ekki beitti nema allir stjórnar-
flokkanir væru um það sammála.

Það hefur verið kannað hver afstaða flokkanna væri til
þeirrar kröfu Alþfl., að þing skyldi rofið og stofnað til
nýrra kosninga innan tveggja mánaða frá þingrofi. Báðir
hinir samstarfsflokkarnir, Alþb. og Framsfl., hafa lýst sig
andvíga þessari kröfu og tilgreint þær ástæður sem þeir
telja að mæli á móti henni. Þegar af þessari ástæðu tel ég
mér óheimilt að gera tillögu um þingrof.

Ég vil bæta því við, að ég persónulega tel óforsvaran-
legt að efna til kosninga um hávetur, í svartasta skamm-
degi að kalla. Veðurguðirnir gætu orðið svo hliðhollir að
þetta gæti tekist með skaplegu móti, en þó alltaf við
erfiðleika í afskekktum sveitum. En veðráttu gæti líka
orðið slík að kosningar á þessum tíma væru með öllu
óframkvæmanlegar, og getur það átt við um kosninga-
undirbúning, framboðsfundi og kosningarnar sjálfar.
Slíkar kosningar gætu orðið skripamynd þar sem fjöldi
fólks væri í reynd sviptur atkvæðisrétti.

Alþingiskosningar hafa aldrei átt sér stað á þeim árs-
tíma sem hér er um að ræða. Ég vil ekki bera ábyrgð á því
að skapa slíkt fordæmi.

Ég álit það fullkomið ábyrgðarleysi að leysa þingið
upp, áður en það er í raun og veru tekið til starfa, og efna
til harðvítugrar kosningabaráttu við ríkjandi aðstæður í
efnahags- og atvinnumálum, en þær ætti ég að þekkja
flestum öðrum betur. Þar biða mörg mikilvæg verkefni
sem kalla á úrlausn. Ég nefni það t. d., að fjárlög yrðu
væntanlega ekki afgreidd á tilskildum tíma, sama máli
gegnir um lánsfjáráætlun og hlyti af því að skapast mikil
óvissa um margvíslegar framkvæmdir. Svo að segja allir
kjarasamningar eru ýmist lausir eða verða það um áram-
mót. Kosningabaráttu væri að mínum dómi ekki heppi-
legur undirbúningur fríðsamlegrar eða farsællar lausnar í
átökum á vinnumarkaði. Ákvörðun um fiskverð rennur
út um áramót. Verðbólga mundi vafalaust magnast með-
an kosningabaráttu stæði yfir því að á því tímabili yrði
erfitt að beita nokkrum úrræðum til að hemja hana. Hitt
skulu menn hins vegar ekki ætla, að ríkisstj. geti á því
tímabili, sem fram undan er, setið um tveggja eða þriggja
mánaða skeið aðgerðalaus.

Þingrof strax eftir þingsetningu hefur aldrei átt sér stað
hér á landi. Það er að vísu ekki ólöglegt, en því geta fylgt
ýmis vandkvæði. T. d. mundu óafgreidd brbl. væntanlega
falla úr gildi ef þingrofsboðskapur hefur verið birtur og
þingmenn sviptir umboði.

Eftir að þingrofi hefur verið hafnað liggur ljóst fyrir að
Alþfl. hefur slitið stjórnarsamstarfinu, þar sem ráðh.
hans hafa óskað eftir því að vera leystir frá störfum.
Ríkisstj. nýtur því ekki lengur stuðnings meiri hl. á Al-
þingi. Við þessar aðstæður og með skírskotun til þess,
sem áður er sagt, hef ég talið rétt að biðjast nú þegar
lausnar fyrir mig og ráðuneyti mitt. Mun ég leggja
lausnarbeiðni mína fyrir ríkisráðsfund sem haldinn

verður í fyrramálið, og hef ég skýrt bæði forseta Íslands og ríkisstj. frá þessari ákvörðun minni. Ég hef með því viljað án tafar skapa svigrúm til myndunar þingræðislegar stjórnar er hefði meiri hl. á bak við sig. Það er að mínum dómi mikil nauðsyn á því að slík stjórn sé mynduð sem allra fyrst, því að málefni þau, sem úrlausnar biða, eru mörg og vandleyst. Vilji sú ríkisstj. efna til þingrofs og nýrra kosninga er eðlilegt að hún beri ábyrgð á þeirri stjórnarathöfn og á stjórn landsins á meðan kosningabaráttu stendur yfir og kosningar fara fram. Það vona ég að allir hv. alþm. skilji. Það vona ég að allir landsmenn skilji.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ef tilkynning hæstv. forsrh. hefði aðeins lotið að niðurlagsorðum hans og yfirlýsingu um afsögn ríkisstj., þá gæti ræða mín verið stutt. Ég tel eðlilegt að hæstv. forsrh. hefur tekið þá ákvörðun að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt í heild. Þessi ríkisstj. hefur misst meiri hl. sinn á Alþingi Íslandinga og samkvæmt þingræðisreglum ber henni að segja af sér. Um það er enginn ágreiningur og um það hefði ég ætlað á þessu stigi að ræður okkar gætu fjallað, en við síðan tekið upp þann ágreining sem upp hefur komið og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. og ég þar af leiðandi get ekki látið ósvarað.

Sjálfstfl. er þeirrar skoðunar, að þegar svo er komið að ríkisstj. hefur misst meiri hl. sinn með þeim aðdraganda, sem hér hefur orðið, og við það ástand, sem nú hefur skapast í íslensku efnahagslífi og þjóðlífi, m. a. vegna aðgerða þessarar sömu stjórnar, þá sé ekki um annað að ræða og annað sé raunar ábyrgðarleysi en að þing verði rofið og til kosninga eftir, kjósendum gefinn kostur á að kveða upp sinn dóm og mynda nýjan ábyrgan meiri hl. á Alþingi Íslandinga. Það er óhjákvæmilegt að gefnu tilfni að fara nokkrum orðum um þau rök hæstv. forsrh., sem ég tel ekki vera rök, að ábyrgðarleysi sé að efna til kosninga nú þegar fyrir miðjan desembermánuð. Vissulega getum við ekki spáð neinu um veður á þeim tíma. En samgöngum er nú með öðrum hætti háttáð en áður og heimilt er að hafa kjördaga fleiri en einn. Rýmka má heimildir ef þörf þætti að fresta kosningum í þeim kjördæmum, þar sem kjörsókn yrði torvelduð af völdum veðurfars eða samgönguferðleika, og fresta þar með talningu almennt í þeim kosningum, sem þá færu fram, til þess að gefa öllum landsmönnum kost á að láta vilja sinn í ljós við kjörborðið. Þetta er því ekki réttmæt mótbára gegn því að kosningar fari fram.

Þá nefndi hæstv. forsrh. að fjárlög væru ekki afgreidd, að kjarasamningar væru lausir og ýmis viðfangsefni og vandamál óleyst. Allt er þetta rétt. En allt eru þetta rök fyrir því að efna til kosninga sem allra fyrst. Ekkert af þessu eru rök fyrir því að fresta kosningum.

Fjárlög hafa áður — og mörg eru þess dæmi í þingsöggunni — ekki verið afgreidd fyrir en í byrjun þess árs sem þau eiga að gilda fyrir, og ég tel betra að svo verði nú, þegar sérstaklega stendur á, heldur en að standa með algerrri óvissu um þingmeirihluta að umræðum og gerð fjárlaga án kosninga. Það eru meiri líkur til þess, að fjárlög að afstöðnum kosningum og með þingmeirihluta geti orðið vopn í baráttunni gegn verðbólgunni, en eins og nú stendur um samstöðu á Alþingi Íslandinga.

Varðandi lánsfjáráætlun má á það benda, að lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár var ekki afgreidd fyrir en í maimánuði s. l.

Ef rétt er um lausa kjarasamninga, þá hygg ég að starfandi ríkisstj., sem hefur ekki þingmeirihluta á bak við sig, sé ekki þess megnug, valdi ekki því verkefni að vera í umboði almannavaldsins gagnvart aðilum vinnu- markaðarins þannig að vel fari á og gæfulega takist til um lausn kjaramála.

Segja má að æskilegt væri að þingmeirihluti skapaðist á Alþingi Íslandinga. En samkv. forsögu málsins og eins og málum þjóðarinnar er nú komið er það skoðun Sjálfstfl., að það væri ábyrgðarleysi að standa að slíkum þingmeirihluta, er myndaði nýja stjórn, án þess að kjósendur fengju áður tækifæri til að kveða upp sinn dóm og mynda ábyrgan meiri hl. á Alþingi Íslandinga. Og því mun Sjálfstfl. ekki standa að því, heldur er það markmið flokksins og þm. hans að þingrof fari fram og nýjar kosningar svo fljótt sem verða má og í samræmi við þá till. til þál., sem við höfum lagt fram, fyrir miðjan des. n. k.

Mér þykir miður að við þurfum hér e. t. v. meira en skyldi að deila um formsatriði. Það er réttari mynd og ábyrgari afstaða að deila um efnisatriði þar sem okkur greinir á um úrlausn mála. Ég hefði haldið að eftir að þm. hafa gert grein fyrir skoðunum sínum á því, hvort unnt væri að halda kosningar fyrir miðjan des. eða ekki fyrir en næsta vor, gætum við sætt okkur við það að meiri hl. þingsins réði að þessu leyti, en síðan tækjum við auðvitað upp málflutning til sóknar og varnar þeim skoðunum sem við fylgjum við úrlausn mála. Þetta er hin ábyrga afstaða sem ég hygg að þjóðin ætlist til af okkur, og með þeim orðum læt ég máli mínu lokið.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Alþfl. gekk til þess stjórnarsamstarfs, sem nú er að ljúka, fyrir liðlega 13 mánuðum með miklar vonir um að stjórninni mundi takast að vinna á hinum alvarlegu efnahagsvandræðum, sem þjakað hafa þjóðina, og koma fjölda- mörgum góðum málum til leiðar. Um þetta má lesa í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj., hver áformin voru og hverjar vonirnar. Því miður höfum við orðið fyrir miklum vonbrigðum. Stjórnarsamstarfið hefur verið skrykkjótt alla tíð. Það hefur komið í ljós að í raun og veru er innan ríkisstj. um að ræða grundvallarágreining varðandi viðhorf til þeirra mála sem leysa þarf, og hefur það valdið því að stjórnarsamstarfið hefur gengið svo skrykkjótt sem öllum er kunnugt um. Þess vil ég þó geta, að ég tel að ríkisstj. hafi komið mörgum góðum og merku- málum til leiðar. Er sanngjarnt að minnast þess einnig þegar þau mál, sem valda ágreiningi, eru efst á baugi.

Alþfl. hefur nú stigið það skref að slíta þessu stjórnarsamstarfi og óska eftir nýjum kosningum. Þetta hefur komið mörgum á óvart og þykir óvenjulegt. Er við öðru að búast af ungum og þróttmiklum hópi þm., sem gekk til þessa samstarfs með svo miklar vonir, en að þeir hirtu ekki um hinar hefðbundnu leiðir? Ekki verður annað sagt en að flokkurinn hafi ekki hikað við að fórna stjórnarþátttökunni þegar hann taldi að málefnum miðaði ekki áfram í rétta átt. Við höfum sem sé stigið þetta skref af því að vonir, sem við bundum við að ríkisstj. næði samstöðu um aðgerðir gegn verðbólgunni, mestu meinsemd íslensks þjóðlífs, hafa brugðist, vegna þess að við teljum að samstarfsflokkarnir hafi ekki fengið til að samþykkja ítarlegar og ítrekaðar tillögur Alþfl. um aðgerðir gegn dýrtíðinni, vegna þess að ekki er sam-

staða um meðferð efnahagsmála, um fjárlög, um lánsfjáráætlun, þjóðhagsáætlun eða neitt af þeim veigamiklu atriðum sem snerta stjórnarsýslu þjóðarinnar meira en nokkuð annað á þessari stundu þegar Alþingi kemur saman. Við eðlilegar aðstæður á ríkisstj., þegar þing kemur saman, að vera búin að leysa allan innri ágreining og leggja fram ákveðna stefnu í þessum málum öllum. Við höfum stigið þetta skref vegna þess að okkur þykir lítil árangur hafa náðst í baráttu gegn spillingu og misrétti sem við lögðum mikla áherslu á í síðustu kosningabaráttu. Við viljum enn að tekin verði upp gerbreytt efnahagsstefna, en vegna þess að starf í ríkisstj. síðustu tvo mánuði hefur leitt í ljós þann ágreining sem ég tiltók, um fjárlög, lánsfjáráætlun, þjóðhagsáætlun, meðferð efnahagsmála og annað sem því viðkemur, þá óttumst við að að öllu óbreyttu mundi verða siglt út í svipað stjórnarfar og var í allan fyrravetur, sem sagt stöðugar, gagnslausar skammtímalausnir á vandamálunum, án þess að tekið sé á þeim til frambúðar.

Eins og ég sagði, hafa staðið yfir í ríkisstj. umr. um þessi mál nú a. m. k. tvo mánuði, en þar að auki er á ársreynslu að byggja. Við höfum dregið ályktanir af þessu og valið þennan tíma, þótt óvenjulegur þygi, af því að enn er mögulegt að kjósa á þessu ári. Við treystum því, að samgöngur séu það góðar í landinu að kosningar geti farið fram með fullkomlega lýðræðislegum og eðlilegum hætti.

Alþfl. skorast ekki undan ábyrgð. Hann er reiðubúinn að bera ábyrgð í hvaða formi sem tækifæri gefst til, ef það stuðlar að framgangi þeirra mála sem hann leggur mesta áherslu á.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hlýt fyrst að vekja athygli á því, að það er með öllu óvenjulegt og óeðlilegt að umr. um pólitískan ágreining fari fram á Alþingi áður en þingsetningarfundur er lokið og Alþingi hefur kosið forseta. Það hefur hins vegar gerst áður og getur gerst að kosningu forseta sé frestað um einn dag. Af þessum ástæðum tel ég að umr. um pólitískan ágreining, sem allir landsmenn vita að er til og það í ríkum mæli, um það, sem hefur verið að gerast og er að gerast, við þær aðstæður, sem eru hér á Alþingi nú, séu öldungis óeðlilegar. Ég tel að yfirlýsing hæstv. forsrh. um það, að hann muni biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt, hafi verið eðlileg yfirlýsing og sjálfsögð, enda í rökréttu framhaldi af því sem gerist við slíkar aðstæður þegar ríkisstj. hefur tapað meirihlutavaldi. Það var líka fullkomlega eðlilegt við þessar aðstæður, að hann skýrði frá því, vegna hvers hann teldi ekki vera möguleika á því að verða við kröfu um þingrof. En umr., sem hér hafa orðið að öðru leyti um þann ágreining sem uppi er um málsmeðferð, þ. e. a. s. um það, hvort núv. stjórn hefði átt að rjúfa þing og efna til kosninga, — umr. um það atriði eru hér óeðlilegar. Ég geri ráð fyrir að umr. um þann ágreining fari fram næstu daga á Alþingi og eflaust utan Alþingis einnig.

Ég vil aðeins segja það í tilefni af því sem hér hefur verið sagt, að hér er farið samkv. réttum leikreglum, og sé meirihlutavilji á Alþingi fyrir því að þing verði rofið og efnt verði til kosninga, þá er ekkert handhægara fyrir slíkan meiri hl. sem að því stendur en að framkvæma það. Hitt er svo aftur annað mál, að það er öldungis óvenjulegt, þegar meiri hl. á Alþingi vill fá eitthvað fram, að hann heimti að minni hl. vinni verkið.

Ég skal ekki að öðru leyti lengja þessar umr. sem ég tel

að eigi ekki að fara fram við þessar aðstæður, því að venja um það hefur verið nokkuð rík á Alþingi að hafa hér ekki almennar umr. áður en forseti hefur verið kjörinn, því að ella gætum við búið við það að halda uppi umr. jafnvel í nokkra daga án þess að forseti hafi verið kosinn og Alþingi væri fullkomlega sett á þann hátt sem lög og reglur standa til um.

Aldursforseti (Oddur Ólafsson): Fulltrúar þingflokka hafa nú fengið að tjá sig um yfirlýsingu forsrh. Ég vonast til þess, að við þær óeðlilegu aðstæður, sem nú ríkja, sætti hv. alþm. sig við að ekki verði einar frekari almennar umræður hér um yfirlýsinguna. Hins vegar ef einhver vill gera órstutta aths. er orðið laust.

Umr. er lokið um yfirlýsingu forsrh. Kosningu embættismanna þingsins verður frestað til kl. 2 á morgun.

Fundi frestað.

Frestun á kjöri forseta.

Föstudaginn 12. okt., kl. 2 miðdegis, var fundi enn fram haldið.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Ég vil leyfa mér að mótmæla harðlega því sem ég frétti nú fyrst, að til standi að fresta kjöri forseta og boða fund á morgun. Við framsóknarmenn höfum gert ráð fyrir fundum víða um land og við getum alls ekki breytt þeirri ákvörðun, enda lít ég svo á að sá meiri hl., sem skapast hefur á Alþingi, a. m. k. um þingrof og kosningar, hafi haft nægan tíma til að ákveða kjör forseta. Ég vil geta þess, að hvorki hefur verið haft samband við mig né formann þingflokksins um þessa ósk. Þetta er okkur tjáð nú fyrst. Ég mótmæli þessu harðlega.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Meðal þeirra, sem óskað hafa þessarar frestunar, er ég, svo það er rétt að gera nokkra grein fyrir því. Það er nú þannig að hæstv. ríkisstj. hefur beðist lausnar og það þarf að sjá landinu fyrir nýrri ríkisstj. í sambandi við nýja stjórnarmyndun er ákaflega eðlilegt að val þingforseta komi inn í það dæmi. Ég held að það sé ekkert óvenjulegt, heldur venjulegt að slíkt þurfi að ræðast í samhengi. Ég vænti þess, að hæstv. dómsmrh. hljóti að viðurkenna að það sé eðlilegt að einhvern tíma þurfi til þess að ná samkomulagi um nýja ríkisstjórn og þá þar með einnig þingforseta, og þar sem nú eru ekki nema rúmar 3 klst. síðan hæstv. ríkisstj. var veitt lausn, þá er ekki hægt að ætlast til þess með sanngirni að þegar sé búið að mynda nýja ríkisstj. og gera allar ráðstafanir í sambandi við það. Ég held eftir minni reynslu að það hafi alltaf tekið lengri tíma en þrjár klst. að mynda nýja ríkisstj. Ég sé ekki rök fyrir því að mótmæla þessari frestun, hún er ákaflega eðlileg.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég sé ekki beint samband á milli kosningar á þingforsetum og myndunar nýrrar ríkisstj.

Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, sem er háttvirtur enn þá — verður kannske hæstv. ríkisstj. badst lausnar í morgun. Forseti beindi þeim tilmælum til hennar að hún gegndi störfum þar til ný ríkisstj. væri mynduð. Allir ráðherrar urðu við þeim tilmælum með mikilli ánægju.

Þess eru geysimörg dæmi, að starfsstjórn hefur setið að völdum svo mánuðum skiptir. Það gæti farið svo um þessa. Það getur ekki verið ætluð hv. þm. að fresta að koma fastri skipan á Alþingi allan þann tíma sem þessi starfsstjórn kynni að sitja með göðum vilja allra aðila, en það má segja að hún hafi þegar fengið nokkra traustsýfirlýsingu sem lýsi sér í fram kominni þáttill.

Ég vil segja það með fullum alvörupunga, að ég tel það þinginu til vansæmdar að ganga ekki frá kosningu forseta og koma ekki skipulagi á þingið, þannig að þingstörf geti byrjað sem allir hljóta þó að vera sammála um, geri ég ráð fyrir, að þurfi að ljúka þó að til þingrofs komi. Eða er það ætluð manna að láta bráðabirgðalög t. d., sem þegar hafa verið lögð fram, falla úr gildi? Ég held að það væri skárrí kostur, ef menn væru ekki enn þá við því búnir að kjósa þingforseta, að athuga hvort það væri ekki möguleiki að halda síðdegisfund í dag eftir að mönnum hefur gefist frekari umhugsunarfrestur.

Ég endurtek það, að það er alger undantekning að alþingisfundir séu haldnir á laugardögum. Slíkt á sér yfirleitt ekki stað og hefur ekki átt sér stað nema þegar þingi er að ljúka. Eftir hinu man ég ekki, að það hafi dregist að kjósa forseta og þingið þurft að sitja aðgerðarlaus undir stjórn aldursforseta, þótt ágætur sé, nema það hefur kannske gerst fyrir nokkrum áratugum þegar deilt var um kjörbréfi, en út í þá sögu fer ég ekki. Ég veit að hv. síðasti ráðumaður er fróður í þessum efnunum og mér þætti gott ef hann gæti bent á dæmi slíks.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er margt óvenjulegt um það ástand sem nú ríkir í stjórnárum landsins, eins og kunnugt er, og ekki alltaf hægt að vitna í fordæmi. T. d. held ég að líf og dauði þessarar ríkisstj. sé með svo óvenjulegum hætti að það sé ekki hægt að finna nein fordæmi fyrir einu eða öðru.

Ástandið nú er, eins og kunnugt er, þannig að í dag fékk ríkisstj. lausn, og ég verð að segja að þó að það sé sjaldan í byrjun þings að þurfi að halda fundi á laugardögum, þá hafi virðulegur Framsfl. átt að gera sér grein fyrir því, að ástandið væri þannig nú að það þyrfti að vinna í rauninni jafnt virka daga sem helga. Mér finnst þess vegna heldur óvarlegt af þeim flokki nú í byrjun þings að boða til stjórnárumfunda um allt land þegar í rauninni mátti gera ráð fyrir að halda þyrfti þingfund.

Ég ætla að okkur, sem höfum óskað eftir þessari frestun, sé ekkert að vanbúnaði að ganga til kosninga um þingforseta á morgun. En þá virðist stranda á Framsfl. sem hefur öðru að sinna.

Ég held að ekki sé hægt með réttu að ásaka okkur um að tefja þingstörf þó að kosning forseta frestist um einn dag. Ég endurtek, að það er eðlilegt og alls ekki óvenjulegt — þvert á móti — að í sambandi við umræður og samninga um nýja ríkisstj. komi að sjálfsögðu einnig samtöl og samningar um val á þingforsetum. Ný ríkisstj. þarf í rauninni og ég ætla að það sé oftast þannig að hún vilji hafa nokkur áhrif á það, hvernig forustu þingsins eða vali þingforseta er háttað.

Fundi frestað.

Mánudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis, var fundi enn fram haldið.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti (Oddur Ólafsson): Þá verður fundi fram haldið í sameinuðu Alþingi. Svofelld dagskrá liggur fyrir fundinum: 1. Kosning forseta. 2. Kosning 1. varaforseta. 3. Kosning 2. varaforseta. 4. Kosning skrifara.

Fer nú fram kosning forseta sameinads Alþingis, en um kjör forseta segir svo í 3. gr. þingskapa:

„Rétt kjörinn forseti er sá, er hefur meira en helming greiddra atkv., þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð við fyrstu kosningu, skal kosið af nýju óbundnum kosningum. Fá þá heldur enginn nógu mörg atkv., skal kjósa um þá tvo þm., er flest fengu atkv. við síðari óbundnu kosninguna; en hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkv., ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkv. við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti hvor þeirra verði forseti.“

Aldursforseti lét nú fara fram kosningu forseta sameinads Alþingis. Kosningu hlaut

Oddur Ólafsson, 4. þm. Reykn., með 34 atkv. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., hlaut 25 atkv.

Forseti (Oddur Ólafsson): Ég þakka hv. alþm. fyrir það traust, sem þeir hafa sýnt mér, og vona að ég verði þess verðugur.

Forseti lét nú fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Karl Steinar Guðnason, 5. þm. Reykn., með 32 atkv. 27 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., með 31 atkv. 27 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kjörnir skrifarar sameinads þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var FrS, en á B-lista PP. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Friðrik Sophusson, 5. landsk. þm., og

Páll Pétursson, 4. þm. Norðurl. v.

Efri deild, 1. fundur.

Mánudaginn 15. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Oddur Ólafsson, 4. þm. Reykn., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Alexander Stefánsson, 5. þm. Vesturl.
2. Björn Jónsson, 1. landsk. þm.
3. Bragi Níelsson, 8. landsk. þm.
4. Bragi Sigurjónsson, 3. þm. Norðurl. e.
5. Eyjólfur K. Jónsson, 5. þm. Norðurl. v.
6. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
7. Guðmundur Karlsson, 5. þm. Suðurl.
8. Helgi F. Seljan, 3. þm. Austurl.
9. Jón Helgason, 6. þm. Suðurl.

10. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e.
11. Karl Steinar Guðnason, 5. þm. Reykn.
12. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn.
13. Oddur Ólafsson, 4. þm. Reykn.
14. Ólafur Ragnar Grímsson, 3. landsk. þm.
15. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
16. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
17. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv.
18. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
19. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. Austurl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 5. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Þorv. Garðar Kristjánsson**, 5. þm. Vestf., með 14 atkv. 5 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Bragi Níelsson, 8. landsk. þm., með 11 atkv. 9 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Eyjólfur K. Jónsson, 5. þm. Norðurl. v., með 11 atkv. 7 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, sem á voru GK og KSG. — Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Guðmundur Karlsson, 5. þm. Suðurl., og

Karl Steinar Guðnason, 5. þm. Reykn.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

7. sæti hlaut Ólafur Ragnar Grímsson.
8. — — Jón G. Sólnes.
9. — — Jón Helgason.
10. — — Geir Gunnarsson.
11. — — Bragi Sigurjónsson.
12. — — Vilhjálmur Hjálmarsson.
13. — — Stefán Jónsson.
14. — — Björn Jónsson.
15. — — Alexander Stefánsson.
16. — — Ragnhildur Helgadóttir.
17. — — Bragi Níelsson.
18. — — Oddur Ólafsson.
19. — — Helgi F. Seljan.
20. — — Eyjólfur K. Jónsson.

Neðri deild, 1. fundur.

Mánudaginn 15. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Eðvarð Sigurðsson, 6. þm. Reykv., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv.
2. Árni Gunnarsson, 11. landsk. þm.
3. Benedikt Gröndal, 3. þm. Reykv.
4. Eðvarð Sigurðsson, 6. þm. Reykv.
5. Eggert Haukdal, 1. þm. Suðurl.
6. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl.
7. Einar Ágústsson, 9. þm. Reykv.
8. Ellert B. Schram, 8. þm. Reykv.
9. Finnur Torfi Stefánsson, 2. landsk. þm.
10. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
11. Friðrik Sophusson, 5. landsk. þm.
12. Garðar Sigurðsson, 3. þm. Suðurl.
13. Geir Hallgrímsson, 4. þm. Reykv.
14. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.
15. Gunnar Thoroddsen, 11. þm. Reykv.
16. Gunnlaugur Stefánsson, 4. landsk. þm.
17. Halldór E. Sigurðsson, 1. þm. Vesturl.
18. Hjörleifur Guttormsson, 6. landsk. þm.
19. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
20. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.
21. Jónas Arnason, 4. þm. Vesturl.
22. Jósef H. Þorgeirsson, 7. landsk. þm.
23. Kjartan Ólafsson, 3. þm. Vestf.
24. Lárus Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
25. Lüðvík Jósepsson, 1. þm. Austurl.
26. Magnús H. Magnússon, 4. þm. Suðurl.
27. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
28. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
29. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm.
30. Páll Pétursson, 4. þm. Norðurl. v.
31. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
32. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
33. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e.
34. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
35. Svava Jakobsdóttir, 10. þm. Reykv.
36. Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv.
37. Sverrir Hermannsson, 5. þm. Austurl.
38. Tómas Arnason, 4. þm. Austurl.
39. Vilmundur Gylfason, 7. þm. Reykv.
40. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Árni Gunnarsson**, 11. landsk. þm., með 22 atkv. Ingvar Gíslason hlaut 14 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut **Sverrir Hermannsson**, 5. þm. Austurl., með 22 atkv. 15 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv., með 20 atkv. Vilmundur Gylfason hlaut 1 atkv., en 16 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var EG, á B-lista JP. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., og

Jósef H. Þorgeirsson, 7. landsk. þm.

Sætaskipun.

Pegar forseti lagði til að sätaskipun yrði óbreytt frá síðasta þingi mælti

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er ekki nýtt fyrirbrigði að þessi hugmynd hafi skotið upp kalli. En hér á hinu háa Alþingi eru ekki of margir síðir eða góðar venjur þannig að ástæða sé til þess að fella eitthvað af þeim niður. Ég mótmæli þessu og krefst þess, að það verði farið að þingsköpum. Ef hæstv. forseta skyldi ekki endast þrek til þess að framkvæma þetta litla verk, þá eru staðgenglar til reiðu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að vegna þess að ég hafði heyrt sömu hugmynd og orðuð hefur verið við hæstv. forseta, þá leitaði ég mér upplýsinga hjá skrifstofustjóra Alþingis um hvort þetta væri heimilt. Hann kvað svo vissulega vera, ef þd. samþykkti till. um að sätaskipunin skuli vera sú sama og var í þessari deild á síðasta Alþingi, að vísu með tilliti til þeirra breytinga á sätaskipun manna sem ég held að verði vart umflúin. Ég vil því taka það fram, að það er skoðun skrifstofustjóra að þetta sé fyllilega heimilt, ef þd. samþykkir það, og fyrir þessu eru for-dæmi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég fyrir mitt leyti var reiðubúinn til að standa að þeirri hugmynd, sem forseti bar hér fram, með þeim skilyrðum að það yrði engin breyting á sætaröðun þm.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég sé að nýkjörinn forseti vor er í miklum vanda og það virðist leika einhver vafi á því að hann megi framkvæma þessa athöfn. Það er því aðeins vinsamleg ábending mín, af því að ég veit að það eru margir uppteknir nú um þessar mundir, að forseti gæti nú komist úr mestum hluta þessa vanda með því að fresta málinu til morguns.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Hér er greinilega um gat á stjórnarsáttmálanum að tefla, og ég fyrir mitt leyti mun ekki leysa þennan vanda fyrir hina væntanlegu stjórn, heldur láta þá menn um það sem nú eru helstir hér í sölum Alþingis.

Forseti (Árni Gunnarsson): Ef ekki óska fleiri eftir að ræða þetta mál mun nýkjörinn forseti kveða upp þann Salómonsdom, sem að vísu 1. hv. þm. Austurl. hefur stungið upp á, að þessu máli verði frestað til morguns.

Sætahlutun frestað.

Sameinað þing, 2. fundur.

Mánudaginn 15. okt., að loknum deildafundum.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og orðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Pálmi Jónsson (A),
Geir Gunnarsson (C),
Eiður Guðnason (B),
Þórarinn Sigurjónsson (D),
Lárus Jónsson (A),
Helgi F. Seljan (C),
Finnur Torfi Stefánsson (B),
Ellert B. Schram (A),
Alexander Stefánsson (D).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:

Ragnhildur Helgadóttir (A),
Árni Gunnarsson (B),
Gils Guðmundsson (C),
Einar Ágústsson (D),
Friðjón Þórðarson (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Jónas Árnason (C).

Varamenn:

Geir Hallgrímsson (A),
Finnur Torfi Stefánsson (C),
Svava Jakobsdóttir (C),
Ingvar Gíslason (D),
Eyjólfur K. Jónsson, (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Kjartan Ólafsson (C).

Atvinnumálanefnd.

Jón G. Sólves (A),
Björn Jónsson (B),
Kjartan Ólafsson (C),
Þórarinn Sigurjónsson (D),
Friðrik Sophusson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Stefán Valgeirsson (D).

Allsherjarnefnd.

Lárus Jónsson (A),
Jónas Árnason (C),
Gunnlaugur Stefánsson (B),
Páll Pétursson (D),
Ellert B. Schram (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (C),
Bragi Níelsson (B).

Kosning þingfararkausnefndar.

Fram komu fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Sverrir Hermannsson (A),
Garðar Sigurðsson (C),
Árni Gunnarsson (B),
Ingvar Gíslason (D),
Friðjón Þórðarson (A),
Stefán Jónsson (C),
Eiður Guðnason (B).

Efri deild, 2. fundur.

Þriðjudaginn 16. okt., kl. 1.30 miðdegis.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.

Jón G. Sólnes (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (C),
Karl Steinar Guðnason (B),
Jón Helgason (D),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Geir Gunnarsson (C),
Björn Jónsson (B).

2. Samgöngunefnd.

Jón G. Sólnes (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Stefán Jónsson (C),
Jón Helgason (D),
Guðmundur Karlsson (A),
Bragi Nielsson (B),
Helgi F. Seljan (C).

3. Landbúnaðarnefnd.

Eyjólfur K. Jónsson (A),
Helgi F. Seljan (C),
Bragi Nielsson (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (D),
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Stefán Jónsson (C),
Karl Steinar Guðnason (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Oddur Ólafsson (A),
Björn Jónsson (B),
Stefán Jónsson (C),

Alexander Stefánsson (D),
Guðmundur Karlsson (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Geir Gunnarsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.

Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Stefán Jónsson (C),
Björn Jónsson (B),
Jón Helgason (D),
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (C),
Bragi Nielsson (B).

6. Félagsmálanefnd.

Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Björn Jónsson (B),
Stefán Jónsson (C),
Alexander Stefánsson (D),
Guðmundur Karlsson (A),
Bragi Nielsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (C).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.

Oddur Ólafsson (A),
Helgi F. Seljan (C),
Bragi Nielsson (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (D),
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Geir Gunnarsson (C),
Björn Jónsson (B).

8. Menntamálanefnd.

Ragnhildur Helgadóttir (A),
Bragi Nielsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (C),
Vilhjálmur Hjálmarsson (D),
Oddur Ólafsson (A),
Karl Steinar Guðnason (B),
Helgi F. Seljan (B).

9. Allsherjarnefnd.

Jón G. Sólnes (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (C),
Bragi Nielsson (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (D),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Jón Helgason (D),
Karl Steinar Guðnason (B).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. þdm. Það læðist að mér sá grunur að þetta kunnist vera síðasti þingfundur hv. Ed. á þessu þingi. Ég vil því nota tækifærið til þess að þakka ykkur hv. þdm. fyrir samveruna á þessu þingi, þótt stutt hafi verið.

Ef svo fer fram sem horfir erum við ekki einungis að ljúka þessu þingi, heldur yrði þetta lokaping þess kjörtímabils og kosningabarátta fram undan. Ég óska öllum hv. þdm. sæmdar í þeim leik, en auðna mun ráða hverjir okkar eiga hingað afturkvæmt.

Og þegar leiðir skilja óska ég öllum utanbæjarþm.

góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og öllum hv. þdm. heilla og hamingju hvar sem leiðir liggja. **(StJ):** Ég vildi gjarnan fá að ávarpa forseta frá sæti mínu. Ég hygg að við getum orðið sammála um það, að vandfundin eru dæmi þess að fundum í Ed. Alþingis hafi verið stjórnað betur á jafnskómmum tíma.) Ég þakka hin vinsamlegu orð hv. 4. þm. Norðurl. e.

Er þá verkefni þessa fundar lokið. Fundi er slitið.

Neðri deild, 2. fundur.

Þriðjudaginn 16. okt., kl. 1. 30 miðdegis.

Umræður um þingsköp.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þótt ég mótmælti því hér í gær, að leitað yrði afbrigða frá þingsköpum, og vildi ekki sætta mig við þá aðferð, þá er hæstv. forseta þó leyfilegt að leita slíkra afbrigða. En hann getur ekki farið fram hjá þingsköpum sjálfum án þess að fá leyfi hv. deildar til, og í 7. gr. þingskapa er alveg skýrt kveðið á um hvað skuli taka við eftir að þd. setjast niður. Ef hann vill hafa þann hátt á að hliðra sér hjá, að hlutað verði um sæti, sem ég mótmæli eindregið, þá er óhjákvæmilegt að hann biðji um þessi afbrigði og getur þá farið eftir þeim ef þau verða veitt. En auðvitað er þetta engin hemja. Ég tók eftir því og heyrði á það, að hér reyndist hæstv. fyrrv. dómsmrh. strax vera á hrakhólum með sæti og gerði tilraun til að setjast í sitt gamla sæti, en var hrakinn þaðan brott. Fyrir því ber nauðsyn til að hann fái fast sæti og virðulegt og fái að draga um það sjálfur hér í upphafi þingsfundar.

Nú kunna menn að segja sem svo, að það vinnist ekki tími til að kjósa í fastanefndir þingsins eða deildarinnar vegna þess að menn fari að þingsköpum. Það verður ekki fram hjá því samt að fara að þeim. En þá vil ég benda hæstv. forseta á það, að hann getur sem best frestað fundi ef útvarpsumr. verða hafnar áður en til þess dregur og kosningu þeirra nefnda sem út af standa þá. Þær fá þá einhverja færri klukkutíma til umræða til starfa, það munar ekki meiru. En ég held fast við þetta og við skulum hefja þegar í stað dráttinn hér úr kassa vorum og hluta um sæti.

Forseti (Árni Gunnarsson). Ég vil hugga hv. 5. þm. Austurl. með því, að hlutað verður um sæti að kosningu nefnda lokinni. Vil ég nú hefja kosningu í fastanefndir þessarar deildar án frekari tafa og lýsi eftir listum.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.

Matthías Á Mathiesen (D),
Lúðvík Jósepsson (A),
Finnur Torfi Stefánsson (B),

Alþt. 1979. B. (101. löggjafarþing).

Halldór E. Sigurðsson (C),
Ólafur G. Einarsson (D),
Kjartan Ólafsson (A),
Eiður Guðnason (B).

2. Samgöngunefnd.

Friðjón Þórðarson (D),
Árni Gunnarsson (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Halldór E. Sigurðsson (C),
Sverrir Hermannsson (D),
Finnur Torfi Stefánsson (B),
Kjartan Ólafsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.

Pálmi Jónsson (D),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Finnur Torfi Stefánsson (B),
Stefán Valgeirsson (C),
Eggert Haukdal (D),
Lúðvík Jósepsson (A),
Eiður Guðnason (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Matthías Bjarnason (D),
Eiður Guðnason (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Páll Pétursson (C),
Sverrir Hermannsson (D),
Gunnlaugur Stefánsson (B),
Lúðvík Jósepsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.

Gunnar Thoroddsen (D),
Kjartan Ólafsson (A),
Árni Gunnarsson (B),
Ingvar Gíslason (C),
Jósef H. Þorgeirsson (D),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Gunnlaugur Stefánsson (B).

6. Félagsmálanefnd.

Gunnar Thoroddsen (D),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Stefán Valgeirsson (C),
Eggert Haukdal (D),
Gunnlaugur Stefánsson (B),
Páll Pétursson (C).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.

Matthías Bjarnason (D),
Jónas Árnason (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Einar Ágústsson (C),
Jósef H. Þorgeirsson (D),
Garðar Sigurðsson (A),
Árni Gunnarsson (B).

8. Menntamálanefnd.

Ellert B. Schram (D),
Eiður Guðnason (B),
Svava Jakobsdóttir (A),
Ingvar Gíslason (C).

Ólafur G. Einarsson (D),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Jónas Árnason (A).

9. Allsherjarnefnd.

Matthías Á. Mathiesen (D),
Svava Jakobsdóttir (A),
Árni Gunnarsson (B),
Einar Ágústsson (C),
Friðrik Sophusson (D),
Gils Guðmundsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B).

Sætaskipun.

Forseti (Árni Gunnarsson): Þá er nefndakjóri lokið og verður tekið til við að hluta um sæti. Á fundi deildarinnar í gær var gerð við það aths. og raunar við þingsköpin sjálf þegar hugmynd kom fram um að leita afbrigða frá þingsköpum og óska eftir frestun á því að hluta um sæti. Ég hef á milli funda rætt þetta mál við ýmsa þm. og fer ekki leynt með það, að langflestir, sem ég hef rætt við, kjósa að sätaskipan verði óbreytt þann stutta tíma sem við eigum eftir að sitja í þessum sal. Það liggja mjög gild rök að því að leita afbrigða þar eð hér er eingöngu um frestun að ræða sem bæði er til hagræðis fyrir þm. sjálfa og starfsfólk þingsins ekki síst. Það er ótvíræð heimild í þingsköpum til að leita afbrigða í tilvikum sem þessu og fordæmi eru allnokkur. Ég vil því á þessari stundu fara þess á leit við hv. Nd., að hún veiti afbrigði til þess að fresta því að hér verði hlutað um sæti.

Sverrir Hermannsson: Forseti. Þetta er í fyrsta skipti að vísu í ekki mjög langri þingsögu, í ein 8 ár, sem ég minnst þess að forseti hafi ekki staðið við gefnar yfirlýsingar úr forsetastól, ef þessa aðferð á að viðhafa sem hann nú lýsir, því að hann tók fram að lokinni aths. minni hér fyrr að að loknu kjóri í n. færi fram hlutun um sæti í hv. deild.

Forseti (Árni Gunnarsson): Ekki mun ég deila við hv. síðasta ræðumann.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil að það komi fram í framhaldi af því sem ég sagði í gær, að ég tel ósk hæstv. forseta ekki óeðlilega og styð tillögu hans um óbreytta sätaskipan. Allt annað eru hártoganir eins og málin standa nú fyrir þinginu.

ATKVGR.

Afbrigða um frestun sätahlutunar í Nd. synjað með 16:9 atkv.

Forseti (Árni Gunnarsson): Mér tjáir skrifstofustjóri Alþingis, sem auðvitað er reyndari maður en ég í þessum málum, að þessi atkvæðafjöldi nægi ekki. Ég mun ekki endurtaka atkvgr., heldur mun ég nú láta fara fram hlutun á sätum. Ég vil mælast til þess við þm., að þeir heimili að ritara dragi þannig að það þurfi ekki hver og einn þm. að koma hér upp og draga, sem mundi draga mjög á langinn störf þessa fundar.

Beiðni forseta um að ritara dragju fyrir deildarmenn var synjað, en sätahlutunin fór á þessa leið:

8. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
9. — — Halldór E. Sigurðsson.
10. — — Pálmi Jónsson.
11. — — Finnur Torfi Stefánsson.
12. — — Steingrímur Hermannsson.
13. — — Albert Guðmundsson.
14. — — Jónas Árnason.
15. — — Lúðvík Jósepsson.
16. — — Stefán Valgeirsson.
17. — — Einar Ágústsson.
18. — — Geir Hallgrímsson.
19. — — Matthías Á. Mathiesen.
20. — — Sverrir Hermannsson.
21. — — Friðjón Þórðarson.
22. — — Þórarinn Sigurjónsson.
23. — — Ingvar Gíslason.
24. — — Garðar Sigurðsson.
25. — — Eðvarð Sigurðsson.
26. — — Svava Jakobsdóttir.
27. — — Páll Pétursson.
28. — — Hjörleifur Guttormsson.
29. — — Gunnlaugur Stefánsson.
30. — — Tómas Árnason.
31. — — Gils Guðmundsson.
32. — — Matthías Bjarnason.
33. — — Friðrik Sophusson.
34. — — Kjartan Ólafsson.
35. — — Svavar Gestsson.
36. — — Ellert B. Schram.
37. — — Eggert Haukdal.
38. — — Lárus Jónsson.
39. — — Gunnar Thoroddsen.
40. — — Ólafur G. Einarsson.

Sameinað þing, 3. fundur.

Þriðjudaginn 16. okt., kl. 2 miðdegis.

Tilkynning frá ríkisstjórninni og umræða um hana (útvarpsumr.).

Forsrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég les fyrst forsetaúrskurð um skipun og skipting starfa ráðherra: „Forseti Íslands gerir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsrh. og með skírskotun til 15. gr. stjkskr., laga nr. 73 frá 1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar skv. þeim frá 31. des. 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrunum:

Benedikt Gröndal fer með forsrn. og utanrrn.
Kjartan Jóhannsson fer með sjútrn. og viðskrn.
Magnús H. Magnússon fer með félmrn., heilbr.- og trmrn. og samgrn.

Bragi Sigurjónsson fer með landbrn. og iðnrn.
Sighvatur Björgvinsson fer með fjmrn. og Hagstofu Íslands.

Vilmundur Gylfason fer með menntmrn. og dóms- og kirkjumrn.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Bessastöðum, 15. okt. 1979.

Kristján Eldjárn.

Benedikt Gröndal.“

Þegar fyrrverandi hæstv. forsrh. baðst lausnar fyrir ráðuneyti sitt hóf forseti Íslands þegar könnun á myndun nýrrar ríkisstjórnar. Hann mun hafa þreifað fyrir sér fyrst af öllu um það, hvort kostur væri á að mynda nýja meirihlutastjórn með venjulegum hætti, en af viðræðum við formenn stjórnsmálaflokkanna sannfærðist hann um að slíkir kostir væru ekki fyrir hendi við núverandi aðstæður.

Fyrst eftir það komu til tals líkur á myndun stjórnar einhvers eins flokks eða utanþingsstjórn. Nú varð það ljóst að bæði Alþfl. og Sjálfstfl. töldu rétt og nauðsynlegt að efnt yrði til kosninga á þessu ári. Þessir tveir flokkar hafa meiri hluta á þingi og var því sýnilega meirihlutavilji fyrir kosningum í ár.

Í framhaldi af viðræðum á vegum þingflokka Alþfl. og Sjálfstfl. um þessi mál og um leiðir til þess að tryggja að þing yrði rofið og gengið til kosninga fyrir miðjan desembermánuð n. k. urðu flokkarnir ásáttir um eftirfarandi meginatriði:

1) Alþfl. myndaði skammtímaríkisstjórn í þeim tilgangi að rjúfa Alþingi og efna til kosninga eigi síðar en 2. og 3. des. n. k. Þingflokkur Sjálfstfl. hét því að verja þessa stjórn Alþfl. vantrausti til þess að koma þessu máli í framkvæmd.

2) Til þess að gera kosningar mögulegar eigi síðar en 2. og 3. des. n. k. mun ríkisstj. Alþfl. gefa út auglýsingar um styttingu kjörkrárfresta eftir því sem með þarf og setja brbl. um styttingu framboðsfrests og styttingu tíma til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda ef þörf krefur. Enn fremur verða sett brbl. er heimila kjósenda að greiða atkv. utan kjörfundar þótt hann sé heima á kjördegi. Um þessar breytingar er samkomulag milli flokkanna og munu þeir hafa samráð sín á milli um gerð þeirra.

3) Alþfl. tekur fram, að ríkisstj. sú er hann nú myndar hefur fyrst og fremst það verkefni að stuðla með umræddum hætti að þingrofi og kosningum. Þar sem hún á aðeins að sitja í rúma tvo mánuði og þing situr ekki þann tíma hefur stjórnin augljóslega mjög takmarkaða möguleika til að koma fram veigamiklum stefnumótandi nýmælum. Minnihlutastjórn Alþfl. mun fyrst og fremst reyna að halda landsstjórninni í horfinu og afgreiða þau vandamál sem að höndum ber, en áskilur sér þó allan rétt eftir því hver gangur mála verður og hvaða verkefni verða talin aðkallandi.

Ríkisstj. mun boða Alþingi til fundar eigi síðar en tíu dögum frá kjördögum og mun þá biðjast lausnar, enda verður þá eðlilegt að reynt verði að mynda meirihlutastjórn með venjulegum hætti, sem gæti þá tekið við völdum.

Það er raunar óhjákvæmilegt að nýtt þing komi saman í desember, þar sem samþykking verður heimildir fyrir greiðslum úr ríkissjóði til nauðsynlegustu þarfa þangað til fjárlög hafa verið afgreidd í upphafi næsta árs.

Að öðru leyti en ég nú hef greint hefur ekkert samkomulag verið gert milli Sjálfstfl. og Alþfl. Hvor þeirra um sig gengur með öllu óbundinn til kosninga, og það takmarkaða samkomulag, sem flokkarnir hafa gert, byggist aðeins á því að þeir hafa sameiginlega vilja til að koma fram þingrofi og kosningum, en mun engin áhrif hafa á stefnumörkun þeirra eða störf að öðru leyti í kosningabaráttunni eða eftir kosningarnar.

Þegar lítið er á hag þjóðarinnar á þessum haustdögum kemur í ljós að ýmislegt gengur vel eða á viðunandi hátt. Ber þar fyrst og fremst að nefna að atvinnuleysi er ekkert

í landinu, en það er hið mesta böll í mörgum nágrannaríkjum okkar. Framleiðsla er mikil í flestum greinum og viðskiptajöfnuður furðugóður þegar tekið er tillit til þróunar olíuverðs. Á hinn bóginn ber fjölda vandamála hátt og þar frammar öllu öðru er verðbólgan. Óðaverðbólgan, sem við búum við, er undirrót spillingar og misréttis og veldur margvíslegum og miklum erfiðleikum í nálega öllum greinum þjóðfélagsins. Verðbólga hefur lengi verið fylgifiskur okkar Íslendinga þegar lítið er yfir síðustu áratugi, en keyrt hefur um þverbak síðan 1974, og hin síðustu ár hefur verðbólgan verið um og stundum yfir 50%. Því hefur verið haldið fram að Íslendingum hafi gengið furðuvel að lifa við rúmlega 10% verðbólgu, sem árum saman var að meðaltali, en 50% er allt annað og miklum mun alvarlegra vandamál. Þjóðin þolir ekki slíka verðbólgu til lengdar. Hún mun ganga út yfir hag fjölskyldna og einstaklinga. Hún mun valda og veldur þegar atvinnufyrirtækjum stórkostlegum erfiðleikum sem geta hvenær sem er leitt til þess að atvinnuleysi heldur innreið sína í landinu. Og slík verðbólga er hættuleg fyrir sjálft fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Tvær síðustu ríkisstjórnir hafa reynt án árangurs að vinna bug á verðbólgunni. Leitað hefur verið margra ráða, en þó hefur skort mjög á að tekið væri á þessu vandamáli í heild og gerð samfelld sókn gegn verðbólgunni á öllum vígstöðvum. Þetta mál hefur því gnæft yfir önnur vandamál þjóðarinnar, og það hlýtur því frammar öllu öðru að vera verkefni þings og stjórnar að vinna bug á verðbólgunni eða a. m. k. að koma henni niður á svipað stig og gerist í helstu markaðslöndum okkar.

Alþfl. var þátttakandi í þeirri stjórn sem fyrir nokkrum dögum hefur farið frá. Flokkurinn hefur lagt mikla áherslu á verðbólgu málin og lagt fram frumvörp og tillögur um þau. Er það í fullu samræmi við að flokkurinn hafði kynnt mjög rækilega hugmyndir sínar, tillögur og kröfur varðandi þetta mál í baráttunni fyrir síðustu kosningar. Eftir rúmlega eins árs reynslu sannfærðist Alþfl. um að þessi stjórn mundi ekki ráða við dyrtíðina. Allt þetta ár hafði þetta verkefni verið efst á lista hjá þeim flokkum sem að stjórninni stóðu, og gerðar höfðu verið margvíslegar ráðstafanir, sem því miður voru yfirleitt til skamms tíma og fólu ekki í sér samfellda gagnsókn gegn verðbólgunni sem hefði getað leitt til meiri árangurs.

Vegna þess að Alþfl. hafði sannfærst um að fyrrv. ríkisstj. mundi ekki taka á þessum málum eins og hann taldi nauðsynlegt, eins og hann taldi sig hafa heitið sínum kjósendum, sleit flokkurinn stjórnarsamstarfinu. Segja nú aðrir flokkar og talsmenn þeirra að Alþfl. hafi farið úr stjórninni án nokkurs málefnalegs ágreinings. Ég mótmæli því og bendi á að ekkert mál er vandasamara en verðbólgu málið, og ágreiningurinn um það hefur verið hverjum manni ljós sem hefur fylgst með þeim málum. Það er því með öllu ástæðulaust að halda því fram að stjórnarslitin hafi ekki verið af málefnalegum ástæðum. Það er ekkert málefni þjóðarinnar veigameira en baráttan við verðbólguna, og aðilar fyrrv. stjórnar verða að bíta í það súra epli að Alþfl. komst að þessari niðurstöðu. Þegar hann hafði komist að þessari niðurstöðu taldi hann óhjákvæmilegt að hverfa úr þeirri ríkisstj., taldi það meiri ábyrgð að játa staðreyndir, taka afleiðingum af þeim og fara úr ráðuneytinu heldur en að sitja áfram eftir að flokkurinn hafði misst von um að þetta ráðuneyti gæti

leyst þetta verkefni.

Við töldum óhjákvæmilegt að áfrýja þessu stóra máli til hins æðsta dómstóls sem er til, þjóðarinnar sjálfrar, í kosningum. Það verður að halda áfram að stokka spilin í íslenskum stjórn máltum á einn eða annan hátt uns laus finnst á dýrtíðarvandanum. Þá fyrst getur þjóðin af öryggi og festu snúið sér að öðrum málum og haldið áfram að byggja upp það réttláta og mannúðlega þjóðfélag sem okkur dreymir um.

Alþfl. hefur ekki skorast undan ábyrgð, hann hefur þvert á móti tekið á sig þunga ábyrgð með því að rjúfa ríkisstj. og með því að eiga þátt í því að efna til alþingiskosninga eins og gerst hefur.

Myndun núv. ríkisstj. er í beinu, rökréttu framhaldi af þeim atburðum öðrum sem ég hef lýst. Úr því að atvikin höguðu því svo að það kom til greina að Alþfl. myndaði bráðabirgðaríkisstjórn með það meginhlutverk að koma fram kosningum í desember, þá skoraðist hann ekki undan því, þótt vafalaust sé flokkurinn eða þeir einstaklingar, sem í ráðuneytinu sitja, ekki öfundsverðir af þessu pólitíska hlutverki. En Alþfl. treystir dómi kjósenda, og hann mun berjast áfram ótrauðlega fyrir stefnu sinni til gæfu fyrir land og þjóð.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Það hlýtur ævinlega að vera mikið alvörumál þegar ríkisstjórnir springa eftir eitt starfsár. Það var Alþfl. sem sprengdi ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Þetta gerði Alþfl. vegna þess að þrátt fyrir það að það væru meginákvæði stjórnarsáttmála að ná verðbólgu niður í áföngum, þá reyndist þeirri ríkisstj. ekki unnt að standa við þau fyrirheit sín. Þessar ástæður eru í raun ákaflega ljósar og skýrar. Alþfl. ályktar svo, að takist ríkisstj. ekki að standa við slík meginmarkmið sem hún þó hefur heitið, þá eigi slík ríkisstj. sér ekki seturétt. Alþfl. ályktar svo, að í stórmáli sem þessu beri stjórn málaflakkar siðferðilega ábyrgð. Hafi stjórn málaflakkar, hafi heil ríkisstj. heitið tilteknum árangri í verkefni sem þessu og takist ríkisstj. ekki að ná slíkum árangri og ef það er ekkert útlit fyrir að slíkur árangur náist, þá á slík ríkisstj. að segja af sér.

Fyrri ríkisstj., ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, hafði sett sér það yfirlýsta markmið að ná verðbólgu niður í 15%. Á miðjum starfsferli þeirrar ríkisstjórnar var mætavel ljóst að við þessi markmið yrði ekki staðið. Það var vaðið áfram, en stjórnin sat og sat. Sú seta gjaldþrota ríkisstjórnar varð þessari þjóð dýr. Sú seta jók við ranglæti það og þá upplausn sem ævinlega fylgir mikilli verðbólgu.

En Alþfl. einn stjórn málaflakanna er stefnumiðum sínum trúr þegar hann neitar að bera ábyrgð á þróun sem þessari. Það var þess vegna rökrétt ályktun að hætta stjórnarsamstarfi þegar ljóst var að pólitísk svik blóstu við.

Samstarf í samsteypustjórnnum getur vissulega verið umdeilanlegt og orkar ævinlega tvímælis. Það getur verið áhorfsmál hvenær samningar hafa farið þannig fram að allir megi vel við una. En þegar ríkisstj. hefur mistekist höfuðviðfangsefni sitt og ljóst er að engin samstaða er um nýjar leiðir í tengslum við þetta viðfangsefni, þá á mælirinn að vera fullur, þá á það að vera siðferðileg skylda okkar að halda ekki áfram á sömu braut. Þetta hefur Alþfl. gert. Hann hafði forustu um að rjúfa fyrri-verandi stjórnarsamstarf, þar sem ljóst var að ekki var

möguleiki á myndun samstæðrar meirihlutastjórnar á Alþingi. Þá var það ekki einasta rétt, heldur skylt að skjóta þessum málum öllum á ný undir dóm þjóðarinnar. Það hefur verið gert og kosningar munu fara fram 2. og 3. des. n. k.

Ég trúi því að fólkið í landinu muni meta þessa afstöðu. Ég trúi því að fólk muni vissulega komast að niðurstöðu sem er í samræmi við það sem áður hefur gerst. Alþfl. einn stjórn málaflakka hefur ekki þráast við að sitja í ríkisstjórn sem missir tök á þessu höfuðviðfangsefni. Við höfum kosið að fara öðruvísi að. Við höfum kosið að spyrja fólkið í landinu. Slíkt hlýtur ævinlega að vera góðum málstað til framdráttar á tímum þegar menn ná ekki samkomulagi. Það var í trausti þess sem við höfum tekið þessa ákvörðun.

Meðan þessir tímar eru að ganga yfir hefur Alþfl. tekist á hendur að mynda minnihlutastjórn. Það er auðvitað í fullu samræmi við það, sem gerst hefur, að Alþfl. skuli axla þessa ábyrgð. Alþfl. hefur samvinnu við Sjálfstfl. um það að efna til þingrofs og nýrra kosninga. Alþfl. mun ganga til þessara kosninga í fullu trausti þess, að kjósendur muni meta og taka afstöðu til þess ágreinings sem uppi hefur verið í samfélaginu um efnahagsmál, stjórnkerfismál, félagsmál, landbúnaðarmál og fjölmarga aðra málaflakka.

Sú ríkisstj., sem mynduð hefur verið, mun efna til kosninga svo sem samkomulag hefur orðið um. Í þessum kosningum verður tekist á um fjölmargt og það verður einnig tekist á um þær verulegu skekkjur sem verðbólguþjóðfélagið hefur getið af sér. Um þetta vil ég fara nokkrum orðum.

Á undanförunum árum hafa átt sér stað deilur um dómskerfið í landinu. Þessar deilur snerta sjálfar undirstöður þjóðfélagsins. Snemma á þessum áratug fór verðbólga upp úr öllu valdi. Önnur þjóðfélög hafa ekki sloppið og við munum ekki sleppa við þá staðreynd að slíku ástandi fylgir upplausn og spilling. Verðbólgunni fylgja siðlausar eignatilfærslur, ævinlega frá þeim, sem minna mega sín í þjóðfélaginu, og til hinna, sem fljóta ofan á. Þess varð fljótlega vart, að kerfið var hvorki í stakk búíð til þess að mæta þessu ástandi né heldur var fyrir hendi pólitískur vilji. Til að nefna alkunna staðreynd: við erum þjóðfélag þar sem mikið er svikið undan skatti. Þetta veit samfélagið allt. Skattsvik, mismunandi afstaða manna til þess að hagræða tekjum sínum ræður miklu um raunverulega afkomu fólksins. Engu að síður hefur skort pólitískan vilja til að snúast gegn þessu ástandi. Það er varla tilviljun að margar ríkisstjórnir, einnig sú sem kvaddi í gær, hafa haft slíkt á stefnuskrá sinni og heitið slíku, en það hefur einfaldlega ekki gerst.

Í ljós kom einnig að þótt það væri deginum ljósara að fjármálaafbrot, smá og stór, færu í vöxt, þá er jafnframt deginum ljósara að dómskerfið var vanmegnugt að fást við slíkt. Í ljós kom að kerfið lokaði sig af. Í ljós kom að dómskerfið hlýddi stjórn málaavaldinu á þann hátt sem dómskerfið átti ekki að hlýða stjórn málaavaldinu. Stjórn málaavaldi var beitt til að setjast ofan á mál, fela þau og svæfa. Ég tíunda ekki þessar deilur hér. Ég ítreka aðeins hve þetta ástand var og er óþolandi.

Þessu verður vitaskuld ekki breytt í einu vefangi og ekki af ríkisstj. sem situr til bráðabirgða. En væntanlega verður hægt að ryðja inn nýju blóði, að eyða þeim forðómum gamla valdakerfisins, að þar skuli þeir einir sitja sem tilheyra þessu valdakerfi, sem hafa varið það með

oddi og egg og hafa tekið þátt í því að loka því fyrir almenningi.

Við Alþingi, við þá sem á mál mitt hlýða vil ég segja í mikilli alvöru: Kröfluvirkjun og fjárreiður vegna hennar hafa verið til umræðu undanfarin ár. Þar hafa gagnrýnendur með rökstuddum hætti fullyrt að fjármálasagan öll væri með svo undarlegum hætti að skattgreiðendur ættu heimtingu á skýringum. Þetta á við um smáa eyðslu og stóra, þetta á við um vélakaup og smæstu reikninga. Blöð hafa nýverið skýrt frá staðreyndum um þessi efni sem snerta ekki aðeins framkvæmdirnar, heldur einnig hið háa Alþingi. Þessar staðreyndir eru þess efnis að yfir verður ekki þagað. Þetta mál er nefnt vegna þess að það er nýlegt og að það er spegilmynd af þjóðfélagsástandi sem hefur verið að myndast við verðbólguáðstæður. Og þetta saman, þessi árgallar í samfélagi og hið óþolandi þenslukerfi, — á þessu getum við ekki borið ábrygd.

Það er eðlilegt að spurt sé á þessari stundu: Af hverju féll ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar? Þegar stjórnin var mynduð réðu og höfðu mikil áhrif um samninga hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Ólafur Jóhannesson. Þeir léku gamaldags samningaaðferðir og sá leikur er orðinn þessari þjóð nokkuð dýr. Þessi leikur var m. a. fólgin í því að gera samkomulag í stjórnarsáttmála sem aldrei virðist hafa staðið til að standa við. Í stjórnarsáttmála var kveðið á um að koma verðbólgunni niður í áföngum. Frá þessu var einasta gengið með almennum orðum. Ég held að þar hafi verið stærstu mistökinn gerð. Það voru mistök vegna þess að gamalreindir stjórnálmenn, sem svo eru stundum kallaðir, virðast meta refskaþinn refskaþarins vegna. Þeir líta á stjórnarsáttmála sem orðaleik. Það stóð aldrei til að standa við þessi orð. Hvað þýðir að koma verðbólgunni niður? Það þýðir, að beita verður hörðum og ströngum aðhaldsaðgerðum með þeim tækjum sem ríkisvaldið ræður yfir. Það þýðir, að þvinga verður fjárlög og þar með eyðslu ríkisins niður. Það þýðir, að hemja verður peningaþensluna innanlands og lántökur erlendis. Á mannamáli þýðir þetta, að það verður að draga úr eyðslu, hætta að þenja framkvæmdir, skera niður. Þetta þýðir, að það verður að beita aðhaldsaðgerðum í verðlags- og launamálum. Þetta þýðir, að skipulega verður að hagræða í kerfinu. Það getur ekkert þjóðfélag og hefur aldrei getað til langframa eytt meiru en það aflar.

En þetta var ekki gert. Þvert á móti var þenslunni haldið áfram. Það var þanið í bákni, í landbúnaði, í opinberum framkvæmdum, og nú þegar stjórnarslit urðu var ljóst að kröfurnar voru áfram í þá átt að þenja meira. Það var auðvitað ævinlega hægt að réttlæta allar framkvæmdir á vegum ríkisins, hverja einstaka út af fyrir sig. En þessa mynd verður að skoða í heild sinni. Þegar þanið er umfram verðmætin sem til eru, þá verður rýrnun, verðbólga, dýrtíð. Í slíku ástandi verður stöðugt stríð. Hagsmunahóparnir reyna að verja sig sem vonlegt er. Við þekkjum þetta verðbólgustríð. Braskið þrífst, en þeir, sem sífellt verða undir, eru þeir sem lægst hafa launin, ellilífeyrisþegar, sparifjáreigendur og aðrir slíkir.

Þegar í upphafi þings 1978 flutti þingflokkur Alþfl. frv. um raunvexti. Það þarf ekki að kynna það, hvert réttlætismál raunvextir eru. Raunvextir eru réttlætismál vegna þess að þeir, sem spara, sem venjulegast eru hinir efnaminni í þjóðfélaginu, hafa tryggingu fyrir sparnaði sínum. Raunvextir draga úr þeirri óbærilegu bankamisnotkun sem viðgengst hefur í lokuðu bankakerfinu. Þá

þegar beitti hv. þm. Lúðvík Jósepsson sér hatramlega gegn raunvöxtum og með honum Alþb. allt, þó ég raunar efist um að yngri talsmenn þar séu raunverulega sömu skoðunar. En Lúðvík beitti sér hatramlega gegn þessu og hann kallaði raunvaxtamenn ekki raunvaxtamenn heldur hávaxtamenn. Hann talaði um 50—60% vexti. Hvernig gat það komið heim og saman? Það gat því aðeins komið heim og saman að stjórnarsáttmálin væri marklaust plagg, sem og varð raunin. Mennt verða að skilja alvöru þessa máls. Þjóðfélag, sem telur sig ekki hafa efni á því að greiða sparendum raunvirði upphaflegra verðmæta, er ranglátt þjóðfélag. Hinu hefur aldrei nokkur maður neitað, að raunvaxtastefnan ein sér gengur ekki. En aðeins sú ríkisstj., sem getur framkvæmt raunvaxtastefnu, á rétt á sér, og það getur hún aðeins með aðhaldsaðgerðum á öðrum sviðum.

Í stuttu máli má segja að saga stjórnarinnar fyrrverandi fjalli um slík mál. Og það var rökrétt, að slíkt yrði henni að falli, svo mikið áttum við að vita um skoðanir hvers annars og svo mikið áttum við að vita um það sem stóð efst á blaði í stjórnarsáttmálanum. Spyrja má: Hver er skylda stjórnálmáflokks? Ber stjórnálmáflokkur síðferðilega ábyrgð? Ber stjórnálmáflokkur yfirleitt nokkra ábyrgð? Getur stjórnálmáflokkur heitið því að ætla að ná verðbólgunni niður, en svikið það síðan? Getur ríkisstj. heitið slíkum markmiðum en svikið þau síðan. Verða ekki stjórnálmáflokkar að bera einhverja ábyrgð?

Alþfl. hefur gert það eitt sem honum bar að gera. Þegar ljóst var að ríkisstj. gat ekki og vildi ekki standa við þau markmið sem heitið hafði verið, þá var rétt að slíta henni. Undir slíkum kringumstæðum er rétt að kjósendur felli sinn dóm. Sannfæring mín er sú, að fari Alþfl. vel út úr þeim kosningum sem í hönd fara, þá hefur íslenska þjóðin reist varanlegt vígi gegn verðbólgu, þá hefur íslenska þjóðin sagt, svo að ekki verður um villst og ekki um deilt, að stjórnleysi undanfarinna ára er henni á móti skapi. Þá hefur þjóðin sagt að hún meti stjórnálmáflokka sem standa við fyrirheit sín, sem setja markmið ofar öllu öðru. Fari kosningarnar á annan veg, fari kosningarnar þannig að verðbólguflökkarnir hafi betur, þá verða erfðir tímar fram undan. Um þetta verður valið.

Alþfl. vann fyrir rúmu ári stærstan kosningasigur í sögu lýðveldisins. Nær fjórðungur þjóðarinnar veitti flokknum brautargengi. Andstæðingar flokksins hafa þrástagað á því, að fylgi Alþfl. væri lausafylgi, gervifylgi, lánsfylgi frá einhverjum öðrum. Það lýsir furðulegum hugmyndum um fólkið í landinu þegar slíkt er borið á borð. Hv. þm. Geir Hallgrímsson, sem sat sem forsrh. í 4 ár, lofaði 15% verðbólgu og skildi eftir sig 50% verðbólgu og nærfellt gjaldþrota þjóðarbúskap, hann þrástagað á því, að kjósendur hafi verið blekktir. Hvers konar hugmyndir gera þessir menn betur um fólkið í landinu? Nærfellt sá fjórðungur þjóðarinnar, sem greiddi Alþfl. atkv. sitt, greiddi m. a. atkv. gegn verðbólgu og afleiðingum hennar. Fulltrúar flokksins hafa hér á hinu háa Alþingi unnið sleitulaust að því að fylgja fram þessum kröfum. Alþfl. hafði gert skriflegt samkomulag í stjórnarsáttmála um þessi fyrirheit. Við þau hefur ekki verið staðið. Þegar ljóst er að það tekst ekki við þær aðstæður sem hér ríkja, þá stendur Alþfl. upp og biður um endurnýjad og aukið traust, því að menn skyldu velta fyrir sér hvað hefði gerst á árinu 1980, hvernig hefði verið umhorfs í efnahagsmálum, ef áfram hefði verið látið reka á reiðanum.

Alþfl. axlar þá ábyrgð sem honum er skylt. Hann hefur myndað minnihlutastjórn sem situr fram yfir þær kosningar sem verða í landinu 2. og 3. des. Í þeim kosningum biður Alþfl. um aukid traust til þess að halda áfram þeirri baráttu sem hann hefur hafið. Það hafa verið mikil átök hér í þingsölum. Þau hafa stundum verið illskeytt, kannske of illskeytt. Það er slík spenna úti um þjóðfélagið allt, og það er kannske eðlilegt að eitthvað af henni berist hingað inn. En ég spái því engu að síður, að að loknum þeim kosningum, sem í hönd fara, hafi menn lært og sá lærdómur muni hafa í för með sér aukinn slaka, þann slaka sem samfélagið þarf á að halda.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það telst til tíðinda að stjórn falli. Það telst til tíðinda að þriðja vinstri stjórnin á tæpum aldarfjórðungi er fallin eftir skemmstan valdatíma þeirra þriggja og verstan viðskilnað. Það telst til tíðinda að þingrof er boðað og nýjar kosningar innan nokkurra vikna. Það eru minni tíðindi að mynduð skuli minnihlutastjórn til þess eins að sjá fyrir þingrofi og nýjum kosningum. Það er hlutverk þeirrar ríkisstj. sem nú tekur við í dag.

Við sjálfstæðismenn vildum una fráfarandi ríkisstj. starfsfriðar fyrstu mánuðina sem hún sat. Fráfarandi ríkisstj. fékk starfsfrið, og það er meira en hægt er að segja um ríkisstj. sem beitt var ofbeldisaðgerðum utan þingsalanna. Valdið var tekið af löggjafarsamkomu þjóðarinnar þá. Við höfum haldið uppi stjórnarandstöðu sem er ábyrg og jákvæð. Við höfum, frá því að ljóst var að fyrstu aðgerðir ríkisstj., sem boðaðar voru sem skammtímaaðgerðir, dugðu ekki og voru á sandi byggðar, kraftir þess að nýjar kosningar færu fram. Frá því um áramót hefur þetta verið okkar krafa. Enginn stjórnarflokkanna hefur tekið undir þessa kröfu, fyrr en einn þeirra gafst upp og hljóp frá borði ríkisstjórnarflæsysins og tók undir þessa kröfu okkar sjálfstæðismanna um þingrof og nýjar kosningar. Það var einsýnt að við sjálfstæðismenn hlytum að ítreka þá kröfu og halda þeim stjórnarflokknum að þeirri ábyrgð, sem hann ber á stjórnarathöfnum öllum, og láta hann skila stjórnartaumunum í hendur nýs ábyrgs meiri hluta þegar kosningar hafa farið fram. Við töldum eðlilegt að fráfarandi ríkisstj. sæti fram yfir kosningar og sinni þessu hlutverki. En úr því að hún treystist ekki til þess að standa við verk sín og viðskilnað gagnvart kjósendum á kjördegi, þá var næst að leifar hennar stæðu að því.

Sjálfstfl. hefur heitið minnihlutastjórn Alþfl. að verja þá stjórn vantrausti. Þetta fyrirheit og þessi ályktun þingflokks Sjálfstfl. er bundin ýmsum skilyrðum, en veigamest þeirra er auðvitað að á þessum örfáu vikum, sem um er að ræða, verði engin nýmæli í löggjöf eða stjórnarframkvæmd í gildi sett. Það er þess vegna svo, að Sjálfstfl. ber enga ábyrgð á stjórnarathöfnum núv. stjórnar öðrum en þeim er lúta að þingrofi og nýjum kosningum, og það er rétt að geta þess að gefnu tilefni, að Sjálfstfl. ber því síður ábyrgð á mannavali núv. ríkisstj. Sjálfstfl. tekur ekki við fyrirskipunum frá öðrum flokkum um skipan forustu sinnar eða trúnaðarstarfa á vegum Sjálfstfl., og Sjálfstfl. hefur engan áhuga á og vill engin afskipti hafa af eða ábyrgð bera á því, hvaða menn aðrir flokkar velja í trúnaðarstörf af sinni hálfu. Ég tek þetta fram vegna þess að þeir flokkar, sem hafa verið undirgefnir því að láta aðara flokka ráða mannavali sínu, hafa haft á orði að Sjálfstfl. kunni þarna að hafa haft hönd í

bagga með núv. stjórn. Svo er ekki að þessu leyti. Hins vegar eru fordæmi um það, t. d. þegar Framsfl. lét undan þrýstingi Alþfl. og neitaði formanni sínum, Jónasi frá Hríflu, um ráðherraátt. Alþfl. lét líka undan áróðri kommúnista og felldi Stefán Jóhann frá formennsku á sínum tíma. Mörg önnur dæmi mætti nefna frá öðrum flokkum en Sjálfstfl. En Sjálfstfl. vill ekki viðhafa þessi vinnubrögð.

Í raun og veru er ekki þörf á því að fara frekari orðum um aðild eða ábyrgð Sjálfstfl. að þeirri ríkisstj. sem nú tekur til starfa. En það er fullkomin ástæða til þess að fara nokkrum orðum um aðdraganda þessara stjórnarsliða, vegna þess að þau eru spegilmynd stjórnarsamstarfsins og þeirrar upplausnar og stjórnleysis sem ríkt hefur á undanförunum 13 mánuðum.

Það er haft fyrir satt, að Alþfl. hafi þá fyrst hlaupið frá borði þegar hann sá fram á það, þegar fráfarandi forsrh. lagði fram þjóðhagsáætlun sína, að það mundi verða meiri samstaða milli Alþfl. og Framsfl. heldur en milli þessara tveggja flokka og Alþb. og fyrrisjánlegt væri að Alþb. mundi hlaupa frá borði. Alþfl. gat ekki hugsað sér að sitja eftir í stjórninni með Framsfl. og vildi þess vegna vera fyrri til. Það er auglýst eftir ágreiningsefnum af hálfu Alþfl. Alþfl. hefur ekki svarað. Með sama hætti situr Alþb. eftir með sárt ennið í flatsæng með Framsfl. og kann illa við þau örlög og tók ekki annað í mál heldur en ríkisstj. segði af sér hið bráðasta. Þetta er nú vitnisburðurinn um bróðurkærleik fyrrv. stjórnarflokka. Þetta er nú vitnisburðurinn, hversu viljugir þeir eru að axla ábyrgðina. Það er ekki ábyrgðartilfinningin sem rekur Alþfl. úr stjórninni, heldur hræðslan við kjósendur, dóm kjósenda. Og sama hræðsla við dóm kjósenda ræður gerðum Framsfl. og Alþb.

Við skulum líta á upphaf þessarar stjórnarmyndunar. Við höfum fengið vitnisburð um það, að refsakák hafi þá verið tefld af framsóknarmönnum og Alþb.-mönnum. Ég held nú e. t. v. að refsakákin hafi verið þrihliða á þeim tíma. En höfuðstöðir stjórnarmyndunarinnar voru þrjár: Í fyrsta lagi hið fræga kjörorð: Samningarnir í gildi. Tilburðir voru hafði uppi í þá átt í byrjun september á síðasta ári, þannig að hinir hæst launuðu fengu mesta kauphækkun, þakinu var lyft og fleira í því skyni gert, en hinir lægst launuðu fengu ýmist enga kauphækkun eða urðu fyrir kauplækkun í raun. Það er einkennandi að nú við lok þessa stjórnarsamstarfs liggur það fyrir, að óbreyttum lögum frá hendi þessarar vinstri stjórnar, að hinir lægst launuðu eiga að fá 2% minni verðlagsuppbót heldur en hinir hærri launuðu 1. des. n. k. Þetta er táknrænt fyrir núv. stjórnarflokka, Alþb. og Alþfl., sem gengu til kosninga undir kjörorðinu: Samningarnir í gildi. Sú stoð stjórnarmyndunarinnar er brostin fyrir löngu, enda er önnu stoðin: auknar niðurgreiðslur sem áttu að leiða til lækkunar dýrtíðarinnar, sömuleiðis brott fallin. Þeir gáfust upp á auknum niðurgreiðslum á miðju ári og drógu úr þeim, enda er þetta falsráð til að ráða niðurlögum verðbólgunnar, falsráð sem hefnir sín. Það kemur aðeins að tímabundnum notum, og þegar hækkunir verða á kostnaðarþáttum verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða vegur sú hækkun langtum þyngra í verðlaginu þegar tímar líða fram. Þessu hafa landsmenn kynnst nú í sumar og haust. Þessi höfuðstöð átti að vera bjargráð fráfarandi stjórnar. Ráðh. Alþb. börðu sér á brjóst og sögðust hafa lækkað dýrtíðina á þeim tíma. Þetta bjargráð hefur snúist gegn þeim og orðið þeim að

falli, sérstaklega þeim sem gortaði mest af þessu ráði, þ. e. a. s. Alþb.

Og hvað með þriðju höfuðstoð stjórnarmyndunarinnar? Það var aukin skattheimta, aukin skattheimta til þess að standa að falsráðinu gegn verðbólgunni. Skattahækkarnir eru sú stoð sem e. t. v. stendur, en er þó að bresta. Og hún er að bresta vegna þess að fólkið þolir ekki þær auknu skattaálögur sem fráfarandi ríkisstj. hefur lagt á þjóðina. Í raun og veru hafa fráfarandi stjórnarflokkar ekki heldur treyst sér til þess að hækka skattana til þess að jafna rekstur ríkissjóðs.

Kunn er yfirlýsing fráfarandi fjmrh. sem sagðist að vísu breyta jöfnuði í ríkisrekstrinum á s. 1. ári í halla vegna þess að hann ætlaði að lengja almanaksárið úr 12 mánuðum í 16 mánuði. Þegar fyrrsjáanlegt var á þessu ári að það mundi ekki takast, heldur mundu skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann stórukast, þá lýsti þessi sami fráfarandi fjmrh. því yfir, um leið og hann jók á skattabyrðar almennings, að hann mundi enn lengja almanaksárið úr 16 mánuðum í 20 mánuði. Það mun ekki heldur duga, og fjárlagafrv. er þess eðlis að fyrrsjáanlegur rekstrarhalli yrði á framkvæmd þess og áframhaldandi afgreiðslu miðað við þá stöðu þings sem nú er.

Við þessar aðstæður er ekki um annað að ræða en að nýjar kosningar fari fram.

Það voru boðaðar skammtímaráðstafanir, en loks komu langtímaráðstafanir. Það var efnahagsfrv. forsrh. sem engin samstaða varð um í margar vikur, marga mánuði. Frv. var borið fram hér 15. mars, á dánardægri Sesars, og þá spurði ég: Hver er Brútus? Nú er komið í ljós hver Brútus er. Allir stjórnarflokkarnir hrósuðu sér af þessum efnahagslögum, nú væri bjargráðið fundið. Það er nú dæmt ófært og raunar segja ýmsir að það sé orsök aukinnar verðbólgu á sumar- og haustmánuðum. Það fer illa á því, að hæstv. fyrrv. menntmrh. hafi orð á því að fyrrv. ríkisstj. 1974—1978 hafi ekki náð árangri í baráttunni gegn verðbólgunni. Í byrjun árs 1977 hafði sú ríkisstj. lækkað verðbólguna úr yfir 50% í 26%. Misbeiting kratabrodda og kommúnistabrodda innan launþegasamtakanna á þeim samtökum gerði það að verkum að aftur horfði í verri átt.

Það fer ekki á milli mála, að fráfarandi ríkisstj. skilur samkv. eigin yfirlýsingum við þegar verðbólgan frá ársbyrjun til ársloka verður 55% og þegar fyrrsjáanleg er hækkun framfærsluvisitölnunnar um 13% 1. des. n. k., en miðað við ár yrði verðbólguvöxturinn nær 65%, byggingarvísitalan hækkar enn meir, vaxtavísitala Seðlabankans eitthvað þar á milli. Hver er afstaða einstakra flokka þegar svona stendur á? Alþfl. talar af ábyrgð að eigin sögn. Var ekki formaður hans í ársbyrjun 1978 og við aðdraganda kosninga 1978, hæstv. forsrh. Benedikt Gröndal, að tala um samningana í gildi. Var það ekki hann sem ásamt Alþb. stóð að hervæðingu kratabrodda innan launþegasamtakanna gegn nauðsynlegum ráðstöfunum gegn dyrtíðinni? Var það ábyrgðartilfinning, að honum og hans flokki væri sæmandi að vinna atkv. að þessu leyti á fölskum forsendum með lofordum sem hann vissi sjálfur að ekki væri unnt að efna? En hvað hefur síðan gerst? Ekki annað en það, að sögn samstarfsflokka Alþfl. í ríkisstj., að á þriggja mánaða fresti hefur þessi flokkur krafist þess að dregið yrði úr launahækkunum og dregið yrði úr og alls ekki staðið við samningana sem í

gildi væru. Var það ekki þessi flokkur, Alþfl., sem gekk til kjósenda og sagði að hann vildi lækka skatta og skattabyrði almennings? Er það ekki þessi flokkur sem ber ábyrgð á hærri skattaálögum en stjórnmalasagan kann að greina frá? Er það ekki þessi flokkur sem ætlaði að draga úr og jafnvel afnema tekjuskattana, en hefur staðið fyrir hækkun þeirra meira en nokkru sinni áður hefur verið framkvæmt á jafnskömmum tíma? Er það ekki þessi flokkur sem ætlaði að ráðast gegn verðbólgunni, en ber ábyrgð á mestu verðbólguþróun sem um getur í sögu Íslands?

Það er rétt, að þessi flokkur hefur staðið fyrir upphlaupum, sýndarmennskuupphlaupum við og við hér á Alþ. En hann hefur líka gefist jafnoft upp. Hann hefur jafnoft hjadnað niður og verið eins og lamb að leika sér við fyrir fyrrv. stjórnarflokka. Það er ekki fyrr en Sjálfstfl. setur Alþfl. úrslitakosti, setur Alþfl. í raun og veru upp að vegg og segir honum að efna til þingrofs og nýrra kosninga og hann beri ábyrgðina og verði að skila af sér með þeim hætti, að kjósendur fái að ganga til kosninga og kveða upp sinn dóm, að Alþfl. gerir sér ljóst að hann verði að standa við stóru orðin sem hann hefur viðhaft í þingsölunum, en hlaupið jafnskjótt og oft frá. Það er víst og satt, að Alþfl. er ekki treystandi eftir kosningar. Hann hefur sýnt sig beran að því að segja eitt fyrir kosningar og annað eftir kosningar.

Snúum okkur að Alþb.-mönnum. Ekki voru orð þeirra veikari varðandi samningana í gildi. Loforðin voru jafnskýr og afdráttarlaus. Með sama hætti voru verkalyðsforingjar þeirra hávarir og beittu ólögsmætum aðgerðum jafnt sem lögmætum. Ætla mætti að þeim hefði verið umhugað um að samningarnir yrðu í gildi, að kaupmátturinn héldist eins og að var stefnt í samningunum 1977 og þeir héldu fram. En hvar hafa þessir verkalyðsforingjar verið síðustu 13 mánuði? Þeir hafa þagað þunnu hljóði. Þeir hafa séð kaupmáttinn falla, og fyrrsjáanlegt er að kaupmátturinn verður minni en verið hefði ef febrúar- og maílögin frá 1978 hefðu fengið að komast í framkvæmd án skemmdarverka af hálfu þessara manna.

Það heyrðist fyrir kosningar 1978 af hálfu formanns Alþb., Lúðvíks Jósepsonar, að gengislækkun væri ekkert ráð. En þeir fengu gengismálaráðherra, og hv. þm. Svavar Gestsson hefur ekki haft við að skrifa út heimildarbréf til Seðlabanka Íslands um ýmist að fella gengið eða láta gengið síga. Og Svavars Gestssonar verður minnst í sögunni fyrir það að vera sá ráðh. sem hefur lækkað gengi íslenskrar krónu mest á skemmstum tíma.

Hvað er með verðlagsmálin? Heyrðum við ekki í Þjóðviljanum undir ritstjórn þessa sama manns að ríkisstj. gæti bara sagt: Engar verðhækkarnir. — En hvað hefur gerst? Verðlag hefur ekki áður hækkað meira en í tíð ráðh. Alþb. sem verðlagsmálaráðherra.

Og hvað er með vaxtamálin? Forsvarsmenn lágvaxtastefnunnar, Alþb. með Lúðvík Jósepson í broddi fylkingar, hafa samþ. efnahagsfrv., hafa samþ. vaxtastefnu Alþfl. og bera ábyrgð á þeirri vaxtastefnu og framkvæmd hennar. Vextir hafa þess vegna hækkað. E. t. v. var það óhjákvæmilegt. En við sjálfstæðismenn erum andvígir því að vextir séu sjálfkrafa hengdir aftan í verðbólguþróunina. Vextina á að gefa frjálsa og ákveða þá með framboði og eftirspurn og samkv. ákvörðun viðskiptabanka og lánastofnana, en ekki að ákvarða þá fyrir fram samkv. formúlu af Seðlabankanum.

Við höfum heyrt að það væri alveg útilokað að skerast í leikinn varðandi gerð kjarasamninga af hálfu Alpb., hvað þá heldur að tervelda verkföll, helgasta rétt hvers vinnandi manns, eins og þeir komast að orði. En hvað hefur Alpb. gert á sínum stjórnarferli annað en einmitt að standa að löggjöf um að skerast í leikinn við gerð kjarasamninga og banna verkföll, sbr. farmannaverkfallið?

Loks hefur Alpb., sem hefur haft stór orð um að varnarliðið þyrfti að fara af landi brott, setið eins og mús undir fjalaketti og ekki minnst á varnarliðið eða brottför þess. Má í því efni segja að batnandi manni er best að lifa.

Hvað er þá um Framsf. sem byrjaði stjórnarmyndunina með því að gefast upp, var ekki eingöngu sigraður í kosningunum, heldur lét sigrast eftir kosningarnar, gekk á hönd Alpb. og Alpf. og lofði að gera allt það sem þessir flokkar vildu og framsóknarmenn voru á móti í kosningunum 1978? Það var stórmannlega að farið. Hver er skýringin önnur en sú, að Framsf. vill alltaf halda fast í valdastólana, í ráðherrastólana.

Framsf. hefur ekki haft neina sjálfstæða stefnu í fráfaramandi ríkisstj. Hann hefur tvístigið á milli hinna tveggja flokkanna. Hann hefur fyrst horft til annars, síðan til hins. Hann hefur stigið Óla Skans-dans fram og aftur milli Alpf. og Alpb. Hann hefur ekki vitað sitt rjúkandi ráð. Aðalmarkmið hans er nú sem fyrr að halda í völdin og ráðherrastólana, enda er það einkennilegt og þó ekki nema í samræmi við skoðun Framsf. og í samræmi við hve sárt Alpb. er um ráðherrastólana, að till. formanna þessara flokka beggja til forseta voru að það væri nauðsynlegt að reyna að mynda nýja vinstri stjórn, endurreisa vinstri stjórnina með þeim þrem flokkum sem að henni hafa staðið. Fráfaramandi forsrh. lét líka orð að þessu falla í sjónvarpsviðtali. Það eru forðæmi fyrir þessu áður. Þegar vinstri stjórnin féll 1958 var gerð örvæntingarfull tilraun til þess að endurlifga hana. Það átti að gera sömu tilraun nú.

Við sjálfstæðismenn gengum ákveðnir til verka og gerðum Alpf. það að standa við orð sín. Þess vegna tókst ekki að endurreisa vinstri stjórnina. En við skulum hafa það í huga, að með því að ekki er treystandi orðum neinna þessara þriggja vinstri flokka, sem svo vilja kalla sig fyrir kosningar, að þeir standi við þau eftir kosningar, þá getur svo farið að tilraun verði enn gerð til myndunar vinstri stjórnar eftir kosningar. Þó ættu þessir flokkar að vera búnir að fá sig fullsadda af vinstri stjórnnum sem reynslan sýnir að ekkert gagn hafa gert, en skaða einungis. Við hljótum því að beina því til landsmanna allra og kjósenda að vera á verði gegn því að slíkt geti endurtekið sig.

Allt er þá þrennt er. Vinstri flokkarnir svokallaðir hafa fengið tækifæri sitt. Nú er reynslan ólygnust, að vinstri stjórnir duga ekki og nauðsynlegt er að einn flokkur hafi ábyrgðina á málefnum þjóðarinnar. Sjálfstfl. hefur markað stefnu sína í efnahagsmálum og öðrum málum á landsfundi flokksins í vor. Hann mun skýra þá stefnu í þeirri kosningabaráttu, sem nú er hafin, og skírskota til þjóðarinnar að ljúka því ófremdar-ástandi, sem nú er fram komið, með því að fela honum ábyrgð á stjórn landsins.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Sú ríkisstj., sem nú hefur verið mynduð, er bráðabirgðastjórn. Henni er eingöngu ætlað það hlutverk að tryggja að fram fari kosn-

ingar í byrjun desember þannig að ný meirihlutastjórn geti tekið við völdum. Fráfaramandi ríkisstj., vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar, hrökklaðist frá völdum á nýju vintristjórnarmeti. Hún hefur sannað það fyrir íslensku þjóðinni að vinstri stjórnir eru ófærar um að leysa efnahagsvandamál þjóðarinnar. Fólkinu í landinu er því ljósara nú en ávallt áður að vinstri stjórnir valda upplausn og óstjórn og tímabil þeirra hefur ætíð verið dýrkeypt og döpur reynsla fyrir þjóðina.

Við munum verða vitni að því í þessum umr., hvernig fulltrúar vinstri flokkanna koma sökinni hverjir á aðra. Nú vill enginn kannast við þær efnahagságerðir sem hafa leitt þjóðina í meiri ógöngur óðaverðbólgu og upplausnar en við höfum þekkt áður, og erum við Íslendingar þó ýmsu vanir í þeim efnum. Í þeirri kosningabaráttu, sem fram undan er, munu brigðlyrðin ganga á milli þessara fyrrv. samherja og við munum kynnst nánar því hugarfari bráðrálags sem einnkennt hefur samskipti vinstri flokkanna að undanfögnu. Það eina, sem forustumenn vinstri flokkanna eiga sameiginlegt þessa dagana, er óttinn við kosningar og kosningaúrslitin sem verða dómur þjóðarinnar um verk þeirra í fráfaramandi stjórn.

Eins og hv. síðasti ræðumaður benti á munu fyrrv. kjósendur Alpb. ihuga rækilega þann árangur sem ráðh. þeirra hafa náð. Þeir lofuðu stöðugu gengi. Gengissig hefur samt aldrei verið meira. Þeir lofuðu litlum verðlagsbreytingum. Verðlag hefur aldrei hækkað hraðar. Þeir lofuðu samningunum í gildi, en samt heldur kaupmátturinn áfram að rýrna og launabilið að breikka. Og Alpb. hefur staðið að því að banna verkföll með lögum.

Það er sorgarsaga að rifja upp kosningaloforð Alpf. og bera þau saman við efnidirnar. Alpf. lofði stórfelldri skattalækkun og stöðvun verðbólgunnar. Efnidirnar þekkir hver einasti maður í landinu, enda hlupust þeir úr stjórninni þegar kjarkurinn brást. Það má kannske halda því fram, eins og hæstv. dómismrh. Vilmundur Gylfason gerði áðan, að það hafi ekki verið kjósendurnir sem voru blekktir til fylgilags við Alpf. fyrir kosningar, en þá er það óvefengt og ómótmælanlegt að þeir sömu kjósendur voru sviknir eftir kosningar.

Ég hirði ekki um að ræða um Framsf. Markmið forustumanna hans er að vera í stjórn hvað sem það kostar og eins lengi og sætt er. Þessi áratugur hefur verið áratugur Framsf. og um leið áratugur upplausnar og óstjórnar í íslenskum stjórnámálum. Gengi flokksins hefur verið í samræmi við þessa staðreynd, enda er hann nú minnsti stjórnámálflokkurinn í landinu.

Hér á landi hefur að undanfögnu aukist skilningur á því, að það, sem öðru fremur hefur veikt undirstöðu efnahagslífsins og um leið rýrt líf skjörin, eru of mikil afskipti ríkisins, of mikil ríkisumsvif. Ísland hefur raunar enga sérstöðu í þessum efnum. Viðast hvar í nágrannalöndum okkar leita kjósendur einnig nýrra leiða til að losna út úr þeim ógöngum sem stjórnámálamein hafa ratað í þegar þeir lofa meiru en hægt er að efna, reisa sér minnisvarða sem síðan eru borgaðir með skattþeningum almennings í landinu.

Innan Sjálfstfl. hefur undanfarin misseri átt sér stað stefnumörkun í efnahags- og atvinnuálfum þjóðarinnar þar sem nýrra viðhorfa gætit. Í þeirri stefnu situr í fyrir-rúmi trúin á manninn sjálfan, trúin á einstaklinginn sem tekur ákvarðanir um eigin hag, hefur frelsi til athafna og ber ábyrgð á verkum sínum. Í kosningabaráttunni verður

tekist á um það, hvort þjóðin vill reyna nýjar leiðir og nýjar lausnir í stað þeirra sem gengið hafa sér til húðar, hvort hún vill djarfar leiðir eða áframhaldandi ríkis-umsvifastefnu.

Sjálfstfl. hefur heitið því að leggja niður þá skatta sem fráfarandi ríkisstj. stofnaði til af frábæru ímyndunarafli. Slík skattalækkun kemur að sjálfsögðu niður á opinberum rekstri. Þess vegna er nauðsynlegt að endurskoða markmið opinberra stofnana og spyrja þeirrar grundvallarspurningar, hvort ekki sé ástæða til að leggja sumar þeirra niður. Opinberir stofnanir hafa tilhneigingu til að öðlast eigið líf, rétt eins og þær séu okkur sendar af æðri máttarvöldum, en ekki mannanna verk, kostaðar af almenningi. Í fjármálum ríkisins ber að leggja áherslu á verkefni, en ekki stofnanirnar. Við skulum því spyrja fyrst: Geta einstaklingarnir leyst verkefnið sjálfir? Hvað um starfandi fyrirtæki landsmanna? Eru þau ekki hæfari en ríkisvaldið til að sinna viðkomandi verkefni? Eða sveitarfélögin? Eru þau ekki betur í stakk búin en stofnanir ríkisins? Þannig skulum við spyrja okkur áður en við tökum þann kost að láta ríkisvaldið framkvæma hlutina á okkar kostnað.

Sjálfstæðismenn vilja frjálsa verðmyndun sem með samkeppni færir neytendum lágt vöruverð og stýrir framleiðslunni á arðsamar brautir. Íslendingar hafa reynt svokallaða verðstöðvunarleið í 7 ár samfleytt með þeim árangri að verðlag hefur aldrei vaxið hraðar.

Hér gefst ekki á fáeinum mínútum frekara tækifæri til að tíunda einstök atriði úr efnahagsstefnu Sjálfstfl.

Á tímum svokallaðrar oliukreppu komumst við ekki hjá því að nýta orkulindir okkar hraðar en við höfum gert hingað til. Við verðum að gera okkur ljóst, að lífskjörin verða ekki bætt í kjarasamningum, heldur aðeins með því að þjóðin snúi sér að þeirri atvinnustarfsemi sem mest gefur í aðra hönd. Orkulindirnar eru lykillinn að bættum lífskjörum og þær verðum við að virkja og nýta til útflutnings einir sér eða í samningum við erlenda aðila.

Herra forseti. Sú kosningabarátta, sem fram undan er, mun annars vegar einkennast af uppgjöri vinstri flokka-anna innbyrðis og hins vegar af sameiginlegum ótta þeirra við hugsanlegan sigur Sjálfstfl., sem spád er velgengi í næstu kosningum. Þetta sést m. a. á ummælum Lúðvíks Jósepssonar, hv. þm., þegar hann hótar öllum illum látum að loknum kosningum, eftir kosningarnar sjálfar sem sagt. Sífellt verður á næstu vikum klifað á því við kjósendur, að þjóðinni stafi stórhætta af íhaldsstjórn, eins og það er orðað af þeim kraftaverkamönnum sem nú hafa hrökklast frá völdum. Þjóðin á í raun aðeins eitt svar við þessum hótunum og það er að kjósa Sjálfstfl., þannig að í fyrsta skipti verði mynduð meirihlutastjórn eins stjórn málaflokks sem ber einn ábyrgð á verkum sínum. Sá kostur er nú nærtækari en oftast áður.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Sá atburður, sem nú hefur gerst, myndun samsteyppustjórnar, held ég að ég verði að kalla það, Alþfl. og Sjálfstfl., skilur æðimargt eftir ósvarað. Að vísu þarf ekki lengur að spyrja að því, hvers vegna Alþfl. hljóp brott úr ríkisstj. Það liggur ljóst fyrir, að það var ekki af málefnalegum ágreiningi. Það liggur ljóst fyrir, að það var ekki vegna ágreinings um fjárlög. Alþfl. lét bóka það, þegar umr. hófust um gerð þessara fjárl., að tekjuöflunin mætti ekki fara yfir 28—29% af vergri þjóðarframleiðslu. Þessu er fullnægt.

Alþt. 1979. B. (101. löggjafarþing).

Að vísu lét hæstv. sjútrhr. síðar bóka að tekjuöflunin mætti ekki verða yfir 28.5%. En trúir því nokkur maður að Alþfl. hafi hlaupið út vegna 0.5%? Við vitum einnig að ekki hefur Alþfl. getað hlaupið út vegna ágreinings um efnahagsmálin. Það er margupplýst að þau mál voru til umr. í ríkisstj. og þeirri umr. var alls ekki lokið. Sú umr. hófst fyrir um það bil einum og hálfum mánuði undir forustu forsrh., og margt benti til þess að samstaða gæti þar náðst um hertar aðgerðir í efnahagsmálum sem byggðar eru á því frv. um stjórn efnahagsmála sem samþ. var hér á hinu háa Alþingi 10. apríl s. l. Og í raun og veru er ákaflega erfitt að sjá að þeir hafi hlaupið út vegna verðbólgunnar, sem ég tek að vísu undir að er allt of mikil. Hún var um það bil 9 prósentustigum hærrí á síðasta ári síðustu ríkisstj. Og ef menn vilja vera að leita að metum á þessu sviði, þá er það víst frá 1942 hjá Sjálfstfl., þegar verðbólgan jókst á 7 mánuðum um 49%. Nei, ég hygg að það liggja nú fyrir að Alþfl. hljóp út af taugaveiklun einni saman.

Innan ríkisstj. eða réttara sagt milli Alþfl. og Alþb. var, eins og allir vita, mikil togstreita og ágreiningur, og niðurstaðan varð sú, að Lúðvík Jósepsson og mennirnir hans höfðu sterkari taugar en þeir Alþfl.-menn. Að vísu er að heyra það nú á hæstv. menntmrh. að þeir hafi kannske hlaupið út vegna skattsvikamála og alls konar slíkra hluta. Ég vil leyfa mér að sannfæra hann um það, að þegar hann fer nú að kíkja í möppurnar í dómsmrn. mun hann finna mikinn fjölda mála sem er æðilangt kominn í undirbúningi, unnið af starfsmönnum dómsmrn. og ágætum starfsmönnum dómskerfisins, og hann mun finna þar t. d. tilbúið frv. til l. um hraðvirkari meðferð skattamála. Þetta er skráð í því fskj., sem fylgir stefnuræðu fyrrv. forsrh. Hann mun auðveldlega geta aflað sér upplýsinga um það og fjölmörg önnur mál sem þar hefur verið unnið að.

Vitanlega á það ákaflega stóran þátt í því sem hefur gerst, að innan Alþfl. hefur stöðugt starfað, alveg frá upphafi, hópur manna sem leynt og ljóst hefur unnið að því að ná samstöðu og samstarfi við Sjálfstfl. Ég man ekki betur en frá slíkum hóp hafi verið greint í Morgunblaðinu s. l. vor, hóp sem stefndi að því að rjúfa stjórnarsamstarfið. En það sorglega í þessu er vitanlega það, að Sjálfstfl. hefur tekist einu einu sinni í gegnum slíka óeiningu að reka fleyg inn í samstarf vinstri manna.

Um stjórnarmyndunina er hins vegar margt að spyrja. Hvers konar stjórn er þetta? Er þetta minnihlutastjórn? Er þetta samsteyppustjórn? Það er viðurkennd lýðræðisleg regla að leita fyrst eftir myndun meirihlutastjórnar. Ég fæ satt að segja ekki séð að það hafi verið gert, nema hér sé um samsteyppustjórn að ræða. Sá hringur var aldrei til hlítar farinn. Fyrir lá strax stjórnarmyndun þegar rétt hafði verið við formann Sjálfstfl. og formann Alþfl. Ég hlýt því að úrskurða að hér sé fyrst og fremst og reyndar ekkert annað orð yfir þessa stjórn heldur en samsteyppustjórn Alþfl. og Sjálfstfl., þar sem Sjálfstfl. hefur að vísu afhent öll ráðherrasætin Alþfl., en fengið í staðinn forseta sameinads þings. En þjóðin á heimtingu á því að fá mörgu öðru svarað. Okkur skilst að þetta hafi ekki gerst ágreiningslaust. Mér skilst t. d. að hv. 1. þm. Vestf. hafi skellt hurðum og gengið út, og ég vildi gjarnan fá að vita hvort hann styður þessa ríkisstj. (**Gripid fram í:** Hann var að flýta sér í símann). Var hann að flýta sér í símann? Já, hann fór víst með hávaða miklum í símann. Ég hefði einnig gaman af að vita hvort hv. þm. Gunnar Thor-

oddsen, fyrrv. lagaprófessor, styður þann dómsh. sem situr. Formaður Sjálfstfl. sagði áðan að Sjálfstfl. gerði engan ágreining um menn. Ég veit að Sjálfstfl. ákveður ekki — eða einr. flokkur fyrir annan — hver skuli skipa ráðherrasæti. En menn taka að sjálfsgöðu afstöðu til ríkisstj. eftir því hverjir skipa hana, ég trúi ekki öðru. Þetta er auðvitað mikilvægt að vita einnig í sambandi við landbúnaðarmálin. Boðað er að Alþfl. ætli að breyta ýmsu þar, m. a. ekki að veita bændum þann rétt 1. des. n. k. sem þeir eiga samkv. því vísitölukerfi sem við búum við. Styðja t. d. hv. þm. eins og Eggert Haukdal eða Pálmi Jónsson þær fyrirætlunir? Eða hvað með brbl. sem þarf nú að ákveða að nýju af þessari ríkisstj.? Slíkt er ekki unnt að gera nema slík lög hafi öruggan meiri hl. á þingi. Styðja hv. sjálfstæðismenn nú þessi brbl. um skattheimtur o. fl.? Þannig er ákaflega mörgu ósvarað og satt að segja væri ástæða til þess að fá hér umr. um vanauststillögu á þessa hæstv. ríkisstj. og atkvgr.

En þingrofið er nú að sjálfsgöðu orðin staðreynd. Hér er því haldið fram að við framsóknarmenn höfum á einhvern máta viljað koma í veg fyrir þetta þingrof. Með hvaða rökum geta menn haldið slíku fram? Geta menn haldið því fram að síðasta ríkisstj. hafi ekki sagt af sér eins fljótt og frekast var unnt, því að það gerði hún? Hitt er svo alveg rétt, að við framsóknarmenn teljum það óráð hið mesta, eins og nú er háttáð fjölmörgum málefnum þessarar þjóðar, óreynt á það hvort ná má samstöðu í efnahagsmálum o. fl., og í mesta skammdeginu, þegar a. m. k. þeir, sem í dreifbýli búa, hafa áhyggjur af því hvort þeir komist á kjörstað, t. d. veikt fólk og gamalt, — við teljum það hið mesta óráð að hafa kosningar um þetta leyti. En við töldum okkur ekki fært á nokkurn máta að standa gegn því að þeir rjúfi þing og efni til kosninga sem meiri hl. hafa til þess.

Staðreyndin er vitanlega sú, að þeir bera ábyrgð á þessu, Alþfl. og Sjálfstfl. Við framsóknarmenn höfum unnið í þessari ríkisstj. af fullkominni ábyrgð og heilindum og við göngum til kosninga undir því kjörorði.

Hér hefur verið nokkuð um það talað, að nú sé kveðinn upp endanlegur dauðadómur yfir vinstri stjórn í þessu landi. Vinstri stjórnirnar eru reyndar fleiri en þrjár. Það var hér vinstri stjórn einnig á áratugnum frá 1930—1940, eða frá 1934—1937, og staðreyndin er vitanlega sú, að þessar vinstri stjórnir allar hafa lyft Grettistaki. Allt framfaraskið þessarar þjóðar er tengt vinstri stjórnnum, og við framsóknarmenn erum ákaflega stoltir af því, að þessi síðasti áratugur er kenndur við okkar fyrrv. forsrh. Annars verð ég að segja það fyrir mitt leyti, að heldur finnst mér nú lítill orðinn hlutur formanns Sjálfstfl., Geirs Hallgrímssonar, þegar allur þessi síðasti áratugur er kenndur við fyrrv. forsrh., eins og síðasti ræðumaður gerði. Eða hafa menn gleymt því, að formaður Sjálfstfl. var forsrh. í 4 ár á þessum áratug?

Ég hygg að þjóðin muni minnst þess og gera samanburð á áratug eins og þeim, sem nú er við okkur kenndur, sem einkennist af framförum sem hófust 1971 um allt land, sem einkennist af togarakaupum um allt land, sem einkennist af byggingu fyrstihúsa, lagningu vega o. s. frv., — ég hygg, að þjóðin muni gera samanburð á slíku og áratugnum á undan, sem þjóðin man best af. Atvinnuleysin 1966—1967 og flóttanum frá dreifbýlinu til þéttbýlisins, atvinnuleysi sem sannarlega gekk yfir þjóðina alla.

Í þeim kosningum, sem nú eru fram undan, verður

kosið um efnahagsmálin. Við framsóknarmenn höfum í þessari ríkisstj. lagt fram ýtarlegar tillögur um efnahagsmálin. Við gerðum það bæði í janúar og um s. l. áramót, og þau lög um stjórn efnahagsmála o. fl., sem samþ. voru 10. apríl, eru í veigamestu þáttum á þessum tillögum byggð. Við höfum með tilliti til vaxandi erfiðleika í efnahagsmálum, m. a. vegna tvöföldunar og þreföldunar á oliuverði, sem hverri þjóð hefði sannarlega sviðið undan, lagt fram endurnýjaðar og hertar tillögur í efnahagsmálum. Við leggjum áherslu á það að allir endar verði nú festir. Það er ekki kostur á öðru. Við leggjum áherslu á að ríkisstj. setji sér markmið og skuldbindi sig til þess að standa við það. (**Gripjið fram í:** Þeir hafa verið lausir.) Já, þeir hafa verið lausir, svo sannarlega. Við leggjum áherslu á það, að að þessu verði unnið í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, launþega og atvinnurekendur. Ríkisstj. byggir á þeim grundvelli, og ég vil taka skýrt fram að við framsóknarmenn metum ákaflega mikils þann opinbera og ákveðna stuðning sem launþegar þessa lands hafa veitt fyrrv. ríkisstj. Og það er sannfæring okkar, að við þessi mál verði aldrei ráðið nema í samvinnu við þessa aðila. Á því verður að byggja. Á því byggjast þær tillögur sem við höfum lagt fram og eru grundvallaðar á því sem Norðmenn hafa gert með ágætum árangri, eins og ég sagði, að festa alla enda, að stíga á bremsuna og ná verðbólgunni niður í ákveðnum áföngum. Mér er reyndar ekki kunnugt um að nokkur ágreiningur sé um þetta, örugglega ekki frá Alþfl. Ég spurði um það á fundi nýlega, hvort þeir hefðu ágreining um þær áætlanir sem gerðar hafa verið um hjöðnun verðbólgunnar í ákveðnum áföngum. Og því var svarað þar af hv. þm. Eiði Guðnasyni, mjög ákveðið nei. Það er von að menn leiti að ágreiningi Alþfl.

Á þessu byggist vitanlega okkar kosningabaráttu og um þetta verður kosið annars vegar og hins vegar um þá stefnu sem hin nýja viðreisn hefur lýst, stefnu sem er að sjálfsgöðu kennd við Sjálfstfl., stefnu sem þeir kalla „viðreisn í anda frjálslyggju“, hygg ég, stefnu sem er vitanlega ekkert annað en markaðsstefna sú sem íhaldsöflin víða í Evrópu hafa fylgt, og það er rétt, þau hafa sannarlega náð niður verðbólgunni. Þau gerðu það á Ítalíu, en þau uppskáru 10—20% atvinnuleysi. Við framsóknarmenn leggjum á það höfuðáherslu, að verðbólgu hér verður að ná niður án þess að stofna til atvinnuleysis. Þá er verið að fara úr öskunni í eldinn ef atvinnuleysi á að vera meðalið til þess að ná niður verðbólgunni. En þetta er sú kreppustefna sem nú er boðuð, en formaður Sjálfstfl. fór að visu hér áðan ákaflega fáum orðum eða kannske engum um.

Um þessa stefnu verður slegist, m. a. einnig um það, hvort leysa eigi launamálin og jafnvel efnahagsmálin á vígvelli kjaradeilna, hvort á að ganga svo til verks sem núv. hæstv. menntmrh. lýsti þegar farmannaverkfallið stóð sem hæst, að þarna ætti ríkisstj. þessu er afskipti að hafa af, en láta deiluna ganga sína leið. Við framsóknarmenn viljum ekki byggja nýtt efnahagslíf á rústum. Við vitum að það er engin þörf á því. Og ég vil segja það, að ég vona að í þeim kosningum, sem eru fram undan, vitkist þeir flokkar, sem hafa staðið í deilum innan þessarar vinstri stjórnar, og geri sér grein fyrir þeirri staðreynd, að vissulega verður vinstri stjórn aldrei farsæl nema þeir flokkar, sem að henni standa, starfi heilir. Ég vona að ný vinstri stjórn verði mynduð. Ég vona það þjóðarinnar vegna. Ég vona þjóðarinnar vegna að aftur-

halds- og íhaldsöfl ná ekki undirtökum í þessu þjóðfélagi.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Nú er það endanlega staðfest, að forysta Alþfl. hefur tekið þá orlagaríku ákvörðun að tengjast Sjálfstfl., fyrst með þeirri bráðabirgðastjórn sem tekið hefur við völdum með ábyrgð Sjálfstfl., óformlegt bandalag í komandi kosningum og samstjórn — viðreisnarstjórn — að kosningum loknum.

Það þýðir ekkert fyrir þessa flokka að sverja þetta af sér nú. Samruni þeirra speglast í athöfnum þeirra síðustu daga. Alþfl. hefur algerlega brugðist þeim mörgu, ekki sist launþegum, er trúðu glamuryrðum frambjóðenda hans í síðustu kosningum. Grundvöllur þess stjórnarsamstarfs, sem hann hefur hlaupist frá, var fyrst og fremst að tryggja atvinnuöryggi, koma fram umbótamálum í félagsmálalöggjöf, ekki sist fyrir láglaunafólk og þá sem standa höllum fæti í lífsbaráttunni, elli- og örorkulífeyrisþega, reyna að slá skjaldborg um kaupmátt launa og stefna að réttlátari tekjuskiptingu í landinu, tryggja rekstrargrundvöll undirstöðugreina atvinnulífsins.

Að þessum málum öllum var fyrrv. ríkisstj. að vinna. Það hefði verið kraftaverkaríkisstj. sem hefði getað komið öllum þessum verkefnum í höfn á fyrsta ári stjórnarathafna, það hljóta allir að viðurkenna.

Fyrrv. stjórnarflokkar höfðu alla möguleika til að ná góðum árangri í öllum þáttum framfaramála: þingstyrk, traust launþegahreyfinga í landinu sem studdu þessa ríkisstj. til síðasta dags. Hvað brást?

Í fyrsta lagi: Tortryggni Alþfl. og Alþ. hvors í annars garðs virtist óyfirtíganleg. Þessi tortryggni og keppni, sem fór fram bæði innan ríkisstj. og í fjölmiðlum, var í raun alvarleg aðför að öllum stjórnarathöfnum.

Í öðru lagi lét þingflokkur Alþfl. alls ekki að stjórn. Ráðh. hans voru því frá fyrsta degi algerir bandingjar þingflokksins sem virtist ekki vilja virða eðlilegar samstarfsreglur. Ég nefni sem dæmi um siðfræði Alþfl. afgreiðslu fjárl. 1979. Þm. hans ákváðu að samþykkja fjárl. við lokaafgreiðslu, en jafnhliða lögðu 9 þm. fram britt. sem gekk þvert á fjárl. og hefði í raun gert þau marklaus. Skýring þessa er að þeirra dómi ósköp einföld. Við stöndum við að samþykkja fjárl. eins og meiri hl. fjvn. hefur gengið frá þeim. En hvernig? Jú, 5 okkar, ráðh. og fjvn.-menn, segja já, það nægir. Hinir 9 máttu leika sér. Þetta sýnir glögglega ábyrgðarleysið og við hvaða erfiðleika fyrrv. stjórn varð að búa. Auðvitað gáfust þessir 9 upp og drógu til bráðabirgða tillöguna til baka. Það var eftir öðru.

Framsfl. taldi það skyldu sína að reyna eftir megni að fá flokkana til að snúa bökum saman um skynsamlegar aðgerðir við stjórn þjóðmála, byggja upp stjórnarathafnir og stefnu til að tryggja þjóðarhag og ráðast í alvöru að vandamálunum. Stjórnarflokkarnir höfðu haft til meðferðar mótaða stefnu Framsfl. um lausn efnahagsvandans, hjöðnun verðbólgu í áföngum.

Það hafði ekki verið fullreynt um samkomulag. Þess vegna er brotthlaup Alþfl. ábyrgðarleysi og uppgjöf. Eru ummæli hæstv. félmrh., Magnúsar H. Magnússonar, gleggsta vitnið um það.

Mörg merk umbótamál voru á lokastigi hjá fyrrv. ríkisstj. sem við þm. Framsfl. höfum tekið þátt í að móta og fá fram.

Ég nefni heildarendurskoðun laga um almannaþryggingar, þar sem lögð verði megináhersla á tekjujöfnunaráhrif tryggingakerfisins og að tryggingalöggjöfin verndi og styðji þá þjóðfélagsþegna sem þurfa á samfélagsaðstoð að halda hverju sinni. Við þessa endurskoðun sé gerð úttekt á kjörum og aðbúnaði aldradra og öryrkja sem miði að því að tryggja jafnræði óháð búsætu, — úrbætur í atvinnumálum aldradra, — lögð áhersla á að bæta aðstöðu þeirra sem eru líkamlega og andlega fatlaðir, — löggjöf um fæðingarorlof og verðtrygðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Þáttill. okkar þm. Framsfl. um þetta mál var samþ. á síðasta þingi. Mál þetta er nú í fullum gangi. Frá þessu hleypur Alþfl.

Löggjöf um eftirlaun aldradra átti að ná fram að ganga á þessu haustþingi, eitt mesta réttlætismál þingsins til að tryggja um 4000 landsmönnum, sem ekki eru í lífeyrissjóði, lífeyri. Frá þessu máli hleypur Alþfl.

Það er skoðun mín, að málefni aldradra hafi ekki fengið þá meðferð hér á hv. Alþ. sem vera ber. Aldræ fólk í landi okkar á í vök að verjast. Okkur ber heilög skylda til að taka höndum saman og tryggja viðunandi lífsafkomu þessa fólks sem hefur skilað sínu dagsverki með lífi sínu og starfi. Tryggingakerfi okkar á þessu sviði er of veikt og meiri samræmingar um félagslegar aðgerðir er þörf. Þetta var vissulega hlutverk fyrrv. ríkisstj.

Ég nefni nýja stefnu í húsnæðismálum. Í samstarfsyfirlýsingu fyrrv. stjórnarflokka segir svo um húsnæðismál:

„Áhersla verði lögð á félagsleg sjónarmið í húsnæðismálum. Sett verði löggjöf um réttindi leigjenda. Löggjöf um verkamannabústaði verði endurskoðuð. Stefnt verði að því að hækka húsnæðislán og léttu fjárhagsþyrði með lengingu lántíma.“

Félmrh. Alþfl. hafði það hlutverk að koma þessari stefnu í framkvæmd. Hann dagaði uppi með þetta mikilvæga mál, en hafði þó komið í fjölmiðla og skýrt frá stjórn. um húsnæðislöggjöf. Samkv. lýsingu ráðh. í fjölmiðlum á þessum mikilvæga lagabálki er í vissum grundvallaratriðum verið að stíga skref aftur á bak og raunar gegn stefnuyfirlýsingu fyrrv. stjórnarflokka. Í dag er lántími almennra húsnæðislána 26 ár. Boðskapur ráðh. er að lántími verði styttrt í 21 ár, almenn lán hækki í 80% á 10 árum og vextir 3.5%, verðtrygging 100%.

Ég tel að þetta sé röng stefna sem auki erfiðleika húsnæðismála stórlega, ekki sist unga fólksins sem allir vilja styrkja til að koma sér upp húsnæði. Mín skoðun er sú, að lán til frumbyggjenda eigi að hækka strax í 80%, en til annarra á næstu 5 árum, lántíminn verði ekki styttrt en 30 ár og vextir 2—2.5% með 100% verðtryggingu. Þetta er yfirlýst stefna Framsfl. sem ítrekuð var á síðasta flokksþingi, og það er öruggt mál að félagslegar umbætur felast ekki sist í slíkum breytingum.

Að sjálfsögðu eru ýmis atriði í væntanlegu frv. til bóta og ný stefna í húsnæðismálum: markvissari útlán til ýmissa aðila, svo sem öryrkja og fatlaðra, íbúða fyrir aldradra og elliheimila, endurbætur á eldra húsnæði, orkusparnaður o. s. frv.

Það er skoðun mín að félagslegar íbúðabyggingar heyri fyrst og fremst undir verksvið sveitarfélaga. Það sannar reynslan. Þess vegna eiga sveitarstjórnir að vera ráðandi afl um félagslegar byggingar. Ég treysti því, hvernig sem með mál fer, að ný löggjöf um húsnæðismál verði raunverulega ný stefna í húsnæðismálum. En frá þessu hleypur Alþfl.

Ég nefni orkumálin. Fyrirv. ríkisstj. hefur unnið ótulega að framförum í orkumálum. Stefna okkar framsóknarmanna er að tryggja öllum landsmönnum næga og örugga raforku á sambærilegu verði. Jöfnun orkuverðs, bæði til húsháttunnar og annarra nota, er réttlætismál, eitt stærsta byggðamál á Íslandi í dag. Ég vona að þjóðin beri gæfu til að standa saman um skynsamlega lausn þessara mála. Það er þýðingarmikið að eyða ekki kröftum í deilur um svo sjálfsgagt framfarumál. Þéttbýli og dreifbýli verða að taka höndum saman um þetta stórmál.

Herra forseti. Það er skoðun mín, að í stað þess að gera Alþingi óstarfhæft nú á haustdögum og efna til kosninga og ýfinga í okkar litla þjóðfélagi hefði verið þjóðhollara að snúa sér að vandamálum er hvarvetna bíða úrlausnar. Þjóðin hefur ekki efni á slíku ábyrgðarleysi. Oliukreppan, sem skekur efnahagskerfi stórþjóðanna, þrýstir sér inn í okkar veikbyggða efnahagskerfi, hefur sneggri og víðtækari áhrif hér á landi en hjá flestum öðrum þjóðum. Við þessu verður að bregðast með samstilltu átaki. Við megum engan tíma missa.

Í þjóðhagsspá fyrir árið 1980 voru sett fram viðfangsefni og markmið í efnahagsmálum. Á sviði atvinnumála ber fjögur verkefni hæst: Að stuðla að hagkvæmri nýtingu nytjafiskstofnanna við landið og efla fiskiðnaðinn. Að tryggja hæfilega framleiðslu landbúnaðarafurða og æskilega nýtingu landgæða. Að auka framleiðslu og nýtingu innlender orku og draga úr innflutningi olíu. Að greiða fyrir vexti innlends iðnaðar, bæði til útflutnings og innanlandsþarfa. Var Alþfl. á móti þessum markmiðum?

Framsfl. gengur til komandi kosninga með skýra og ákveðna stefnu. Hann hefur reynt að ná fram stjórnarathöfnum með ábyrgð og unnið að öllum málum af fullum drengskap. Við framsóknarmenn munum verja af öllu afli þann árangur er náðst hefur í uppbyggingu og framfarumálum þjóðarinnar. Við gerum okkur fulla grein fyrir því, að ný öfl í þjóðfélaginu vilja rífa niður uppbyggingu liðinna ára, boða frjálst markaðskerfi og vilja snúa baki við og víðurkenna ekki eflingu íslenskra atvinnugreina í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, vilja láta fjármagnið taka öll völd í okkar þjóðfélagi. Þarna virðast sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn á Íslandi vera orðnir jábræður.

Móti þessari stefnu munum við berjast af alefli. Ég heiti á frjálslynt og félagslega sinnad fólk á Íslandi að taka nú höndum saman og efla Framsfl. svo að áhrif hans á Alþingi verði nægjanlega sterk til að koma fram og standa vörð um framfarumál og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Nú þegar þingflokkur Alþfl. hefur sprengt fráfarandi stjórn og radað sér í ráðherrastóla hér til beggja handa er þörf á því að þjóðin fái skýr svör við þeirri spurningunni, hver beri ábyrgð á þessari stjórn. Í umboði hverra starfar hún? Er þetta meirihlutastjórn eða minnihlutastjórn? Sérstaklega er þetta brýnt eftir hinar furðulegu yfirlýsingar formanns Sjálfstfl., Geis Hallgrímssonar, áðan.

Kjarni málsins er þessi: Áður en minnihlutastjórn er mynduð eða utanþingsstjórn er það föst venja í stjórnskipun okkar að gengið er úr skugga um að ekki sé unnt að mynda meirihlutastjórn. Í því tilvik, sem hér um ræðir, hefur einn af formönnum stjórnmalaflokkanna myndað stjórn án þess að aðrir hafi fengið tækifæri til að reyna. Geir Hallgrímsson tók það sérstaklega fram áðan, að með ákveðnum viðbrögðum sínum og síns flokks

hefðu þm. Sjálfstfl. komið í veg fyrir að reynt yrði að mynda nýja vinstri stjórn. Stjórnin var mynduð með stuðningi Alþfl. og Sjálfstfl. í óslitnu framhaldi þess að önnur stjórn fór frá, og þessi nýja stjórn er því bersýnilega meirihlutastjórn þessara tveggja flokka. Allar tilraunir Geirs Hallgrímssonar, formanns Sjálfstfl., til þess að láta líta svo út að Sjálfstfl. beri takmarkaða ábyrgð á gerðum þessarar stjórnar, eins og hann var að reyna áðan, eru því augljós fjarstæða. Ef eitthvað væri hæft í þeirri fullyrðingu Geirs Hallgrímssonar væri þessi stjórn ekki mynduð með þingræðislegum hætti. Þá hefðu aðrir flokkar áður átt rétt á að gera tilraun til myndunar meirihlutastjórnar. En það fengu þeir ekki. Þetta er því meirihlutastjórn tveggja flokka, Alþfl. og Sjálfstfl. Sérhver stjórnarathöfn verður á ábyrgð þeirra beggja, og Sjálfstfl. getur á engan hátt skotið sér undan því að hann ber fulla ábyrgð á stefnu og störfum þessarar stjórnar. Hitt er svo allt annað mál, að Sjálfstfl. hefur fengið Alþfl. til að kingja því að ráðh. Alþfl. skuli sitja í stólum sínum án þess að gera neitt það sem máli skipti. Þeir eiga sem sagt að sitja aðgerðalítilir og hafa sig sem minnst í frammi meðan Sjálfstfl. er að tína af þeim atkv. Hefur nokkur ríkisstj. á Íslandi lagst svo lágt að undirgangast slíka afarkosti? Þeir eru dýru verði keyptir þessir sex ráðherrastólar sem Alþfl. hefur nú höndlað, og engum getur dulist eftir ræðu Geirs Hallgrímssonar áðan hvar hús-böndavaldið er raunverulega að finna.

En hvers vegna er þá þessi furðulega staða komin upp með öllum sínum þversögnum? Skýringin er fyrst og fremst sú, að síðan Alþfl. vann sinn stóra sigur í seinustu kosningum hafa forustumenn hans engan veginn getað gert það upp við sig hvort þeir ættu að halla sér til hægri eða vinstri. Þegar fráfarandi stjórn var mynduð var hópur þm. Alþfl. frá byrjun í stjórnarandstöðu, reidubúinn að nota hvert tækifæri sem gæfist til þess að eitra samstarf stjórnarflokkanna. Það var öllum kunnugt að þessi hópur undir forustu Vilmundar Gylfasonar vildi samstarf við Sjálfstfl., enda sjálfir greinilegir afturhaldsmenn í flestum málum, m. a. áberandi óvinveittir samtökum verkalyðshreyfingar og bænda. Það eru þessir menn sem nú hafa orðið ofan á í Alþfl. Það er engin tilviljun að hinir þrjú nýju ráðh. í stjórninni voru allir meðal áköfustu andstæðinga fyrri stjórnar. Það verður sem sagt að játa að hægri öflin hafa náð undirtökunum í íslenskum stjórnmalum og hlutverk þessarar stjórnar er það eitt að undirbúa jarðveginn fyrir ódulbúna íhaldsstjórn.

Þeir, sem ferðinni ráða í Alþfl., virðast láta sér í léttu rúmi liggja þótt ábyrgðarlaus framferði þeirra hljóti fyrst og fremst að verða vatn á myllu Sjálfstfl. og sérstaklega til stórtjóns fyrir Alþfl. Þetta sjá allir nema þeir sjálfir. Þeir sjá það eitt og hugsa um það eitt að klekkja á aðalandstæðingi sínum, vinstri öflunum í landinu.

Til þess að verja gerðir sínar og afsaka þær fyrir landsmönnum hafa forustumenn Alþfl. gripið til þess ráðs að básúna það út, hvenær sem færi hefur gefist, að ekki hafi verið unnt að ná samkomulagi í ríkisstj. um eitt eða neitt, m. a. ekki um fjárlög, lánsfjáráætlun og þjóðhagsáætlun. Sannleikurinn er sá, að seinustu þrjár vikurnar áður en stjórnarsamstarfinu var slitið var sérlega friðsælt á fundum ríkisstj. og engin sjáanleg merki þess að samstarf flokkanna hefði runnið sitt skeið á enda. Fjárlagafrv. fór í prentun upp úr miðjum sept., nokkru eftir að flokkarnir höfðu náð samkomulagi um nýja tekjuöflun fyrir ríkissjóð til að tryggja hallalausn ríkis-

búskap. Öllum var ljóst að ákvörðunin um þessa tekjuöflun var ekki síður miðuð við afkomu ríkissjóðs og efnahagsgetu á árinu 1980. Vissulega urðu talsverð átök um fjárlagafrv., eins og ávallt hlýtur að verða, og ekki vorum við Alpb.-menn ánægðir með niðurstöðuna, töldum mörgu ábótavant og höfðum ýmsa fyrirvara. Fjárlagafrv. átti eftir 10 vikna rækilega meðferð í fjvn., og ekki datt okkur annað í hug en að látið yrði á reyna um samkomulag fyrir 2. og 3. umr. á Alþingi. Þjóðhagsáætlun hafði aldrei verið rædd í ríkisstj., hvað þá meira, og er það því meira en lítil ósvíni að vitna til hennar sem tilefnis til stjórnarslita. Lánsfjáráætlun var hins vegar algerlega ósamin, eftir því sem ég best veit, hvað þá að hún hefði verið rædd, og er það bersýnilega til að kóróna alla vitleysuna í málflutningi Alþfl. að ætla að rökstyðja frumhlaup sitt með tilvísun til áætlunar sem ekki var orðin til.

Vissulega hefur verðbólgan verið aftur á uppleið seinustu mánuði, eins og forustumenn Alþfl. hafa bent á. Verðþróunin var á hraðri niðurlæið á fyrstu 8—9 mánuðum þessa stjórnarsamstarfs vegna efnahagsaðgerða ríkisstj. 1. sept. og 1. des. í fyrra. Verðbólgan varð talsvert minni fyrstu 12 mánuði fráfarandi stjórnar en var einu ári áður, eða 42% í samanburði við 50% verðbólgu á seinasta 12 mánaða stjórnartímabili ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, en það skal játtað að þróunin varð heldur til hins verra á s. l. sumri. Hvers vegna? Ein helsta ástæðan var hin gifurlega olíuverðshækkun sem hlaut óhjákvæmilega að hafa sín áhrif, bein og óbein, á öllum sviðum efnahagsmála og óháð því hvaða ríkisstj. var við völd. Ekkert getur afsakað að menn gefist upp og fórn höndum þótt slíkan vanda beri að garði. Önnur augljós skýring á vaxandi verðbólgu eru hinar miklu vaxtahækkunarir sem Alþfl. knúði fram á s. l. vetri með aðstoð Framsf. og í óþökk okkar Alpb.-manna. Stóraukin vaxtaútgjöld í öllum rekstri hafa hvarvetna brotið sér braut inn í verðmyndunarkerfið með hækkandi verði á hvers konar þjónustu, innlendri iðnaðarframleiðslu og landbúnaðarvörum og með gengissigi Seðlabankans, sem rökstutt hefur verið með auknum vaxtaútgjöldum sjávarútvegs og fiskvinnslu.

Það fór ekkert leynt að ágreiningur var um stefnuna í vaxtamálum á s. l. vetri, og við Alpb.-menn voruðum sterklega við því, hverjar afleiðingar þessi ofstækisstefna í vaxtamálum gæti haft til að ýta undir verðbólgu. Það var einmitt kjarninn í málamiðlun stjórnarflokkanna á s. l. vetri að Alþfl. fékk ráðið vaxtastefnunni, en okkur Alpb.-mönnum tókst að koma í veg fyrir stórfellda skerðingu á kjörum launafólks í landinu sem mikið kapp var lagt á að þvinga fram. En þegar afleiðingarnar af rangri stefnu í vaxtamálum verða til þess að örva verðbólguþróun um nokkur prósentustig ásamt ýmsum öðrum samverkandi ástæðum, eins og ég áðan nefndi, er það einmitt flokkurinn sem mest ábyrgð ber á vaxandi verðbólgu sem yfirgefur stjórnina og kennir öðrum um.

Ég nefndi það áðan, að harður slagur hefði staðið um það í tíð fráfarandi stjórnar að verja kjör launafólks. Svo hörd var þessi rimma á s. l. vetri að við lá að stjórnin færi frá, eins og mörgum er enn í fersku minni. Það var varnarsigur okkar Alpb.-manna að till. Alþfl. um sjálfvirka kjaraskerðingaraðferð, sem hefði lækkað kaupmátt launa um 20—30% á skömmum tíma, náði ekki fram að ganga. Á Íslandi þarf ekki, ef minnka á kaupmátt launa, að lækka beinlínis krónutölu launanna með

lögum, eins og gert var stundum hér áður fyrr. Það nægir að kippa verðbótavísitölu úr sambandi. Þá lækka launin af sjálfu sér. Tillögur Alþfl. í þessa átt, sem komu raunar fyrst fram áður en stjórnin var mynduð á s. l. sumri, náðu aldrei fram að ganga, enda hreinræktaðar íhaldshugmyndir. En eftir að þessi aðfór að lífskjörum láglauna-fólks tókst ekki vegna andspyrnu Alpb. hefur þeim Alþfl.-mönnum orðið býsna tíðrætt um að efnahagslögin á s. l. vetri hafi orðið gagnsminni en til stóð, eða svo að notuð séu orð eins af þm. Alþfl., Eids Guðnasonar, á stjórnmalafundi á Hótel Sögu fyrir nokkrum dögum, en hann sagði: Efnahagslögin voru með því marki brend að það var búð að taka úr þeim tennurnar að mestu leyti. — Þetta var vissulega hárrétt hjá Eidi Guðnasyni. Við Alpb.-menn drógum tennurnar úr þessu frv. — vígentennurnar sem áttu að höggva og naga niður launakjör þess fólks sem minnst ber úr bítum í þjóðfélagi okkar. Hinu tókst okkur ekki að koma fram vegna tregðu samstarfsflokka, að í efnahagslögum væru þeir jaxlar sem brutt gætu niður gróða milliliða og skattsvikara, sem eitt hefði skipt verulegu máli í viðureigninni við þann vanda sem við er að fást.

Í efnahagslögum eru ákvæði sem draga úr kaupmátt launa eða auka kaupmátt launa eftir því hvernig viðskiptakjörum er háttáð á hverjum tíma. Þetta er edlileg regla sem skapar nauðsynlegan sveigjanleika í efnahagskerfi landsins, enda fullur skilningur á því innan verkalyðshreyfingarinnar að óvenjulegar hækkunarir á innfluttum hráefnum gefi ekki tilefni til sjálfkrafa kauphækkunar hér innanlands. En af þessari ástæðu hefur kaupmáttur launa minnkað lítils háttar á seinustu mánuðum vegna gifurlegra olíuverðshækkana. Á því er þó allur munurinn, eins og hvert mannsbarn getur skilið, hvort slakað er til um 3—4 prósentustig vegna óvæntra áfalla sem við verðum fyrir utan úr heimi, þegar auk þess er um samið að þessum prósentum verði tafarlaust skilað þegar viðskiptakjörin batna aftur, eða hvort hitt verður ofan á, að verðbótavísitala sé beinlínis tekin úr sambandi að meira eða minna leyti, eins og allt kapp er lagt á af hægri öflunum, en afleiðing þess yrði örugglega 20—30% kjaraskerðing á nokkuð skömmum tíma.

Í komandi kosningum verður bersýnilega kosið um það framfarandi, hvort menn trúa því eða trúa því ekki að töfraráðið í glímunni við verðbólguna sé að lækka laun fólksins um 20—30%. Því miður eru ótrúlega margir sem trúa þessu. Margir eru fljótir að gleyma og muna ekki lengur að þetta er sama töfraráðið og Sjálfstfl. beitti sér fyrir veturinn 1974—1975, þegar hægri stjórnin var mynduð eftir kosningarnar 1974. Þá var kaupgjaldsvísitalan tekin úr sambandi og kaupmáttur launa hrapaði um 25—30% á skömmum tíma, en verðbólgukskríðan æddi þó áfram af fullum þunga eftir sem áður, eins og flestum er í fersku minni, og var áfram milli 40 og 50% einu ári síðar þrátt fyrir að kaupgjaldsvísitala væri ekki í sambandi.

Við Alpb.-menn höfðum leyft okkur að vona að forustumenn Alþfl. hefðu lært af reynslunni. Þeir slógu mjög á vinstri strengi fyrir seinustu alþingiskosningar og töluðu fagurlega um kjarasáttmála. En eftir kosningar breyttist tónninn. Í staðinn fyrir kjarasáttmála kom krafa um kauprán, og aftur varð bændastéttin helsti skotsþónn Alþfl. Þeir höfðu ekkert lært síðan viðreisnarstjórnina sálugu dagaði uppi fyrir 8 árum og fáir þekktu lengur muninn á Alþfl. og Sjálfstfl. Sjaldan fellur eplið langt frá

eikinni.

Í komandi kosningum verður kosið um mörg örlagarík mál. Um það verður kosið, hvort breytt verður um stefnu í atvinnumálum og sérstaklega iðnaðarmálum. Friðrik Sophusson, þm. Sjálfstfl., boðaði í útværspætti s. l. sunnudagskvöld að flokkur hans hefði uppi áform um miklar stóriðjuframkvæmdir erlendra manna á næstu árum ef flokkur hans kæmist aftur í forustuaðstöðu. Í þessu máli sem öðrum eru skörp skil milli Sjálfstfl. annars vegar og hins vegar Alþb., sem mótað hefur fjölbreytta, íslenska atvinnustefnu og leggur áherslu á að atvinnurekstur á Íslandi sé í höndum landsmanna sjálfrá. Kosningarnar snúast um það, hvort íhaldsöflin fá aðstöðu til þess að skera niður félagslegar framkvæmdir í mennta- og heilbrigðismálum eða stöðva brýnar umbætur í samgöngumálum, t. d. með því að rýra stórlega fyrirhugaðar framkvæmdir samkv. vegáætlun. En umfram allt snúast næstu kosningar um það, hvort glímunni við verðbólguna verður snúið upp í stórfellda aðför að launakjörum almennings í landinu eða hvort ráðist er gegn verðbólgu með samræmdum aðgerðum á mörgum vígstöðvum samtímis, m. a. með aðgerðum í verðlags- og vaxtamálum, hagræðingu í atvinnulífi og harðri atlögu gegn því mikla og dýra milliliðabákni sem þjóðin er nú látin standa undir.

Í næstu kosningum eru línur óvenjulega ljósar og skýrar. Annars vegar er Sjálfstfl. með harðvítuga íhaldsstefnu og stefnir á hreinan meiri hl. Hins vegar Alþb., flokkur félagshyggju og jafnaðarstefnu, þ. e. sósíalískur flokkur, sem nú er orðinn ótvíræðara forustuafl vinstri manna en nokkru sinni fyrr og hefur verið í stöðugri sókn allan þennan áratug. Gervistjórn Alþfl. og Sjálfstfl., sem nú hefur tekið við og ætlar lítið annað að gera en að velgja stólana og taka við kaupinu sínu næstu tvo mánuði, skiptir að sjálfsögðu engu máli til eða frá. Hitt skiptir öllu, að fólkið í landinu skynji yfirvofandi hættu, verji hagsmuni sína og tryggi ótvíræðan vinstri sigur í næstu kosningum.

Svarar Gestsson: Herra forseti. Góðir tilheyrndur. Undanfarna daga hafa landsmenn orðið vitni að merki-legrí leiksyningu. Hér hefur verið settur upp pólitískur leikþáttur undir stjórn Geirs Hallgrímssonar, formanns Sjálfstfl. Hann stýrir brúðunum á sviðinu. Brúðurnar eru sex þm. Alþfl., þrjú þeirra nýir í ráðherrastólum, þeir þrjú þm. Alþfl. sem harðast börðust gegn fráfarandi ríkisstj. Það er táknrænt og sláandi að einmitt þessir menn skyldu hafa valist til þess að gegna ráðherrastörfum í leikbrúðustjórn Geirs Hallgrímssonar, en þetta eru sömu mennirnir og fluttu á Alp. s. l. vetur hinar undarlegustu till. gegn fráfarandi ríkisstj., m. a. vantrauststill., og einn þeirra var svo illa haldinn af því að vera bendlaður við þá ríkisstj. að hann undi ekki nema fáeina daga í forsetastóli í Ed. Alþingis, eins og frægt varð.

Landsmenn munu hins vegar ekki láta þessa leikbrúðustjórn villa sér sýn, vegna þess að hér er komin á laggirnar í raun pólitísk samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. Hér er komin stjórn sem hefur það hlutverk að koma á kosningum svo að íhaldið geti bætt við sig, þannig að unnt verði eftir kosningar að mynda enn afdráttarlausari íhaldsstjórn en hefur nokkru sinni setið í landinu. Slík er fórnarlund þm. Alþfl. að þeir hika ekki við að varpa pólitísku lífi sínu á altari íhaldsaflanna í landinu. Eru vonandi engin dæmi þess að flokkur hafi komið fram af

annarri eins lágkúru og Alþfl. hefur gert undanfarna daga. Þessari stjórnarmyndun fylgja hins vegar þeir ótvíræðu kostir, að mínu mati, að nú gefst alþjóð þegar möguleiki á því að kjósa gegn þessari ríkisstj. íhaldsins eftir aðeins nokkrar vikur. Alþb. er reiðubúið í þann kosningaslag og mun freista þess að skapa gegn íhaldinu sterkt einingarafi.

Við þekkjum ákaflega vel af reynslunni hvernig stefna íhaldsins birtist í framkvæmd. Við munum það frá svokölluðum viðreisnarárum þegar sjötti til sjöundi hver félagsmaður alþýðusamtakanna gekk atvinnulaus, þegar þúsundir landsmanna voru landflóttá, þegar kaupmáttur launa var um 30% rýrari en hann er nú. Nú ætla hins vegar íhaldsöflin í landinu að taka enn stærri skára fyrir en áður. Í skjóli baráttunnar gegn verðbólgu er ætlunin nú að grípa til harðvítugri afturhaldsaðgerða en nokkru sinni fyrr.

Það var athyglisvert að Geir Hallgrímsson minntist ekki einu orði, að heita mátti, á stefnu Sjálfstfl. í þeirri ræðu sem hann flutti áðan. Stefna Sjálfstfl. hefur hins vegar verið birt. Hún kemur fram í pluggi sem kallað er „Endurreisn í anda frjálshyggju“ og birtist á s. l. vetri. Þar kemur fram að ætlunin er að færa tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu aftur niður á stig viðreisnaráranna, og þar er lögd áhersla á ýmis mjög alvarleg meginatriði sem við skulum nú þegar hafa í huga í upphafi kosninga-baráttunnar.

Í fyrsta lagi er ætlunin samkv. þessari stefnu Sjálfstfl. að fyrirtæki eigi að fá að leggja fé í skattfrjálsa varasjóði og að þeim verði færðir aftur þeir fjármunir, sem fráfarandi ríkisstj. hirti af fyrirtækjunum, upp á 10—15 milljarða kr. á ári.

Í öðru lagi er það ætlun Sjálfstfl. að breyta vinnulöggjöfinni og setja verkalýðshreyfingunni þrengri skorður við starfsemi hennar, jafnvel í sjálfa stjórnarskrá landsins.

Í þriðja lagi er það ætlun Sjálfstfl. að heimila fyrirtækjum takmarkalausar erlendar lántökur.

Í fjórða lagi kom það fram í stefnuyfirlýsingu Sjálfstfl. s. l. vetur, að öll verðlagning í landinu, af hvaða tagi sem hún er, eigi að vera eftirlitslaus og vextir eigi að ráðast af eftirspurn eftir lánsfé.

Í fimmta lagi kemur fram í stefnuyfirlýsingu Sjálfstfl. að óbeinir skattar og niðurgreiðslur eigi að hverfa út úr vísitölu.

Þessi stefna er einhver afdráttarlausasta afturhaldsstefna sem heyrst hefur á Íslandi um margra áratuga skeið, og hún er stríðsyfirlýsing gegn verkalýðshreyfingunni í landinu. Baráttan gegn þessari stefnu mun ekki aðeins snúast um kaupnið sjálft í þrengstu merkingu, heldur um lífskjörin í heild — þau kjör sem við til þessa höfum talið sjálfsögð lífskjör og birtast okkur í heilbrigðisþjónustunni, menntakerfinu og hvers konar annarri félagslegri þjónustu.

Einn af forvígismönnum Sjálfstfl. rökstuddi þessa stefnu s. l. vetur með því að hér væri ekki lengur framfarapörf á félagslegum vettvangi, að almennum heilbrigðismálum væri hér þegar skipað á hinn fullkomnasta hátt, eins og hann orðaði það, og við hefðum hér í landinu eitt háþróaðasta tryggingakerfi sem þekkest. Menntakerfi þjóðarinnar er mjög háþróað, sagði þessi forvígismaður Sjálfstfl. orðrétt, og enn fremur: listir og bókmenntir standa hjá okkur með blóma. Hér á Íslandi er um að ræða fullkomnasta réttaröryggi og per-

sónufrelsi og það er fortakslaust tryggt, segir þessi leiðtogi Sjálfstf.

Á þessum sviðum er m. ö. o. komið hið alfullkomna þjóðfélag á Íslandi og það er engin þörf á að lagfæra eða bæta þar við. En raunar er rökstuðningur þessa þm., sem ég vitnaði til hér áðan, settur fram með þessum hætti fyrst og fremst til þess að undirbyggja það að unnt sé að skera niður þá félagslegu þjónustu sem í áður nefndum þáttum samfélagsins kemur fram. Hér er það boðað, sem Margaret Thatcher — járnfrúin — er að koma í framkvæmd í Bretlandi, að skera niður alla þessa þjónustu miskunnarlaust, hvers konar samneyslu af hvaða tagi sem hún er. Það er sem sagt ætlun Sjálfstf. að ráðast gegn lífskjörum landsmanna í heild.

Jafnhliða þeirri alhliða áráð á lífskjörin í landinu, sem ég hef hér lýst, er það ætlun Sjálfstf. að taka upp sömu stefnu og fylgt var á viðreisnarárunum að því er varðar atvinnumál og efnahagsmál í heild. Sú stefna birtist á viðreisnarárunum með því að atvinnuvegir landsmanna sjálfra voru látnir grotna niður. Í stað þess að byggja upp innlenda atvinnuvegi kaus íhaldið á þeim árum að efla mjög erlenda stóriðju. Það er athyglisvert að einmitt nú, þessa sömu daga og íhaldsstjórn er að taka við, færast þeir menn í aukana sem boða stórfellda erlenda stóriðju hér í landinu, eins og Friðrik Sophusson gerði hér áðan. Það eru sömu mennirnir og ráðast gegn hvers konar framförum í íslenskum atvinnuvegum og hafa allan tímann frá því að fráfarandi ríkisstj. var mynduð sumarið 1978 barist gegn tilraunum okkar til þess að knýja þar fram framfarastefnu sem gæti skilað landsmönnum betri lífskjörum en verið hafa. Það er einnig ákaflega skýrt dæmi um það hvaða öfl eru hér á ferðinni, að sama daginn og ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar baðst lausnar lagði núv. hæstv. forsrh. fram á Alp. skýrslu sem gerir ráð fyrir því að Bandaríkjamenn verði látnir kosta hér tilteknar framkvæmdir í samgöngumálum upp á marga milljarða ísl. kr. Hér er m. ö. o. komin „aronskan“ holdi klædd — „aronskan“ sem allir flokkar hafa til þessa þóst vilja sverja af sér, einnig Sjálfstf. Yfirlýsing hæstv. forsrh., Benedikts Gröndals, um „aronskuna“ er eins konar fæðingarvottorð þeirrar nýju ríkisstj. sem hann hefur nú komið til valda á Íslandi fyrir sjálfstf.

Íhaldsöflin, sem nú hafa komið mönnum fyrir í Stjórnarráðinu, hafa haft í frammi ærandi söng um verðbólgu og efnahagsvanda undanfarna mánuði. Ég tel að baráttan gegn verðbólgunni sé, ásamt baráttu fyrir bættum kaupmætti launa og fullri atvinnu, forgangsmál. En raunasöngurinn má ekki verða til þess að við gleymum hinum fjölmörgu jákvæðu þáttum í efnahagsmálum okkar. Ég nefni t. d. að gjaldeyrisstaðan var í júlilok jákvæð um 86 millj. Bandaríkjadala, en var neikvæð um 15.2 millj. Bandaríkjadala í lok júlímánaðar 1978. Batinn í gjaldeyrisstöðunni var því á eina valdaári fráfarandi ríkisstj. um 38 milljarðar ísl. kr. Ég vil einnig geta þess hér, að sparið hefur á þessum sama tíma aukist um 58.6% á sama tíma og vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 42%. Á sama tíma hefur taxtakaup verkamanna einnig hækkað um 42%.

Hér er hins vegar komin á laggirnar hægri stjórn, og það er ljóst að það er hætta til hægri. Og það er sókn íhaldsins sem við Alpb.-menn ætlum að freista að stöðva. Auðvitað hlýtur þessi hægri stjórn að stjórna í þágu umbjóðenda sinna. Hún mun efna til miskunnarlausra stéttaátaka til þess að knýja fram stórauðinn hlut auð-

stéttanna. Við viljum koma í veg fyrir þetta, og það verður því aðeins gert að við stöndum saman, verkalýðshreyfingin og flokkur launafólks, Alpb. Það er ljóst að þessi nýja ríkisstj. auðstéttanna mun ná markmiðum sínum, mun ná árangri ef við erum sundraðir og göngum margskiptir til baráttu á móti hinum sameinuðum.

Sameinað er nú íhaldið og Vinnuveitendasamband Íslands, og Alpbfl. er komin í þær tröllahendur, að undanskildum fáeinum mönnum í forustuliði verkalýðshreyfingarinnar sem harma og fordæma það hlutskipti sem Alpbfl.-forustan hefur kosið sér. Við vitum af reynslunni að Framsfl. megnar ekkert í baráttunni gegn íhaldinu. Það þekjum við frá fjórum árum ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar. Gegn þessum öflum sameinuðum stendur nú verkalýðshreyfingin og flokkur hennar. Við þurfum að skapa sameinað afl gegn íhaldi, við þurfum að reisa eins sterkan varnarmúr og við verður komið til þess að stöðva sókn afturhaldsaflanna. Eina leiðin til þess að sporna gegn þeirri hættu, sem blasir við, er að Alpb. komi sterkara út úr þeim kosningum, sem fram undan eru, en nokkru sinni fyrr. Við munum leggja á það áherslu að halda hlut okkar í þessum kosningum frá hinum glæsilega kosningasigrum Alpb. 1978. Við munum leggja á það áherslu að byggja múr ásamt verkalýðshreyfingunni gegn því valdaráni afturhaldsins sem nú er sviðsett af Alpbfl.

Ég vil sérstaklega minna á kjördæmamálið. Þrátt fyrir loforð á síðasta kjörtímabili sem allir flokkar gáfu, þ. á m. Alpbfl. og Sjálfstf., um breytingar á kjördæmaskipuninni láta þessir flokkar sig ekki muna um að hlaupa gersamlega frá þeim loforðum. Kjósendur þessara flokka hafa verið sviknir með ákaflega grófum hætti í þeim efnunum og við þurfum að láta það koma fram í kosningunum að við gagnrýnum og mótmælum slíku framferði þessara flokka.

Góðir hlustendur. Líf þessarar þjóðar er sifelld barátta fyrir sjálfstæði — fyrir þjóðfrelsi andspænis risaöflum heimsins sem seilast hér til áhrifa og hafa nú fengið handlangara sína í valdastóla. Það er vissulega ömurlegt hlutskipti sem sigurvegarar Alpbfl. í síðustu kosningum hafa kosið sér. Þeir hafa leitt fjármagnið til vegs og valda og því snýst baráttan nú um manngildið gegn peningagildinu. Enginn vinstri maður, enginn verkalýðssinni vill bera ábyrgð á því að leiða íhaldsöflin til vegs í landinu. Enginn vinstri maður né verkalýðssinni vill bera ábyrgð á „aronskunni“ sem nú er við sjónarrönd. Enginn sósíalisti mun liggja á liði sínu í baráttunni gegn erlendra stóriðju. Enginn launamaður má liggja á liði sínu í baráttunni gegn myrkraöflunum í landinu. Eða hver vill bera ábyrgð á hatrömmustu afturhaldsstjórn í sögu lýðveldisins, en það er einmitt slík stjórn sem nú er í uppsiglingu?

Ég skora á launamenn að sameinast nú um einingarafli gegn íhaldinu í landinu.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, beindi þeirri spurningu til mín, hvort ég vildi bera ábyrgð á hæstv. dómssmrh. Svar mitt er þetta: Ég frábið mér alla ábyrgð bæði á orðum hans og gerðum.

Hin ógæfusamlega sigling vinstri stjórna minnir mig á ljóð Bólu-Hjálmars:

Sálarskip mitt fer hallt á hlið
og hrekur til skaðsemdanna,

af því það gengur illa við andviðri freistinganna.

Sérhverjum undan sjó ég slæ, svo að hann ekki fylli, en á hléborðið illa ræ, áttina tæpast grilli.

Andviðri freistinganna lék þá illa fyrir kosningarnar í fyrri, Alþf. og Alþb. Báðir féllu þeir fyrir þeirri freistingu að lofa því sem þeir vissu — eða áttu að vita — að þeir gætu ekki staðið við, enda var kosningarárið ekki liðið í aldanna skaut þegar þeir höfðu báðir tveir brugðist fyrirheitinu um samningana í gildi og loforðið um aukinn kaupmátt launa var farið veg allrar veraldar.

Á Alþingi í fyrravetur leið varla sú vika, stundum varla sá dagur, að þm. þessara tveggja flokka rynnur ekki saman og rífust um flest það sem ríkisstj. þeirra var að fást við að leysa. Þeir stöðust ekki þá freistingu að fletta hvor ofan af öðrum, og var þeim nokkur vorkunn því af mörgu var að taka. En um leið og þeir gengu svo illa við „andviðri freistinganna“ skorti ekki mannalæti og þeir létust hafa ráð undir hverju rífi. Í reynd hefur allt þetta atferli þeirra minnt á orð einnar af leikritapersónum Oscars Wilde, sem mælti: „Ég get staðist allt nema freistingar.“

Sannleikurinn er sá, að til þess að stjórna landi þarf meira en mannalæti, það þarf manndóm. Og til þess að glíma við Glám verðbólgunnar gagnar ekki orðagjálfur og umsigsláttur, heldur þarf ábyrgð og áræði. Þegar Grettir glímdi við Glám forðum daga, þá hljóp Grettir sem harðast í fang þrælnum og spyrti báðum fótum í jarðfastan stein. Þá kíknaði Glámur á bak aftur og féll öfugur út, en Grettir á hann ofan. Ef einhver von á að vera til þess að ráða við hina válegu verðbólgu duga ekki vettlingatök, heldur föst tók ein. Það duga engir loftkastalar, heldur raunsæi og jarðsamband. Það þarf að spyrna báðum fótum í jarðfastan stein.

Á liðnu vori voru samp. á Alp. að tillögur hæstv. fyrrv. forsrh. efnahagslög sem voru athyglisverð á ýmsa lund. Þessi lög voru að meginstefnu óskabarn Alþf. Með þeim átti að tryggja að verðbólgan í ár yrði ekki yfir 30—35%. Eftir örfáar vikur var hún komin upp í 55%! Eitthvað hefur gengið hér úr skordum. Einhver bremsa hefur bilað, jarðsamband hefur brostið, það hefur orðið straumrof.

Það er reynt að skýra þetta og afsaka með verðhækkun á olíu. Það fær ekki staðist af tveim ástæðum. Olíuhækkunir lágu fyrir þegar efnahagslögin voru afgreidd, en auk þess eru olíuhækkunir aðeins um 7% af 55% verðbólgu eða u. þ. b. áttundi partur. Þó að olían hefði ekki hækkad væri hér ódaverðbólga engu að síður. Verðbólgan nú er því fyrst og fremst af innlendum toga spunnin, og einmitt af þeirri ástæðu verður vart vonleysis hjá landsmönnum. Menn virðast trúa því að verðbólgan hér á landi sé varanlegur og ólæknandi sjúkleiki. Því miður hafa tilraunir til að veita henni viðnám ekki tekist nú á síðari árum. En þó að svartsýni manna sé skiljanleg er hún röng, þessi stadhæfing um að verðbólgan sé ólæknandi. Við höfum í sögu okkar dæmi um árangursríkar aðgerðir. Þær aðgerðir og sá árangur ættu að eyða vonleysi og auka bjartsýni. Ég tel nauðsynlegt að ríftja hér upp í örfáum dráttum árangurinn af hinum víðtæku efnahagsaðgerðum viðreisnarstjórnarinnar 1960 og á næstu árum á eftir.

1) Verðbólgan var stöðvuð, jafnvægi var náð í efnahagsmálum inn á við og út á við og fyrsta árið, 1960, hækkadi framfærsluvísitalan aðeins um 3%. Á fyrstu árunum, 1960—1964, var meðaltalshækkun um 10% á ári.

2) Full atvinna var öll þessi ár. Ekkert atvinnuleysi. Allar hrakspár um að viðreisnaradgerðirnar mundu leiða til atvinnuleysis reyndust rangar.

3) Á kaupmátt launa er nú talið að réttasti mælikvarðinn sé kaupmáttur ráðstöfunartekna. Þetta er nú orðinn viðurkenndur mælikvarði vegna þess að hann tekur m. a. beina skatta með í dæmið. Á þessum árum varð aukning á kaupmætti ráðstöfunartekna sem hér segir: 1961 1%, 1962 11%, 1963 12%, 1964 10%. Heildaraukning kaupmáttar á þessu tímabili varð því um 37%.

Þegar hv. 2. þm. Reykv., Svavar Gestsson, vitnaði í að atvinnuleysi hafi orðið hér á árunum 1968 og 1969 verður að hafa í huga að orsökina var eingöngu verðfall og sölutregða á erlendum mörkuðum sem íslenskum stjórnvöldum var gersamlega um megn að ráða við. Atvinnuleysið 1968 og 1969 stafaði engan veginn af viðreisnarráðstöfunum.

Ég hef nefnt þetta dæmi hér til þess að afsanna þá svartsýniskenningu að verðþenslan á Íslandi sé ólæknandi og óviðráðanleg. Stjórnmalásagan sýnir þvert á móti að það hefur tekist að ráða niðurlögum hennar á tilteknu tímabili. Þetta er hægt að gera aftur.

Auðvitað hafa aðstæður breyst. Þótt í mörgum grundvallaratriðum megi beita sömu aðgerðum og þá þarf að laga þær að breyttum tímum og bæta öðrum við. Það mun Sjálfstfl. gera. Og grundvöllurinn er að nauðsynlegar aðgerðir verði framkvæmdar með kjarki og festu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Sú meginstaðreynd blasir nú við í íslenskum stjórnámum og þjóðmálum að þriðja vinstri stjórnin frá lýðveldistöku hefur hrökklad frá völdum með ósköpum. Banamein þeirra allra hefur verið hið sama: óstjórn og upplausn í efnahagsmálum vegna sundurlyndis og hatramma innri deilna.

Athyglisvert er að öngþveitið, sem hver vinstri stjórn skilur eftir sig, er illvígara og illkynjaðra við hvern viðskilnað þeirra. Hermann Jónasson, forsrh. fyrstu vinstri stjórnarinnar, talaði um að hún skildi eftir sig ódaverðbólgu sem engin samstaða væri um að berjast gegn innan stjórnarflokkanna. Sá efnahagsvandi var þó barnaleikur hjá því verðbólguþema sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar skildi eftir sig 1974, en verðbólgan fór yfir 50% á því ári. Nú blasir sú staðreynd við að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, þriðja vinstri stjórnin, hefur sett enn þá geigvænlegra verðbólguþema eftir aðeins eins árs setu, eða nálægt 50—60% eftir því sem opinberar skýrslur greina, og þetta hefur hún gert með fullri ábyrgð loforðameistaranna úr Alþf. frá síðustu kosningum.

Ég er þeirrar skoðunar, að verðbólga á Íslandi hafi orðið að altæku, illkynja þjóðarmeini á árunum 1973—1974. Verðbólga sem nemur allt að 50% á ári eða meira er í eðli sínu allt annar og illkynjaðri sjúkdómur en verðbólguþema eins og menn eiga að venjast í nágrannalöndunum. Maður, sem veit að 1000 kr., sem hann hefur í höndum í upphafi árs, verða e. t. v. 500 kr. eftir rúmt ár, hlýtur að vera haldinn þeirri hugsun fyrst og síðast að forða sér undan slíku verðbólguþema. Í slíku ástandi kemst ekki heilbrigð efnahagsstjórn að. Þá ríkir í

þjóðlífinu kaupæði, fjárfestingaræði, eyðsluæði og lán-tökuæði. Siðferðileg og efnahagsleg upplausn fylgir í kjölfarið þegar tímar líða fram.

Það allra alvarlegasta við þetta ástand er hversu lengi það hefur staðið yfir, með einu stuttu hléi á síðari hluta þessa áratugs, og það fer hríðversnandi. Verðbólgan æðir áfram. En hvað skal taka til bragðs? Einu má slá föstu: Þessi altæki, illkynja sjúkdómur verður ekki læknaður án sársauka og fórna og hann verður ekki læknaður með smáskammtalækningum og plástrum frá degi til dags.

Athyglisvert er að allar vinstri stjórnir, sem setið hafa, hafa fylgt sömu stefnu í meginatriðum í efnahagsmálum. Þær hafa beitt alls konar höftum: verðlagshöftum og gjalddeyrishöftum. Þær hafa beitt umfangsmiklum niðurgreiðslum og millifærslum. Þær hafa beitt gifurlegum skattaálögum og þanið út ríkisbáknid Þær hafa notað ótrúlegustu meðul og úrræði til þess að fara í kringum og fela viðsiðluna og notað vald hver öðrum fremur til ákvörðunar á kaupum og kjörum. Í stuttu máli hafa úrræði þeirra fyrst og fremst verið aukin ríkisafskipti af efnahagslífinu í óteljandi myndum og daglegar smáskammtalækningar.

Við sjálfstæðismenn viljum gerbreytta stefnu. Við viljum, að fólkið í landinu hafi meiri áhrif á daglega stjórn efnahagsmálanna með minni ríkisafskiptum, og snúa við blaðinu í baráttunni við verðbólguna, m. a. með því að skera niður ríkisútgjöld, afnema tekjuskatt á almennar launatekjur, afnema verðlags- og gjalddeyrishöft, aðskilja verðtryggingu sparifjár og útlána frá vöxtum og lækka sjálfa vextina, svo nokkuð sé nefnt.

Ég sagði áðan að það illkynja verðbólguþál, sem við búum við, verði ekki slökkt án sársauka og fórna, en stefnan í kjaramálum verður að miðast við verndun kaupmáttar lágláunafólks, því ekkert fólk í þessu landi er verr leikið af verðbólgunni en það.

Við sjálfstæðismenn höfum birt ítarlega stefnuskrá, eftir síðasta landsfund Sjálfstfl. Þar er skýrum orðum kveðið á um samræmdar aðgerðir gegn verðbólguvandana. Ég vil leggja áherslu á að í tengslum við þær samræmdu aðgerðir til þess að kveða niður verðbólguna er mikilvægt að auka trú fólks á íslenskan gjaldmiðil að nýju.

Ég flutti um það till. fyrir nokkrum þingum að skipt verði um gjaldmiðil og krónan hundradfölduð. Nú er þessi hugmynd komin í lög frá Alþingi. Þessi aðgerð er nýstárleg hér á landi til þess að hvetja til allsherjarhreingerningar í íslenskum efnahagsmálum. Hún stendur þó og fellur með því að aðrar einbeittar verðbólguaðgerðir nái fram að ganga.

Herra forseti. Kosningar eru nú ákveðnar fyrstu helgina í desember. Ýmsir hafa gert því skóna að ekki væri unnt að hafa kosningar á þessum árstíma, einkum væri slíkt vandkvæðum bundið úti um land. Auðvitað er þessi árstími ekki óskastund til kosninga. Staðreyndin er þó sú, að enginn meiri hluti er á Alþ. til þess að kljást við þau miklu vandamál sem við blasa. Það er því þjóðarnauðsyn að kosningar fari fram sem fyrst svo að Alþ. geti tekist á við vandann. Sjálfstfl. hefur því valið þá leið til þingrofs sem ein tryggir kosningar fyrst í desember og afstýrir kosningum í janúar eða febrúar, sem yrði sýnu verri kostur. Þá hefur Sjálfstfl. lagt til að kosningalögum verði breytt þannig að fólk, m. a. í dreifbýli, geti kosið utankjörstaðar í nokkrar vikur og atkv. tekin gild þó

Alþt. 1979. B. (101. löggjafarþing).

viðkomandi kjósandi sé í heimabyggð sinni á kjördegi. Þannig geta menn tryggt sér fyrirframþáttöku í kosningunum þrátt fyrir hugsanlegt illviðri á kjördögum, sem nú er ætlunin að séu tveir í sama skyni. Þetta er auðveld og einföld breyting á tilhögun kosninga sem gerir þá viðbáru Framsóknar og Alþ. nánast broslega að ekki sé hægt að kjósa á Íslandi við nútímaaðstæður nema sex mánuði á ári.

Ég vil að lokum láta í ljós þá von að eftir kosningar, sem nú eru ákveðnar, verði mál þjóðarinnar tekin föstum tókum. Þjóðin hefur reynslu af samsteypustjórnun, sérstaklega vinstri stjórnun. Hvernig væri að fela nú einum flokki, Sjálfstfl., ábyrgðina næsta kjörtímabil? Þetta ætti fólk, sem kosið hefur flokka andstæðinga Sjálfstfl. á undanförunum árum, að hugleidda þegar að kjörborðinu verður gengið.

Tómas Árnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Eitt ár er ekki nægur tími til að gera stórfelldar breytingar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ríkisstj. þarf lengri starfs-tíma til að koma stefnumálum sínum í framkvæmd. Ég mun sérstaklega víkja að fjármálum ríkisins þann tíma sem ég var fjmrh.

Á undanförunum árum hefur ríkissjóður verið að safna skuldum. Staðan um seinustu áramót var 26 milljarða kr. skuld. Enn fremur stóðu ýmsar ríkisstofnanir illa, svo sem Póstur og sími o. fl. Ríkissjóður skuldaði hins vegar Tryggingastofnun ríkisins tæpa 5 milljarða kr. Þannig voru ríkisskuldurnar orðnar yfir 30 milljarða við síðustu áramót. Vaxtagreiðslur ríkisins eru því þungar í skauti, en óhjálpsmilegar, og munu nema á milli 25 og 30 milljörðum kr. á þessu og næsta ári.

Með tilkomu eldgosa og jarðskjálfta á Mývatnssvæðinu fóru áform um Kröfluvirkjun úrskedis, vonandi þó aðeins um sinn. Ríkissjóður verður því á þessu og næsta ári að greiða 6.3 milljarða kr. vegna Kröfluvirkjunar án þess að fá á móti nokkrar tekjur. Þessar staðreyndir verða þeir að hafa í huga sem ábyrgð bera á fjármálum ríkisins og ekki síður hinir sem gagnrýna nauðsynlega tekjuöflun til að treysta ríkisfjármálin.

Viðfangsefni ríkisfjármálanna, af þessum ástæðum og fleiri, er því afar erfitt úrlausnar á þessu ári, ekki sist þegar ofan á þann vanda, sem fyrir var, bættist stórkostlegt efnahagsáfall af völdum hækkunar olíuverðs í heiminum.

Þegar ríkisstj. kom til valda fyrir rúmu ár blasti við mikill vandi í efnahags- og atvinnumálum sem dregist hafði að leysa. Útflutningsatvinnuvegir þjóðarinnar voru komnir í þrot og hafnar greiðslur til fiskvinnslunnar án tekjuöflunar. Ríkisstj. varð því þegar á fyrstu dögum sínum að grípa til ráðstafana er tryggt gætu áframhaldandi rekstur atvinnuvega og frið á vinnu-markaði. Til þess að sameina þessi sjónarmið var í upphafi farið inn á þá braut að hamla gegn verðhækkunum með auknum niðurgreiðslum og lækkun óbeinna skatta af nauðsynjum. Hluta af hinum gifurlega verðbólguvanda, sem ríkisstj. undir forustu Sjálfstfl. skildi eftir sig, varð þar með breytt í ríkisfjármálavanda þótt fjárhagur ríkissjóðs væri ekki nándar nærri nógu traustur fyrir. Verðbólgan var 51.7% og auk þess óumflýjanleg gengislækkun til að afstýra stöðvun atvinnuveganna. Hefði gengislækkunin ekki verið greidd niður var verðbólgan komin upp í 60%. Þannig var aðkoman þegar stjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum á seinasta

hausti.

Eins og venja er lét ég gera athugun á stöðu ríkissjóðs á miðju þessu ári. Af mörgum ástæðum var þróun ríkisfjármálanna óhagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir seinustu áramót. Við upphaf stjórnarsamstarfsins beitti ég mér fyrir þeirri stefnu, að jafnvægi skyldi nást í ríkisbúskapnum á fyrstu 16 mánuðum stjórnarsamstarfsins. Fjárlög þessa árs voru eftir miklar sviptingar afgr. í samræmi við þá stefnu. Þar sem umboð fjmrh. er bundið við fjárlög og fjárákalog verður hann að grípa til þeirra aðgerða sem eru á forræði hans þegar úrskæiðis fer. Til að ná þeirri stefnu, sem mörkuð var, varð því að grípa til ráðstafana, annaðhvort með niðurskurðri ríkisútgjalda, sem þó voru ekki heimildir fyrir nema að vissu marki, eða með tekjuöflun.

Um miðjan júlí lét ég bóka afstöðu mína í ríkisstj. á þann veg, að þar til ríkisstj. hefði gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samþykka stefnu yrðu engar frekari aukafjárveitingar afgr., nýjum framkvæmdum seifkað um sinn og yfirvignna takmörkuð við 30% af föstum launum. Auk þessara ráðstafana lagði ég áherslu á að öll rn. freistðu allra ráða til hagsýni og sparnaðar.

Tveimur mánuðum síðar samþ. ríkisstj. loksins nauðsynlega fjárlöflun. Allir stjórnarflokkarnir bera fullkomna ábyrgð á tekjuöfluninni, sem var eins og kunnugt er gerð með útgáfu brbl. Tilkynnt hefur verið að þing verði rofið í kvöld. Þá falla þessir tekjustofnar úr gildi. Nýja ríkisstj. hefur sagt að hún muni gefa út ný brbl. um sömu skattahækkunir og fölust í hinu gömlu brbl. Sjálfstfl. ber pólitíska ábyrgð á þessu og hefur því viðurkennt í verki nauðsyn tekjuöflunar.

Ástæðurnar fyrir tekjuöfluninni voru einkum þessar: Í fyrsta lagi hefur olíukreppan valdið ríkissjóði miklum útgjöldum. Má þar nefna hækkun oliustyrks úr 3700 kr. á mann á ársfjórðungi í 18 200 kr. Það var samþ. stefna ríkisstj. að hækkun olíuverðs leiddi ekki til hækkunar á upphitunarkostnaði heimila. Skipa- og flugvélaútgærd ríkisins þarf áfram sína olíu, upphitun mannvirkja ríkis og ríkisstofnana einnig svo og bílafloki ríkis og ríkisstofnana. Hér eru aðeins tekin fá dæmi. Því er haldið fram, að tekjur ríkisins af olíunni aukist og það er rétt. En mönnum skýst yfir það að fyrir milljarðatugi, sem þarf að greiða meira fyrir olíuvörur, dregur stórlega úr öðrum innflutningi og þar með úr ríkistekjunum. Það er ekki nú frekar en áður hægt að nota sömu krónuna tvisvar.

Þá jök það á ríkisútgjöldin að laun hækkðu hjá Sóknarkonum, 3% grunnkaupshækkun varð hjá ríkisstarfsmönnum og launþakið fræga var dæmt af. Þetta jök ríkisútgjöldin um á fjórða milljarð kr.

Í þriðja lagi var lánsfjáráætlun hækkuð miðað við afgreiðslu fjárlaga um 1300 millj. kr.

Í fjórða lagi var nauðsynlegt að auka niðurgreiðslur vöruverðs um 1700 millj. kr.

Vaxtahækkunin veldur ríkissjóði viðbótarútgjöldum. Um vextina vil ég segja að þar erum við komnir í sjálfheldu af völdum vítahrings verðbólgunnar. Þess vegna er það, að við í Framsfl. leggjum til að vextirnir verði lækkadír í samræmi við ráðgerða hjóðnun verðbólgunnar og verði einn virkur þáttur í niðurtalningu hennar. Þarfir atvinnulífsins kalla á endurskoðun vaxtamálanna.

Þá hefur kostnaður við sjúkratryggingar, spítala og heilsugæslustöðvar farið mjög fram úr áætlun vegna verðbólgunnar. Þrátt fyrir þetta geri ég mér rökstuddar

vonir um að rekstrarútkoma ríkisins verði í jafnvægi á þessu ári.

Ef þessi staða ríkisfjármálanna er borin saman við stöðu fyrsta heila ársins sem ríkisstj. Sjálfstfl. starfaði, ársins 1975, verður útkoman á þessa leið: Á árinu, sem er að líða, verða ríkisútgjöldin nálægt 28.6% af brúttóþjóðarframleiðslu. Á árinu 1975 voru ríkisútgjöldin hins vegar 31.4% af þjóðarframleiðslunni eða nær 3% hærri en þau eru nú. Það ár var 7.5 milljarða rekstrarhalli á ríkissjóði sem mundi samsvara á þessu ári rekstrarhalla milli 30 og 35 milljarða kr. Ég held að sjálfstæðismenn ættu að fara varlega í að lofa þjóðinni miklum skattalækkunum fyrir kosningar.

Í 42. gr. stjkskr. segir að fjmrh. beri að leggja fram fjárlagafrv. í upphafi þings. Í samræmi við þetta ákvæði lagði ég fram fjárlagafrv. fyrir árið 1980. Um meginstefnu frv. hefur ekki verið ágreiningur, enda þótt skoðanir hafi verið skiptar um einstaka þætti þess. Allir ráðh. eiga meiri og minni þátt í gerð fjárlagafrv. Sumir ráðh., eins og t. d. Ragnar Arnalds, hafa sagt að þeir væru samþykkir því í aðalatriðum.

Við stjórnarslitin hefur Alþfl. reynt að gera sér mat úr því að mikill ágreiningur hafi verið um fjárlagafrv. Í lögum um stjórn efnahagsmála átti Alþfl. ríkan þátt í að miða ríkistekjur og útgjöld við 30% af þjóðarframleiðslu. Hinn 14. ágúst s. l. voru umræður í ríkisstj. um meginstefnu fjárlagafrv. Þar gerði Benedikt Gröndal svofellda grein fyrir afstöðu Alþfl.:

Ríkisstj. samþykkir eftirfarandi markmið í ríkisfjármálum: Fjárlöflunin samkv. brbl., ásamt öðrum föstum tekjustofnum ríkissjóðs, dugi til þess að tryggja jafnvægi í ríkisbúskapnum á árinu 1980. Gerð fjárlaga fyrir árið 1980 verði af hálfu ríkisstj. við það miðuð. Jöfnuður á rekstri ríkissjóðs verði jafnframt við það miðaður að tekjur og útgjöld ríkissjóðs fari ekki fram úr 28—29% af vergri þjóðarframleiðslu ársins 1980.

Þetta er skrásett og skjalfest og verður ekki í móti mælt. Í fjárlagafrv. eru ríkistekjurnar miðaðar við 29% af þjóðarframleiðslu, en útgjöldin við 28.2%. Hverjum dettur í hug að þarna sé ágreiningur til að slíta á stjórnarsamstarfi?

Þegar Alþfl. var svo kominn í kosningabuxurnar lækkadé hann sig úr hámarkinu 29% niður í 28.5%, eða um 7 milljarða kr. Alþfl. hefur hins vegar ekki svarað því, hvar hann ætlar að skera niður 7 milljarða kr. Ég skora á talsmenn flokksins að gera þjóðinni grein fyrir því. Ef þeir gera það ekki er um ómerkilegt kosningayfirboð að ræða.

Hjörleifur Guttormsson o. fl. hafa sagt frá því í fjölmíðlum að framlög til iðnaðar hafi verið skert í fjárlagafrv. Ef borin eru saman framlög til iðrn. í fjárl. fyrir árið 1979 og í fjárlagafrv. fyrir árið 1980 kemur í ljós að þau eru 7.4 milljarðar á fjárl. 1979, en 12.5 milljarðar í fjárlagafrv. fyrir árið 1980, og nemur hækkunin 69%. Ef framlögum til Orkusjóðs er sleppt úr samanburðinum verða tölurnar 2.3 milljarðar 1979, en 4.4 milljarðar 1980, en þá er hækkunin 92%.

Þess ber að geta að fjármagn til iðnaðarins ákvarðast ekki eingöngu af framlögum úr ríkissjóði, heldur er fjármagn einnig ætlað til iðnaðarmála á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Í drögum að áætluninni er gert ráð fyrir verulegri aukningu fjármagns til Iðnlánasjóðs. Sem dæmi um framlög til iðnaðar má nefna að framlag til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er þrefaldað í fjárlög-

unum, úr 20 millj. í 67.4 millj.

Hjörleifur Þjóststartaði og hóf að flytja fjárlagaræðu án atbeina fjmrh. og ræddi sérstaklega um aðlögunargjald iðnadarins. Tekjum af aðlögunargjaldinu á árinu 1980 skal varið til eflingar iðnþróunar samkv. ákvæðum fjárlaga. Í lögumum segir að aðlögunargjaldinu skuli varið til sérstakra iðnþróunaraðgerða. Tillögur iðnrn. um ákveðnar iðnþróunaraðgerðir lágu ekki fyrir við fjárlagagerð vegna ársins 1980. Það var fyrst á ríkisstjórnarfundum 11. okt. s. l., sama dag og fjárlagafrv. var lagt fram, sem iðnrh. lagði fram till. um ráðstöfun aðlögunargjalds fyrir árið 1979. Þar sem tillögur um ákveðnar iðnþróunaraðgerðir lágu ekki fyrir við gerð fjárlagafrv. fyrirhugaði ég að taka fram í fjárlagaræðu að það væri algjörlega opið mál af minni hálfu að greiða gjaldið eftir því sem það kæmi inn þegar á næsta ári. Enginn ágreiningur er um að gjaldið gangi til iðnþróunar. Til þess að hægt verði að greiða fyrir sérstakar iðnþróunaraðgerðir á næsta ári af gjaldinu er nægilegt svigrúm í fjárlagafrv. Það er t. d. gert ráð fyrir að greiða Seðlabankanum hvorki meira né minna en 9.6 milljarða kr. En framlög til sérstakra iðnþróunaraðgerða skal ákveða við afgreiðslu fjárlaga og sundurliða í fjárlögumum.

Ég vil geta þess, að ég tel óeðlilegt að iðnrh. hafi frjálsh. hendur um ráðstöfun þessa gjalds, enda hefur slíkt aldrei hvarflað að mér og lögin gera ekki ráð fyrir slíku.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, að Hjörleifur Guttormsson og flokkur hans hafa viljað leggja stórfellda skatta á fyrirtækin í landinu, og þar með iðnaðinn, og aldrei fengist til þess að samþykkja rekstrargrundvöll fyrir iðnaðinn sem tryggði honum eðlilegan vöxt og viðgang.

Fjárlagafrv. hefur ekki verið skilað að fullu til Alþingis fyrir en fjmrh. hefur haldið fjárlagaræðu, sem allajafna er leiðbeinandi um meðferð þess í þinginu. Þess vegna er það harla óviðkunnanlegt að einn fagráðherra rjúki upp til handa og fóta áður en fjmrh. hefur haldið fjárlagaræðu og skýrt fjárlagafrv.

Á þessu ári dróst úr hömlu að taka ákvörðun um aukna tekjuöflun ríkissjóðs. Af þeim sökum fellur tekjuöflun að upphæð 4.5 milljarða kr. til á næsta ári, en ríkissjóði er ætlað það fé á árinu sem er að líða. Til að brúa bilið er fyrirhuguð 4.5 milljarða kr. lántaka til skamms tíma. Að þessari upphæð frátalinni er áætlað hlutfall tekna ríkissjóðs af þjóðarframleiðslu 28.6% á árinu 1980.

Auk þess að halda ríkistekjunum innan ákveðinna marka felur fjárlagafrv. í sér aðhald gegn verðbólgu sem m. a. kemur fram í 9 milljarða kr. tekjuafgangi og verulegum greiðslum til Seðlabankans, eins og ég gat um áður. Frv. er byggt á þeirri megin stefnu, að verðbólgan verði ekki meiri en 30% frá upphafi til loka ársins 1980. Samkv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að skuldir minnki um 3.4 milljarða kr. auk endurgreiðslu 4.5 milljarða skammtímalánsins, sem ég gat um áður. Þá nemur greiðsluafgangur 300 millj. kr.

Nokkrir veigamiklir þættir frv. hafa sérstöðu. Ber þar hæst vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs að upphæð 15.6 milljarða kr. og fjármagnsútgjöld vegna Kröflu að upphæð 3.9 milljarða kr. Um næstu áramót verður auk þess síðasta áfanga náð í lækkun tolla sem samið var um í fríverslunarsamningum við EFTA og Efnahagsbandalagið. Lækkaðar tolltekjur af þessum sökum eru

taldar munu nema tæpum 4 milljörðum kr. á næsta ári.

Þegar tillit til alls þessa er tekið, þ. e. afborgana af skuldum, óvenjulegra og óeðlilegra vaxtagreiðslna og tekjumissis samtals að upphæð 27 milljarða kr., má vera ljóst að ríkissjóði eru þröngar skorður settar til að taka að sér ný verkefni. Samt eru nokkur slík í þessu frv. Má þar nefna sem dæmi framlag til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra að upphæð 1020 millj. kr., framlag til að mæta félagslegum þætti í framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins að upphæð 1 milljarður kr., rekstur Geðdeildar Landsspítalans 360 millj. kr. og eftirlaun aldaðra sem munu nema tæpum 500 millj. kr. á árinu 1980 samkv. frv. Í fjárlagafrv. hefur enn fremur verið lögð áhersla á að framkvæmdir í orkumálum og vegamálum nytu forgangs.

Ný lög um tekju- og eignarskatt gengu í gildi um síðustu áramót og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1980. Í nýju skattalögin vatnar öll ákvæði um innheimtu, en upphaflega var gert ráð fyrir að samhliða nýjum lögum um tekju- og eignarskatt tækju gildi lög um staðgreiðslukerfi skatta, en því var hafnað. Til þess að hin nýju lög færi ríkissjóði tekjur á næsta ári er nauðsynlegt að afgreiða lög fyrir áramót um innheimtu skattanna og fleiri atriði. Frv. til slíkra laga er nær tilbúið í fjmrn. Gert er ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga hækki sem svarar tekjubreytingum milli árunna 1978 og 1979 og skatturinn verði að meðaltali svipað hlutfall af þeim tekjum sem hann er lagður á.

Beinir skattar til ríkisins verða tæp 5.6% af þjóðarframleiðslu. Í samanburði við ýmis grannlönd okkar eru þessi hlutföll tiltölulega lág. Má benda á til samanburðar að á Norðurlöndunum er hlutfall beinna skatta ríkisins í þjóðarframleiðslu um 10% að meðaltali, en hjá okkur aðeins 5.6%. Í ýmsum Evrópulöndum eru þessi hlutföll talsvert hærri, t. d. eru beinir skattar til ríkisins u. þ. b. 16% af þjóðarframleiðslu í Bretlandi og Hollandi á móti 5.6% hér hjá okkur.

Heildartekjur hins opinbera, þ. e. bæði ríkis og sveitarfélaga, sem hlutfall af þjóðarframleiðslu eru áætlaðar um 35% á þessu ári. Sambærilegar tölur eru á Norðurlöndum frá 41 til 51% og í Bretlandi 36%. Þrátt fyrir þetta er ég enginn skattapostuli, en viðurkenni þau augljósu sannindi að sjá verði ríkissjóði fyrir tekjum til að greiða nauðsynleg útgjöld án þess að skuldafórnun eigi sér stað.

Tekjur og gjöld frv. eru á því verðlagi sem talið er að muni gilda á árinu 1980, en frv. er felld inn í þá stefnu sem miðar að því að koma verðbólgunni niður í 30% frá upphafi til loka ársins. Fjárlög ársins í ár voru hins vegar reist á verðlagi um áramót 1978—79.

Vegna launahækkana á árinu 1980 eru áætlaðir 9.7 milljarða kr. Á fjárlagafrv. fyrir árið í ár var enginn sambærilegur liður.

Heildartekjur samkv. frv. eru 330 milljarða kr., en heildarútgjöld 321.4 milljarða kr. Tekjuafgangur nemur því tæpum 9 milljörðum kr.

Allt of oft er rætt um samdrátt eða niðurskurð án þess að tilgreint sé hvað eigi að skera niður. Um 70% af útgjöldum fjárlaga eru bundin í lögum. Þeir sem vilja skera niður verða að segja til um hvað á að skera niður, ella eru orð þeirra marklaus.

Í samræmi við lög um stjórn efnahagsmála o. fl. er unnið að því að efla hagsýslustartsemi ríkisins. Á þessu ári hefur verið unnið að fjölþættum verkefnum af hálfu

fjárlaga- og hagsýslustofnunar í samráði og samvinnu við önnur rn. og ríkisstofnanir.

Ad lokum er rétt að undirstrika að fjmrn. hefur lagt mikla áherslu á að koma í veg fyrir áframhaldandi skuldásöfnun ríkissjóðs og hefur beitt ýtrasta aðhaldi til að þrýsta á um aukna ráðeild og sparnað.

Til að tryggja fjárhagsstöðu ríkissjóðs samþykkti ríkisstj. aukna tekjuöflun í septembermánuði s. l.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1980 er annars vegar ætlað að tryggja fjárhag ríkissjóðs og hins vegar að vera liður í efnahagsstefnu sem færir verðbólguna niður fyrir 30% í árslok 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í sögu þjóða geta gerst atburðir sem á svipstundu svipta burt blekkingavef áróðursmeistara, — atburðir sem eru sjálfir svo táknrænir að athöfnin ein segir alla söguna. Einn slíkur hefur gerst hér á Alþingi. Nú sitja í ráðherrastólum þeir menn sem í síðustu kosningum sögðust ætla að uppræta spillingu, berjast fyrir réttlæti og jöfnuði. Riddararnir, sem blésu í lúðra gegn rotnuðu kerfi, eru í dag dekurdukkur í leppstjórn íhaldsins. Nú sést hinn hreinræktaði hægri kjarni í þriggja ára áróðursblekkingum Alþfl. Hinn nýi flokkur er þá eftir allt saman bara gamla viðreisnarhækjan.

Þótt brotthlaup Alþfl. úr vinstri stjórn bæri að með skjótum hætti var aðdragandinn langur. Þess ber að minnast að Sighvatur Björgvinsson og Vilmundur Gylfason greiddu í fyrra atkvæði gegn þátttöku Alþfl. í vinstri stjórn og Bragi Sigurjónsson neitaði að gegna forsetastörfum í þágu hennar. Valið á nýju ráðh. Alþfl. er því táknrænt fyrir bæði fortíð og framtíð. Verðbólguhjal þeirra hér í dag er aðeins ómerkileg afsökun manna sem ætíð ætluðu sér að stjórna með íhaldinu. Þegar raunvaxtastefnan hefur bara orðið búbot fyrir braskarana, sem nú þessar vikurnar eru að kaupa íbúðirnar af unga fólkinu sem hávaxtastefna Alþfl. er að sliga, hleypur Alþfl. burt til að breiða yfir vitleysurnar í efnahagsfrv. sínu frá fyrra mánuðum þessa árs. Og það er svo ómerkilegt grín að Vilmundur Gylfason talar hér um baráttu gegn gamla valdakerfinu, — nýsestur í gamla ráðherrastólinn hans pabba síns!

Nei, staðreyndin er sú, að þeir Aragötufedgar hafa lengi ætlað sér í nýja sæng með íhaldinu. Og það var vel til fundið hjá fréttamönnum sjónvarpsins að sýna þjóðinni Gylfa Þ. Gíslaon gleiðbrosandi á leið til þess flokksstjórnarfundar sem afhjúpaði áróðursblekkinguna um nýja flokkinn. Sagan frá 1959 er nú endurtekin í öllum sínum ömurleik.

Ferill Benedikts Gröndals ætlar að verða eindæma rislitill. En hvers er annars að vænta? Í dag situr sá maður í stól forsrh. þjóðarinnar sem fyrir fáeinum mánuðum vildi sleppa bandarískum hermönnum lausum út um allt íslenskt þjóðlíf, fyrir fáeinum vikum gekk erinda norskra krata og ætlaði að fórna hagsmunum Íslendinga á Jan Mayen-svæðinu og fyrir fáeinum dögum flutti Alþ. skýrslu um nýjan minnisvarða betlilundar gagnvart bandaríska hernum, svokallaða flugstöð, sem er í reynd nýtt vígbúnaðarmannvirki í þágu NATO. Það er kannske við hæfi að slíkur maður sé forsrh. þeirrar dúkkustjórnar sem umbodshafi Bilderberg-reglunnar á Íslandi, formaður Sjálfstfl., setur á fót, enda sýndi ræða hv. þm. Geirs Hallgrímssonar hér í dag að hann telur sig greinilega hafa húsbóndavaldið yfir Alþfl.

En þótt atburðir síðustu daga séu ill tíðindi fyrir íslenska vinstri menn og alla þá sem unna þjóðfrelsi, menningarlegri reisn og félagslegum framförum ber þó að fagna einu: Alþfl. siglir ekki lengur undir fölsku flaggi. Hann hefur skipað sér í sveit hægri aflanna, kerfisþrællanna, hagsmunajöfranna og spillingarkónganna. Vilmundur Gylfason er orðinn dúkkuráðherra dómsmála í skjóli Jóns Sólness. Það eru sögulok Kröflumálsins. Þarf fleiri vitnisburði um algjöra uppgjöf Alþfl.?

Þegar Sjálfstfl. hefur á ný náð tökumum í stjórn landsins og kosningar boða áframhaldandi bandalag íhalds og krata, er nauðsynlegt að þjóðin átti sig vel á því hvað í vændum er. Stefnuskra Sjálfstfl., boðskapur Vinnuveitendasambandsins og Verslunarráðsins, kröfugerð Alþfl. á Alþ. og innan fráfarandi ríkisstj., — allt talar þetta einum rómi um ómengaða hægri stefnu, afturhvarf til síðasta áratugs, afturför í stað framsækni.

Hið sameinaða íhald boðar nú aðför að kaupmætti almennings, nýjar fórnir launafólks svo braskararnir geti tekið allt sitt á þurru þrátt fyrir holskeflur verðbólgunnar. Afnám verðbóta á laun, fjótrar á samtök launafólks, bann við kjarabótum, — allt þetta verður á borðum þingmanna á jólaföstu vinni íhaldsöflin sigur. Og það er táknrænt að Morgunblaðið birtir í dag frétt um að framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins og lagaprófessorinn herra Línadal, sem hlið við hlið hafa barist gegn réttindum launafólks, eigi að vera framþjóðendur Sjálfstfl. í næstu kosningum. Nú skal tryggja að í hinum nýja þingflokki Sjálfstfl. bili ekki þjónustan við hagsmuni atvinnurekendavaldsins.

Hið sameinaða íhald boðar nú stórfellda erlenda stóriðju. Draumar Morgunblaðsritstjórnar frá síðasta áratug um 20 álver í eigu útlendinga skulu gerðir að veruleika. Erlendir fjármálfurstar skulu fá enn meiri ítök í efnahagslífi Íslendinga. Og það er táknrænt að um leið og H. Ben. & Co er að fara á hausinn, Flugleiðir ríða til falls og Eimskip er að komast í rekstrarþrot birtist höfuðpaur hluthafalíkunnar í Sjálfstfl. í sjónvarpinu og gerir bandalag við erlenda auðmagnni að úrslitakröfu fyrir nýrri ríkisstjórn á Íslandi. Afsal landsréttinda og orkugjafir til útlendinga eiga greinilega að vera bjarghringur gjaldþrotaburgeisa í Geirshirðinni í Sjálfstfl., og skiptir þá engu þótt efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar verði stefnt í hættu.

Hið sameinaða íhald boðar nú atlögu gegn félagslegri þjónustu, menningarstarfsemi, heilbrigðiskerfi og almennri velferð sem markað hafa framsókn alþýðu til mannsæmandi lífs og menningarlegrar reisnar. Nú ætlar íslenska íhaldið að framkvæma niðurrifsstefnu evrópskra íhaldsflokka gagnvart þeirri velferðarþjónustu sem eflid hefur verið á síðustu áratugum og talsmenn auðmagns telja til helstu óþurftarverka sósíalista. Nú er það máttur markaðarins og kraftur peninganna sem ráða eiga ferðinni.

Það er táknrænt að á fyrstu mínútunum í embætti sínu skuli hinn nýi menntmrh. íhaldsins afneita nauðsyn á betri húsakosti Ríkisútvarpsins. Það þarf engan að undra því á síðasta vetri var hann hér á Alþ. helsti talsmaður þess að auðvaldið ætti að ráða ferðinni í fjölmiðlum Íslendinga.

Það er því ljóst að vinni íhaldsöflin sigur verða hér samþykkt á jólaföstu fjárlög sem skera munu á lífæðar samneyslunnar í landinu, enda boðaði hv. þm. Friðrik Sophusson hina nýju niðurrifsstefnu með afráttarlaus-

um hætti í umræðunum hér í dag. Það er nauðsyn að almenningur í þessu landi átti sig á því, að hin sameinuðu íhaldsöfl ætla nú að ráðast með hnífnum að menningarstofnunum og velferðarþjónustu þessa lands. „Skerum, skerum,“ voru kjörorð Sverris Hermannssonar í útvarpinu fyrir skömmu.

En það er ekki aðeins stórfelldar kjaraskerðingar, erlend stóriðja, auknar hernámsframkvæmdir og atлага að menningarstarfsemi og félagslegri þjónustu sem eru í farangri íhaldsaflanna. Þar er einnig eitt sem þeir forðast umfram allt að nefna: atvinnuleysi. Atvinnuleysið er hin raunverulega baktrygging þess markaðskerfis auðmagnsins sem nú á að endurreisa á Íslandi. Það þekktist hvergi í heiminum að til sé í veruleikanum það markaðskerfi, sem þessir herramenn boða hér, nema því fylgi stórfellt atvinnuleysi. Það er gjaldíð sem almenningi er ætlað að greiða fyrir að endurvekja gömlu viðreisnina.

Góðir Íslendingar. Atburðir síðustu mánaða og ára hafa sýnt að gegn hinum sameinuðu íhaldsöflum er aðeins ein vörn: sterkt og öflugt Alþb., flokkur launafólks gegn liðsmönnum atvinnurekenda, flokkur þjóðfrelsis gegn auknum erlendum ítökum, flokkur menningarlegrar reisnar gegn láγκúru braskarakerfisins, flokkur samhjálpur gegn miskunnarleysi auðmagnsdrottunar.

Á síðustu mánuðum og árum hefur komið skýrt í ljós að engin von er til þess að Framsfl. verðskuldi traust vinstri manna. Ferill hans í hægri stjórninni 1974—78 og samstaðan með Alþbfl. í efnahagsmálaumræðunum innan fráfaramandi stjórnar er óyggjandi vitnisburður í þessum efnum, enda lagði Steingrímur Hermannsson, hinn nýi formaður flokksins, á það ríka áherslu hér í dag að það væri enginn ágreiningur í efnahagsmálum milli Alþbfl. og Framsfl. Það er því ljóst að Framsfl. gengur nú til kosninga undir nýrri forustu með ný sjónarmið: forustu Steingríms Hermannssonar, Tómasar Arnasonar og Guðmundar G. Þórarinssonar, sem allir hafa í áratugi verið postular einkaframtaks og erlendrar stóriðju. Þeir hafa fyrir löngu yfirgefið upphaflegan stefnugrundvöll Framsfl. um félagshyggju og raunsanna samvinnustefnu.

Alþb. stendur því eitt gegn þríeinu bandalagi íhaldsins — stórihaldsins í Sjálfstfl., litla íhalds dúkkuráðherranna í Alþbfl. og draumaíhalds nýju forustunnar í Framsfl. Línurnar í íslenskum stjórnámálum eru því skýrar og afdráttarlausar. Alþb. heitir á alla, sem vilja raunverulega vinstri stefnu, að veita okkur lið. Við heitum á alla, sem vilja verja hagsmuni launafólks, verja félagslega þjónustu, menningarleg verðmæti og sjálfstæði þjóðarinnar, að taka nú höndum saman. Það hefur sjaldan verið meira í húfi. Aðeins afdráttarlaus fylgisaukning Alþb. megnar að koma í veg fyrir hin illu verk íhaldsaflanna.

Hjörleifur Guttormsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það hafa verið að gerast mikil og næsta afdrifarík tíðindi í íslenskum stjórnámálum síðustu vikur og daga. Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, sem margir bundu vonir við sem vinstri stjórn, hefur látið af völdum og við tekið minnihlutastjórn Alþbfl. studd af Sjálfstfl. sem ber á henni alla ábyrgð og mun stjórna gerðum hennar eins og strengbrúðum.

Þessir atburðir eru öllum einlægum vinstri mönnum í landinu harmsefni, þótt þeir hinir sömu hefðu viljað sjá meiri árangur af stórfum fráfaramandi stjórnar í anda vinstri stefnu á mörgum sviðum en raun hefur orðið á. Menn

skulu þó minnast þess, áður en dómur er upp kveðinn, að starfstími stjórnarinnar varð aðeins rúmt ár, en það er skammur tími til að undirbúa og koma í framkvæmd umbótamálum er mörg hver þarfnast alllangs aðdraganda og samráðs við marga eigi vel til að takast.

Stjórnin tók við erfiðu búi, þrotabúi hægri stjórnar, í upphafi, eins og hér hefur verið rakið og flestum er enn í fersku minni. Grundvöllur atvinnuvega í landinu var brostinn, óðaverðbólga meiri en áður hafði þekkt, ófriður ríkti á vinnumarkaði og stöðvun og atvinnuleysi var fram undan. Sú ríkisstj., sem við tók og lét af völdum í gær, þurfti þannig að glíma við hin örðugustu viðfangsefni, og henni tókst að leysa úr aðsteðjandi vanda og tryggja hér fulla atvinnu og frið á vinnumarkaði og halda í aðalatriðum í horfinu varðandi kaupmátt almennra launatekna, ef frá eru talin áhrif af versnandi viðskiptakjörum. Sú kjararýrning á fyrst og fremst rót sína að rekja til utanaðkomandi aðstæðna og þeirra breytinga sem knúðar voru fram á vísitölukerfi — og þá öðru fremur til olíuverðshækkana — og hin sama þróun hefur valdið því öðru fremur að verðbólguþróun er hér svipuð er stjórnin fór frá í gær og þegar hún tók við haustið 1978.

Þeir, sem nú hafa hlaupið fyrir borð úr stjórnarsamstarfi og ætla að knýja hér fram kosningar um hávetur og rökstyðja það með því einu að hér ríki enn óðaverðbólga, mættu minnast þess, hvornig þróunin hefði orðið ef ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hefði ekki gripid til þeirra aðgerða gegn verðbólgu sem um skeið skiluðu verulegum árangri. Alþbfl.-forustan, sem nú reynir að afsaka ábyrgðarleysi sitt og svik við málstað vinstri manna og verkalyðshreyfingar í landinu, ætti að hafa í huga að svo afleit og ógnvekjandi sem verðbólguþróun undanfarinna ára hérlendis hefur verið, þá skipta fleiri atriði alþýðu þessa lands ekki minna máli og þá öðru fremur atvinnuöryggið. Gegn verðbólgunni ber að berjast í samvinnu við alþýðusamtökin í landinu og með heildarhagsmunum í huga, en þess verður að gæta jafnframt að fórna ekki því sem dýrmætast er hverjum manni: réttinum til vinnu og eðlilegs afraksturs af erfiðri sínu. Þetta kemur í hugann nú er við heyrum samdráttar- og krepputal þess nýja meiri hl. er nú hefur skriðið saman hér á Alþb., þótt reynt sé að breiða yfir sambúðina. Þetta krepputal hefur verið grunntóninn hjá talsmönnum Alþbfl. og Sjálfstfl. í þessum umr.: niðurskurður framkvæmda, minni samneysla.

Í þessu sambandi er okkur hollt að líta til margra nágrannalanda þar sem nú ríkir geigvænlegt og vaxandi atvinnuleysi og fylgt er þeim hagstjórnarformúlum sem forustumenn Alþbfl. hafa bitið sig fastast í og birtast í prósentutölum varðandi fjárveitingar til framkvæmda og atvinnuuppbyggingar í landinu, óháð því hverjar þær eru. Raunar hafa þeir Alþbfl.-menn náð þeim árangri í trúboði sínu að þessu leyti að kreppuprósenturnar ganga sumar hverjar nær óbreyttar aftur, ekki aðeins hjá Sjálfstfl., heldur í nýlegum till. Framsfl. sem formaður hans hefur lýst sem grundvelli í kosningastefnuskrá flokksins í komandi alþingiskosningum. Á bak við hlakkar svo íhaldið — sú stjórnarandstaða Sjálfstfl. sem flestir höfðu gleymt að væri til uns formaðurinn birtist á sjónvarpsskjánum um daginn og boðaði meiri hl. Sjálfstfl. sem haldreipi í íslenskum þjóðmálum.

Nú er að skýrast sú mynd sem margir töldu við blasa er fyrir lágu úrslit alþingiskosninganna á síðasta ári, en ekki náði að renna saman í formi ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþbfl. í

fyrirasumar vegna eindreginnar kröfu alþýðu manna til sjávar og sveita um að þeir, sem taldir voru íhaldsandsstæðingar í landinu, tækju höndum saman. Um þessa kröfu tókst að fylkja þremur flokkum um tíma fyrir tilverknad Alþb. og formanns þess öðru fremur, þótt ekki fengi hann að veita þeirri stjórn forustu vegna íhlutunar erlendir aflu sem nú er engum dulið að hafa hér hin afdrifaríkustu áhrif enn í dag í NATO-flokknum íslensku eins og á fyrstu árum lýðveldis okkar. Ávinningar þessa stjórnarsamstarfs eru m. a. þeir, að tekist hefur að lögfasta ýmis mikilvæg réttindamál alþýðu, — réttindamál sem ella hefði þurft harða kjarabaráttu og að líkindum mörg ár til að knýja fram.

Alþfl. rýfur stjórnarsamstarf er fjölmörg mikilvæg hagsmunamál eru á viðkvæmu stigi. Framhaldi þessara mála er stefnt í mikla tvisýnu, svo ekki sé meira sagt. Liðið stjórnarár hefur verið undirbúningstími í ráðuneytum ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar og þ. á m. fyrir mörg mikilsverð mál sem ráðh. Alþfl. höfðu með að gera og vildu bera fram, eins og varðandi húsnæðismál og lífeyrismál. Flest rn. voru með mikilsverð mál og lagaþætur í undirbúningi, eins og fram kemur í fskj. með stefnuræðu fyrrv. forsrh. sem lögð hefur verið fram hér á þinginu. Ríkisstj. hafði því verk að vinna jafnhliða andófi gegn verðbólgu. Hlaupist er þannig frá fjölmörgum brýnum hagsmunamálum almennings og hætta blasir við. Ekki er útlit fyrir minnkun verðbólgu á næstunni, heldur miklu fremur hætta á mögnun hennar nú í kosningalotu og með lausa kjarasamninga flestra stéttarfélag. Ábyrgðina á þessu ber fyrst og fremst Alþfl. sem þykist öðrum fremur vilja sókn gegn verðbólgunni.

Á vegum þess rn., sem ég veitti til skamms tíma forustu, hafa mörg mál — að ég tel gagnleg mál — náð fram að ganga og það hefur verið unnið stefnumarkandi starf jafnt á sviði orku- og iðnaðarmála. Þeirri stefnumörkun hefur ekki verið komið í höfn nema að takmörkuðu leyti, þótt samstaða hafi tekist um mörg mikilsverð atriði. Ég nefni hér fáein dæmi:

Á sviði orkumálanna má geta undirbúnings að stofnun nýrrar landsvirkjunar, sem er mikið hagsmunamál fyrir alla landsmenn horft til langs tíma og einnig í næstu framtíð í sambandi við verðjöfnun á raforkuverði. Ég vil nefna stórfellda hækun á olíustyrk, sem var sjálfsagt réttindamál og þar sem í undirbúningi var að ganga lengra í sambandi við jöfnun upphitunarkostnaðar. Ég bendi á að hert var á þessu ári á framkvæmdum í orkumálum og framkvæmdaundirbúningi í ljósi breyttra aðstæðna. Ég minni á að stefnumörkun liggur fyrir um orkusparnað og hagkvæmari orkunýtingu á mörgum sviðum. Ríkisstj. hafði samþykkt húshitunaráætlun sem stefnir að því að útrýma á næstu 4 árum eða svo að mestu olúkyndingu íbúðarhúsnæðis.

Þannig er á sviðum orkumála að fjölmörgu að vinna og tillögur lágu fyrir eða voru í mótnum um framtíðarmálefni. Þar get ég einnig minnst á athugun á framleiðslu á eldsneyti hér innanlands. Ég vil einnig minna á aðgerðir í sambandi við hitaveitur, fjarvarmaveitur og aðrar slíkar framkvæmdir. Þar tókst að koma í höfn vandasömu verki, sem var undirbúningur hitaveitu á Vesturlandi sem úthlutað var fullu og óskoruðu starfsleyfi fyrir síðustu helgi.

Varðandi iðnaðarmálin væri einnig af mörgu að taka. Ég sé ástæðu til að minna hér á þskj. sem lagt var fram fyrir fáum dögum hér í Sp., um stefnumörkun í iðnaðar-

málum. Á sama tíma og þetta liggur fyrir á borðum þm. talar hv. fyrrv. fjmrh. um að ekki liggja fyrir stefnumarkandi tillögur um iðnþróun af hálfu iðnrn. — á sama tíma og hann leggur hér fram fjárlagafrv. sem sker u. þ. b. 2 milljarða af mörkuðum tekjustofnum til iðnaðarmála á næsta ári! Ég hélt að hv. þm. mundi ekki sjá ástæðu til að fara út í þau mál við þessa umr. En ég held að menn geti leitað að þeim mönnum, sem bera hag íslensks iðnaðar fyrir brjósti, sem mæla bót þeim gerðum sem fyrir liggja og skjalfestar eru í frv. til fjárlaga. Ég tel mig hvorki hafa tíma né ástæðu til að fara langt út í þá sálma hér. Fyrir því hefur verið gerð grein.

Herra forseti. Efling innleindra atvinnuvega, m. a. með hagræðingu, bættri stjórnun og framleiðniaukningu í þeim rekstri sem fyrir er, er ein af þeim leidum sem Alþb. leggur áherslu á til bættra lífskjara. En við Alþb.-menn leggjum ekki síður ríka áherslu á aukin áhrif starfsfólks á eigið vinnuumhverfi og íhlutunarrétt um stjórnun og starfsemi fyrirtækjanna. Alhliða efling og aukin fjölbreytni í atvinnulífi um allt land er nú sem fyrr eitt brýnasta viðfangsefni í þjóðmálunum ásamt öðru er fylgja þarf til menningarlegrar aðstöðu og þjónustu. Því mun Alþb. óhikað tefla fram stefnu aukinnar samneyslu og félagslegra úrræða gegn þeirri samdráttar- og kreppustefnu sem íhaldsöflin í hinum flokkunum þremur vilja nú knýja fram.

Línurnar í íslenskum stjórnmálum hafa verið að skerpast og skýrast að undanfögnu. Annars vegar standa afturhaldsöflin undir sundurþykkri forustu Sjálfstfl. og byggjast gagnýta sér sundrung vinstri aflu, sem talin hafa verið, og hafa nú fengið dyggilegan stuðning Alþfl. Hins vegar er Alþb. sem eitt getur reynst þess megnugt að hrinda þessari sókn afturhaldsins í landinu. Alþb. gengur úr nýloknu stjórnarsamstarfi reynslunni ríkara. Launþegar þessa lands ættu að vera reynslunni ríkari einnig og vita hvar kauplækkunaröflin er að finna. Bændur landsins eru reynslunni ríkari og vita hvar stuðning er að finna. Gegn sókn afturhaldsins á alþýða þessa lands aðeins einn kost. Það er að gera Alþb. að ótvíráðum forustuflokkum á vinstri væng íslenskra stjórnmála. Eflingu þess þarf að tryggja í næstu kosningum ótvíráðar en gerðist í júní 1978.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Övenjulegar aðstæður hafa nú skapast í íslenskum stjórnmálum. Vinstri stjórn hefur mistekist að kljást við efnahagsvandann, hún hefur hætt störfum og kosningar eru fram undan í byrjun desembermánaðar. Að þessu leyti eiga Íslendingar við svipaðan vanda að etja og flestar nágrannaþjóðir, þar sem kosningar og stjórnarmyndanir eru tíðar. Menn leita ráða gegn þeirri efnahagskreppu sem nú hrjáir mestan hluta hins vestræna heims, og í lýðræðisþjóðfélögum jafngildir það leit að mönnum sem kunna ráð.

Menn deila hart um hvað hafi orðið síðustu stjórn að aldurtíla. Verkalýðshreyfingin hafði bundið við það miklar vonir að þeirri stjórn mætti takast að hrinda í framkvæmd mörgum og margvíslegum baráttumálum verkalýðshreyfingarinnar og vernda kjör hinna lægst launuðu. En því miður varð fljótlega ljóst að grundvöllur samstarfs var býsna götöttur, enda skoðanir mjög skiptar um hvaða leiðir skyldi fara til baráttu gegn verðbólgunni.

Alþfl. bauð hvorki gull né græna skóga í síðustu kosningabaráttu. Þvert á móti lagði hann áherslu á að al-

menningur yrði að búa sig undir erfða tíma á meðan verðbólgan væri kveðin niður. En þegar flokkurinn lagði fram frv. sitt um efnahagsmál fyrir rúmu ári voru þeir allt of margir sem heldur vildu láta reka á reiðanum, töldu verðbólguna betri en strangar efnahagsráðstafanir sem snert hefðu alla landsmenn um einhvern tíma. Það var rétt eins og þessir menn væru í látlástri kosningabaráttu.

Láglaunafólkið í Verkamannasambandi Íslands lagði sitt af mörkum svo baráttan mætti leiða til sigurs. En hvað gerðist? Hálaunahópar klufu sig út úr. Þeir gerðu kröfur í anda þrýstihópa, fóru sínu framgengt og settu allt á annan endann í þjóðfélaginu. Ábyrgð þeirra er mikil.

Alþfl. lagði áherslu á kjarasáttmála. Samráð við verkalyðshreyfinguna hefur sjaldan verið óhöndulegra. Auk margvíslegra efnahagsráðstafana vildi Alþfl. að vísitölukerfið yrði endurskodað og því breytt svo að það hætti að mæla ráðh. 118 þús. kr. hækkun á meðan verkamaður fékk 18 þús. kr. hækkun. Langflestum tilögum Alþfl. var varpað fyrir róðan, og menn geta spurt sjálfa sig hvers vegna.

Þegar flokknum var ljóst að verðbólgan æddi óheft áfram taldi hann sig ekki geta setið lengur í ríkisstj. Hann hafði hvað eftir annað gefið eftir til að halda ríkisstj. saman, og mælirinn fylltist. Alþfl.-menn gátu ekki séð á eftir fleiri tillögum sínum í ruslakörfuna, sem jafngilti svikum við kjósendur.

Í verkalyðshreyfingunni eru fleiri og fleiri að gera sér ljóst að gömlu aðferðirnar duga ekki lengur. Það verður að snúa við blaðinu, beita nýjum ráðum. Þeir, sem þannig hugsa, eiga oft erfitt uppdráttar í baráttunni gegn staðnaðri hugsun og skoðunum. Þeir verða oft fyrir höfðum ádeilum. En staðreynd er það engu að síður að innan verkalyðshreyfingarinnar hefur tekist góð samvinna með hinum frjálslyndari öflum sem telja krónu-töluhækkun ekki lengur tryggingu fyrir kaupmætti launa. Ég er sannfærður um að ef t. d. fulltrúar Alþb. úr verkalyðshreyfingunni hefðu átt sæti í síðustu ríkisstj. hefði ekki farið eins og fór.

En mig langar nú að vikja að þætti Sjálfstfl. í því stjórnmálastríði sem háð hefur verið og magnast að mun á næstu vikum og mánuðum. Í stjórnarandstöðu hefur Sjálfstfl. verið vitamættlaus. Hann hefur ekki lagt fram neinar raunhæfar tillögur um úrbætur í efnahagsmálum, aðeins tönnlást á frjálshyggjuhugtakinu sem fáir skilja nema þeir sem yfir fjármagninu ráða, þ. e. a. s. þeir ríku. Flokkurinn og einstakir fulltrúar hans hafa verið sjálfum sér ósamkvæmir, þingflokkurinn margklofinn og hatrömm innri átök einkennt allt starf hans. Þetta er flokkurinn sem gerir kröfur til þess að fá meiri hl. þm. í næstu kosningum án þess að hafa til þess unnið á nokkurn hátt, — eða hver yrði stefna meirihlutastjórnar Sjálfstfl.? Ef frjálshyggjuhugsjónin verður ofan á verður fjármagnið leitt til þeirra valda er verkalyðshreyfingin mun stórlega líða fyrir. Og hvert leiddi síðasta ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar þjóðina? Menn hafa kannske gleymt því, að verðbólgan var nærri 50% þegar hún lét af völdum. Þá var atvinnuleysi í landinu og þá einkum á Suðurnesjum, þar sem frýstihúsin höfðu hætt starfrækslu. Þá kunni Sjálfstfl. engin ráð við verðbólgu. Þá horfðu þeir í gaupnir sér ef verkafólk krafðist fullrar atvinnu. Engar sjáanlegar breytingar hafa orðið sem benda til þess að hið ósamstæða lið hafi fundið ráð eða geti hugsanlega náð samstöðu um að beita þeim hafi þau á annað borð

fundist.

Ég vil í þessu sambandi spyrja hlustendur: Hver eru ráð Sjálfstfl.? Hver eru heit hans og loforð? Hvar eru baráttumál hans eftir 13 mánaða stjórnarandstöðu? Hvaða breytingar hafa orðið á Sjálfstfl. frá síðustu ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar sem tryggja skárrí árangur í baráttunni við verðbólguna? Hvernig er komið forustu Sjálfstfl. sjálfs? Er Sjálfstfl. sá bjargvættur sem Íslendingar geta treyst? Ég vona að menn velti þessum spurningum fyrir sér, og ég veit að niðurstaðan verður sú, að flokkurinn hefur engin þau tilþrif sýnt að hann verði hæfari en áður til að fara með stjórn þessa lands.

Alþfl. hefur æ ofan í æ bent á að engin ráð eru til í baráttunni við verðbólguna og efnahagsóreiðuna önnur en þau að jafna kjör í landinu og að almenningur taki á sig þá erfðeika sem búast má við ef ráðist er gegn meinvættinum. Menn geta barið hausnum við steininn endalást og talið sér trú um að hægt sé að fleyta þjóðarskútunni á innistæðulausum ávisunum eða hæg: sé að halda fullum framkvæmdahraða hins opinbera og einstaklinga með erlendum lántökum, að hægt sé að kaupa alla hluti á lægra verði en þeir raunverulega kosta. Það kemur að því að reikningnum verður lokað og skuldarar sóttir til saka. Ef farið hefði verið að ráðum Alþfl. fyrir rúmu ári væri staðan önnur. Það er enn þá tími til að fara að ráðum hans.

Við skulum umfram allt muna að spor Sjálfstfl. hræða. Spor hans eru atvinnuleysi og óreiða. Spor hans markast af ástmegi braskaranna, verðbólgunni. Erfðeikarnir nú stafa af því, að vinstri flokknum hefur ekki tekist að ná samkomulagi um að þurrka út spor Sjálfstfl. Því heldur vitleysan áfram. Því æðir verðbólgan áfram.

Nú göngum við jafnaðarmenn gunnreifir til kosninganna. Við höfum sverð sannfæringarinnar að vopni. Við höfum trúna á nauðsyn þess að berjast fyrir betr. þjóðfélagi, fyrir velferðarþjóðfélagi jafnaðarstefunnar.

Góðir hlustendur. Munið það — og munið það vel, að Alþfl. er eini valkosturinn gegn vitleysunni.

Fjmrh. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði áðan að það væri sérstakt áhugamál okkar Alþfl.-manna að skera niður framkvæmdir. Það er ekki rétt. Hins vegar erum við Alþfl.-menn andvígir stjórnarháttum eins og þegar t. d. eru auknar erlendar lántökur til Grindartanga umfram heimildir Alþingis um 50%, eins og hv. þm. gerði í sumar í ráðherratið sinni. Það er athyglisvert fyrir þá stóriðjumenn í Alþb. að hann gerir ráð fyrir að auka erlendar lántökur vegna þessarar sömu verkmiðju um 140% á næsta ári.

Þá sagði hv. þm. að með því að slíta stjórnarsamstarfinu værum við að stefna í hættu þeim félagsmálum sem hæstv. heilbr.- og félm.- og trmrh. hefur undirbúið. Þetta eru sömu málin og Alþb.-menn komu í veg fyrir að afgreidd yrðu á síðasta þingi. Þessum málum verður ekki stefnt í hættu. Félmrh. mun leggja síðustu hönd á þau og leggja þau fyrir næsta þing, sem kemur saman að loknum kosningum, og þá reynir á hvort vilji er á Alþ. að afgreiða málin í vetur.

Stjórnmálaumræður á Íslandi falla eftir hefðbundnum farvegi. Menn tileinka sér enn það meiningarlitla karp sem að mestu fer fyrir ofan garð og neðan hjá öllum almenningi. Það skiptir ekki máli hversu lengi slíkar umræður standa. Þær hafa raunar staðið nær óslitið í fjölmörgum og

á þingfundum um áráraðir og þjóðin verður aldrei neinu nær. Ég ætla því að leiða slíkan málflokk hjá mér, karpið, andsvörin og hinar persónulegu dylgjur og ásakanir um óheilindi og illar hvatir. Menn úr ólíkum stjórnmálaflokkum hafa ávallt þurft að vinna meira og minna saman og svo mun enn verða. Brigsli um svik, um að vilja svipta fólk atvinnunni, matþjörginni, eða jafnvel ásakanir um landráð, eins og t. d. hafa verið bornar á okkur Alþfl.-menn, breyta engu um að átök stjórnmála eru um markmið og leiðir, en ekki barátta myrkurs og ljóss. Enginn maður bætir spönn við hæð sína með því að svivirða aðra, jafnvel ekki þótt leiðir manna skilji um sinn vegna þess að skoðanir þeirra fara ekki saman. Í stað þess að taka þátt í slíkum leik, þegar stjórnmálamenn láta skaphitann verða drengskapnum yfirsterkari, vildi ég fá að beina máli mínu til landsmanna, frá þeim stjórnmálamönnum, sem hér deila hver við annan, og til kjósenda. Okkur alþm. ber að standa kjósendum reikningsskap gerða okkar. Fyrir þeim ber okkur að skýra athafnir okkar í eins ljósu og einföldu máli og við getum.

Hinn almenni kjósendi spyr margs þessa dagana: Hvers vegna tók Alþfl. þá ákvörðun að hætta stjórnarsamtari? Hvers vegna valdi hann þennan tíma til þess? Hvers vegna var ekki reynt betur? Á þeim fáu mínútum, sem ég hef hér til ráðstöfunar, ætla ég að reyna að svara þessum spurningum.

Áratugurinn 1970—1980 er hvorki áratugur Ólafs Jóhannessonar, Geirs Hallgrímssonar, Lúðvíks Jósepsonar né nokkurs annars manns, hvað sem hver segir. Áratugurinn 1970—1980 er áratugur ódaverðbólunnar — tímabil þar sem dýrtíðin hefur grafið undan stöðum okkar litla samfélags, ekki aðeins í efnahagsmálum þjóðarvæðisins í heild, heldur í afkomumálum hverrar einustu fjölskyldu í landinu. Vegna dýrtíðarinnar höfum við dregist aftur úr nálægum þjóðum í aðbúnaði og afkomu. Vegna dýrtíðarinnar hafa félagslegar umbætur að engu orðið í höndunum á okkur. Vegna dýrtíðarinnar hefur samkennd og samábyrgð okkar fámennu þjóðar breyst í kapphlaup þar sem hver treður skóinn niður af þeim næsta. Vegna dýrtíðarinnar hafa hvers konar óheilbrigðir samskiptahættir vaxið hröðum skrefum og siðgæðismat þjóðarinnar brenglast. Vegna dýrtíðarinnar hefur bilið stöðugt farið breikkandi milli annars vegar smælingjanna og hins vegar forréttindahópanna sem geta ávallt velt byrðunum af sér yfir á aðra. Dýrtíðin er okkar höfuðandstæðingur. Ef við getum ekki unnið bug á henni mun okkur hvergi verða neitt ágengt, hvað sem við reynum og hvar sem við reynum.

Í síðustu kosningabaráttu börðumst við Alþfl.-menn fyrir því að byggð yrði víglína gegn dýrtíðinni, reist girðing gegn frekari framsókn hennar. Það töldum við vera slíkt meginviðfangsefni að flestöll önnur hlytu að hverfa í skuggann. Eins og hygginn bóndi, sem hyggst verja land sitt ágangi, vissum við að slík girðing yrði ekki traust nema hún hvíldi á mörgum styrkum stöðum. Enginn bóndi hengir girðingu sína á einn staur. Hann veit að þótt sá eini staur kunni að vera sterkur hangir girðingin niðri og veitir enga vörn ef allir hinir staurarnir liggja flatir og enginn vill reisa þá við. Sú girðing, sem við Alþfl.-menn vildum reisa sem varnarlínu, þurfti því að byggjast á samræmdri aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum, þ. á m. í skattamálum, í fjárfestingarmálum, á aðhaldi í erlendum lántökum, á aðhaldi í peningamálum, á raunvöxtum, á

raunverulegri stefnumörkun í verðlagsmálum og launamálum. Með samræmdri stefnu í öllum þessum málaflokkum gátum við reist viðnám við verðbólgu. Með einn þáttinn stjórnlausan, annan óafgreiddan, þann þriðja óvísan og svo koll af kolli mundi haldið áfram á sömu óheillabraut.

Í samræmi við stefnu okkar lögðum við þrívægis fram á s. l. vetri tillögur um gerð slíkrar samræmdrar efnahagsstefnu. Það gerðum við í nóvembermánuði s. l., það gerðum við í desembermánuði s. l. og það gerðum við í janúar og febrúarmánuði s. l. En eins og mönnum er í fersku minni höfðum við ekki erindi sem erfiði. Ýmist fengust tillögur okkar ekki afgreiddar eða þeim var harðlega neitað og engar gagnlögur komu í staðinn. Þegar frv. þáv. hæstv. forsrh. Ólafs Jóhannessonar um stjórn efnahagsmála fékkst loks samþ. var það allt slævt og sundrað, og Þjóðviljinn birti greinaflokk við hlið leiðara um hvernig eitt atriðið af öðru í tillögum Alþfl.-manna hefði ýmist verið skotið niður, slævt eða ónýtt. Og Þjóðviljinn hrósaði Alþb. sérstaklega fyrir að hafa gert þetta án þess að geta sett neitt í staðinn.

Nú hefur reynslan dæmt. Í þjóðhagsáætlun er spáð að verðbólgan, sem var í fyrra 38%, verði nú 55%. Og dýrtíðin hefur eyðilagt hvert stefnumið okkar á fætur öðru. Ríkissjóður hefur gerst botnlaust verðbólguhit. Til þess að fylla þá hit höfum við þurft að leggja á 19 nýja skatta. Skuldaférfun erlendis hefur farið 40% fram yfir heimildir Alþ., og á næsta ári hefðu erlendar lántökur stefnt í milli 90 og 100 milljarða kr., sem hefði þýtt nettóaukningu á erlendum skuldum þjóðarinnar um 45—60 þús. millj. kr. Og góðu umbótamálin, sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa viljað fá fram, hafa orðið að engu í höndunum á okkur í þessari ódaverðbólgu.

Góðir hlustendur. Þeir ykkar, sem muna málflokk okkar Alþfl.-manna á s. l. vetri, muna að við sögðum þá að ef till. okkar yrðu ekki samþ., mundi svona fara. Við voruðum við. Reynslan hefur nú staðfest að viðvaranir okkar voru réttar. Lengi vel vonuðum við að menn mundu læra af reynslunni, tileinka sér breytta starfshætti. Það gerðu þáv. hæstv. forsrh. og Framsfl. hægt og hikandi, enda eru þeir nú að flytja gömlu till. okkar síðan í fyrra, einu ári of seint. En þriðji stjórnarflokkurinn, Alþb., hafði því miður ekkert lært og engu gleymt, og í þriggja flokka ríkisstj. þarf þrjá til þess að framkvæma mál.

Góðir hlustendur. Við Alþfl.-menn trúðum á þá stefnu sem við boðuðum í síðustu kosningum. Mjög margir ykkar trúðu á þá stefnu með okkur og veittu okkur styrk til þess að koma henni fram, og við höfum á Alþ. sýnt fram á það, ekki einu sinni, heldur fjórum sinnum, að þessa stefnu er hægt að framkvæma. Aftur og aftur höfum við barist fyrir henni. Aftur og aftur hefur sú barátta orðið árangurslaus, vegna þess að á Alþingi Íslandinga sitja 60 þm., en þm. Alþfl. eru 14. Við skorumst ekki undan ábyrgðinni. Við berum eins og aðrir stjórnarflokkar ábyrgð á því sem gerst hefur á s. l. ári. Við vorum reiðubúnir til þess að axla þá ábyrgð svo lengi sem við töldum okkur sjá einhverja von um að okkur mundi verða ágengt til rétttr og betri áttar, en hver tilraun á fætur annarri hefur farið út um þúfur. Alþfl. trúði því ekki lengur að það væri von til þess að hægt væri að breyta stefnu og starfsháttum fyrrv. ríkisstj. Og hvað eiga menn þá að gera?

Hingað til hafa flestir stjórnmálamenn tekið þá

ákvörðun við þær aðstæður að sitja á meðan sætt er í valdastólunum, uns annaðhvort verkalyðshreyfingin eða kjósendur hafa sparkað burt þeim valdastólum. Þetta vildum við ekki, vegna þess að um leið og við vorum búnir að missa trúna, búnir að missa vonina um að við gætum náð till. okkar fram, hefðum við ekki bara verið að svikja kjósendur okkar með því að halda áfram, heldur hefðum við verið að svikja okkur sjálfa. Það er drengilegt, það er heiðarlegt og það er karlmannlegt að segja þjóðinni sannleikann við slíkar aðstæður og áfrýja ágreiningnum til hennar.

Góðir Íslendingar. Það er illt verk að blekkja aðra, en þó verst að blekkja sjálfan sig. Málflutningur eins og sá, sem Alþ. iðkar, er til þess gerður að fá fólk til þess að ástunda sjálfsblekkingar gegn betri vitund. Dýrtíðin og afleiðingar hennar hafa breytt hugsunarhætti of margra Íslendinga og margir lifa í samræmi við lífsreglur Svartaskóla: Þjargi sér hver sem bjargað getur, því hið illa höndlar þann sem síðastur er. — Við þessar aðstæður hefur Alþ. því miður farið út á þá braut að ýta undir þau frumskólagölgmál sem hætt er við að taki völdin þegar þjóðfélagið tekur að loga í slíkum innbyrðisátökum hagsmunahópa. Krefjast einhver einhvers kemur Alþ. á vettvang og býður betur. Biðji einhver um eitthvað kemur Alþ. og segir: Ekki biðja, heldur heimta. — Heimti einhver eitthvað kemur Alþ. og segir: Ekki heimta, heldur taka. — Taki einhver eitthvað kemur Alþ. og segir: Ekki taka, heldur hrísa. — Slíkar starfsaðferðir skila e. t. v. tímabundnum árangri í kosningum, en þegar fram í sækir verður uppskeran tap: tap fyrir fólkid, tap fyrir sambúð og samskipti fámennrar þjóðar í harðbýlu landi. Þetta vitum við öll. Rödd skynseminnar segir okkur þetta, og ef við föllum fyrir þeirri freistni að hrópa svo hátt að við yfirgnæfum rödd okkar eigin skynsemi, þá erum við að ástunda vísvitandi sjálfsblekkingu.

Ákvörðun þingflokks Alþ. um að láta þessu stjórnarsamstarfi lokið er örlagarík. Ég veit ekki hvaða áhrif hún hefur fyrir okkur þm. Alþfl., hvort við verðum hér fleiri eða færri að kosningum loknum og hverjir okkar, sem nú eru hér, eiga hingað afturkvæmt, enda skiptir það ekki meginmáli. Meginatriðið er, að með því að áfrýja ósamkomulagi og samstöðuleysi stjórn-málamananna til þjóðarinnar og biðja hana að úrskurða ættum við að geta hrist ærlega upp í þeim pólitísku atvinnuköppurum sem setið hafa við völd í þessu landi í bráðum heilan áratug án þess að gera sér ljóst að áframhaldandi dýrtíð og stjórnleysi mun leiða okkar litla land svo langt út í foraðið að ekki verður aftur snúið.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það sem af er þessari umr. sýnist hún dæmigerð fyrir það ábyrgðarleysi sem fráfarandi stjórnarflokkar hafa sýnt undanfarandi ár í stjórn landsmála, ef stjórn skyldi kalla. Þá ber umr. og vott um þá sérstöðu óvild sem ríkir á milli þessara þriggja flokka, einkum þó á milli Alþfl. og Alþb. Framsfl. hefur allan tímann vafrað á milli hinna tveggja, ýmist hallað sér að stefnu Alþb. í þessu málinu eða Alþfl. í hinu og kallað sáttastarf, en hefur í raun verið að leita að stefnu sem ekki hefur fundist. Með þeim hætti hefur Framsfl. haft forustu á einhverju mesta óstjórnartímabili sem yfir þessa þjóð hefur gengið. Þessu tímabili er nú vonandi að ljúka.

Ástæða er til að ætla að menn sjái nú í gegnum þær blekkingar sem beitt var í kosningunum í fyrra. Það er illt Alþt. 1979. B. (101. löggjafarþing).

verk að blekkja aðra, sagði hæstv. fjmrh. hér áðan, og það eru orð að sönnu. Kjósendum var í fyrra lofað því af hálfu fráfarandi stjórnarflokka sem þeir ekki gátu staðið við. Þannig hafa þessir flokkar brugðist kjósendum sínum. Fyrir það verður kvittað í næstu kosningum.

Hæstv. dómsmrh. sagði í ræðu sinni í dag: Ákvæði voru í stjórnarsáttmála sem aldrei var ætlunin að standa við. — Þarna hafa menn það umbúðalaust. Og svo reynir hæstv. dómsmrh. að hvítþvo sig og flokk sinn og skella allri skuldinni á hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Ólaf Jóhannesson! Auðvitað eiga þessir þm. sinn þátt í vitleysunni, en sjálfur arkitekt kosningasíguers Alþfl. verður að viðurkenna þátt sinn í því hrófatildri sem þessir flokkar komu á eftir síðustu kosningar og kölluðu ríkisstj., nema þá fleiri en hæstv. núv. forsrh. hafi reynst bláeygir á þeim tíma.

Hér ganga nú klögumálin á víxl. Hvers vegna? Jú, auðvitað reyna stjórnarflokkarnir fráfarandi að kenna hver öðrum um ófarið í landsstjórnarmálum, því að ekki komast þeir hjá því að viðurkenna að allt hefur farið á aðra lund en lofað var. Reynir nú hver sem betur getur að koma ósömanum yfir á hinn.

Ég ætla ekki við þetta tækifæri að rekja sérstaklega feril síðustu vinstri stjórnar, til þess er enginn tími nú, en það mun verða gert á næstu vikum á öðrum vettvangi. En allur ferill stjórnarinnar er með slíkum endemum að til þeirra atburða, sem nú hafa orðið, hlaut að draga fyrir en síðar. En spurning var aðeins hver hlýpi fyrstur frá borði. Það hlaup vann Alþfl. Hann var líklegastur til þess frá upphafi. Enginn hefur meiri æfingu í ýmiss konar upphlaupum en hann.

Hér er reynt að gera mikið mál úr því að Sjálfstfl. skuli hafa samþykkt að verja minnihlutastjórn Alþfl. vantrausti. Talað er um að með þessu hafi flokkurinn tekið á sig ábyrgð á öllum stjórnarathöfnum Alþfl.-ráðh. þær fáu vikur sem þeir sitja og jafnvel ábyrgð á ráðh. sjálfum. Slíkt er hinn mesti misskilningur. En flokkurinn tekur á sig ábyrgð á því, að þessi stjórn varð til, til þess að tryggja verði að kosningar fari fram eigi síðar en 2. og 3. des. n. k. Um það var alger eining í Sjálfstfl., að þjóðarnauðsyn væri að kosningar færu fram sem allra fyrst, allt annað væri ábyrgðarleysi. Um hitt var aftur á móti deilt, hvort það markmið næðist ekki með einu öðru móti en því að leiða krata inn í hvert rn. Slíkt þarf engan að undra að um sé deilt og er ekki í sjálfu sér tilefni til neinna máli lenginga hér. En best sýnist mér fara á því að leifarnar af þessari ólánsstjórn sitji til kosninga, eins og hv. þm. Geir Hallgrímsson orðaði það fyrir í dag. Það undirstríkar betur en annað að Sjálfstfl. hefur hér hvergi komið nærri. Jafnframt hefur verið tryggt að þann tíma, sem stjórnin situr, verður ekki framhald á óháfuverkun.

Furðulegur er sá málflutningur Framsóknar og Alþb. að ábyrgðarleysi sé að efna til kosninga í desember. Hrakspár þeirra um válynd veður á þessum ástíma kunna að rætast. En allt er gert sem unnt er til að auðvelda mönnum utankjörfundarkosningu, auk þess sem kjördagar verða tveir og geta orðið fleiri. Heimilað verður að kjósa utan kjörfundar viku fyrir kjördag þótt menn verði heima í byggð sinni þann dag. Þessi viðbára er því út í hött.

Allt tal þessara flokka um að ekki hafi verið fullreynd myndun meirihlutastjórnar er einnig út í hött. Slíkt kom aldrei til greina af hálfu Sjálfstfl. Þar með var það útilokað, nema stjórnarflokkarnir þrír tækju saman að

nýju. Þeir verða þá að svara því sjálfir hvort einhver slíkur möguleiki hafi verið fyrir hendi. Allt tal hv. þm. Steingríms Hermannssonar um að hér sé um samsteypustjórn að ræða er orðhengilsháttur og ekkert annað og þm. ekki sæmandi.

Spurningum hv. þm. Steingríms Hermannssonar um það, hvort Sjálfstfl. styðji þá dæmalausú löggjöf sem fyrrv. ríkisstj. stóð að, er auðsvarað. Auðvitað gerum við það ekki. En varla er vafi á þingmeirihl., ekki fer Framsókn að hlaupa frá þeim málum sem hún hefur haft forustu um, svo sem skatránslöggjöfinni allri, svo stolt sem hún er af framgöngu sinni í þeim efnum.

Mesta ábyrgðarleysið, sem sýnt hefur verið í þessari umr. allri, er einmitt að kosningum skuli fresta fram á næsta ár. Þann málfliutning hafa þeir haft uppi framsóknarmenn og Alþ.-menn. Með því hafa þeir með ótvíráðum hætti sýnt að annars vegar þora þeir ekki í kosningar og hins vegar varðar þá ekkert um hvernig fer um efnahagsmál þjóðarinnar og annan vanda sem við búum nú við. Það sýna þeir með því að ætla þjóðinni að búa áfram við þing, sem engu kemur fram, og stjórn, sem hefur sýnt sig gersamlega óhæfa til að stjórna. Sjálfstæðismenn vilja kosningar strax. Það vilja þeir vegna þess að kjósendur eiga rétt og kröfu til að segja álit sitt á athöfnum og athafnaleysi fráfarandi stjórnar.

Hverju breyta kosningar nú? spurði hv. þm. Ragnar Arnalds í útarvarpsviðtali fyrir nokkrum dögum. Hann var þá enn ráðh. og vildi vera það áfram. Ég skal segja honum það. Þær munu breyta svo hlutföllum hér á hv. Alþ. að stjórn sem sú er var við völd s. l. ár verður ekki mynduð í bráð að nýju, hverjar svo sem óskir og þrjár hv. þm. Steingríms Hermannssonar kunna að vera. En þær breyta sennilega ekki því hugarfari sem býr að baki spurningar hv. þm. Ragnars Arnalds, þ. e. að kosningar séu óþarfar, eins og er hjá fyrirmyndinni fyrir austan tjald. Og það er enn önnur ástæða fyrir því að Sjálfstfl. vill kosningar nú. Hann telur að nú hafi fólk fengið nóg af ríkisumsvifastefnunni sem hefur verið í hávegum höfð í öllum vinstri stjórnnum. Hann veit að fólk mun nú kjósa þann flokkinn sem einn virðir einstaklingsfrelsið og hafnar ríkisafskiptum með tilheyrandi skattaþjá. Sjálfstfl. mun með ótvíráðum hætti gera grein fyrir þeirri stefnu sem hann hefur mótað í öllum hinum veigamiklu málaflökkum og leiða mun til endurreisnar í anda frjáls-hyggju.

Fall þessarar ríkisstj. var tímabært. Eftir ársreynslu sannfærðist Alþfl. um að þessi stjórn mundi ekki ráða við dýrtíðina, sagði hæstv. forsrh. í boðskap sínum í dag. Skyldu hinir flokkarnir, Alþb. og Framsókn, enn þá trú á að vinstri stjórn geti yfirleitt leyst það verkefni? Alþfl.-menn deila skömminni með hinum að hafa tekið þátt í þeim gráa leik sem leikinn hefur verið undanfarin ár. En þeir mega eiga það, að þeir höfðu kjark til að koma stjórninni fyrir kattarnéf. Í komandi kosningum mun það rækilega koma í ljós að kjósendur láta ekki blekkja sig aftur. Þeir munu fylkja sér um Sjálfstfl.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hlustendur hafa nú í nokkrar klukkustundir heyrt hvernig hjúin á kærleiksheimili vinstri stjórnar kveða saman. Það verður að segja eins og er, að það er leiðinlegur kveðandi, en um margt lærdómsríkur. Í ræðu sinni staðfesti hæstv. núv. forsrh. algert getuleysi fyrrv. ríkisstj. í baráttunni við verðbólgu, sem væri, eins og

hann kvað að orði, undirrótt spillingar og misréttis.

Ég leyfi mér að taka orð hæstv. dómsmrh. trúanleg, a. m. k. fyrstu dagana sem hann situr í því sæti. Hann lýsti því yfir að pólitísk svik hefðu blasað við, upplausn og spilling, þeir hefðu beitt refskað á refskað ofan, Ólafur Jóhannesson og Lúðvík Jósepsson, og aldrei ætlað að standa við orð sín. Stjórnarsáttmálinn hefur verið marklaust plagg. Ríkisstj. gat ekki og vildi ekki standa við markmið sín, sagði hæstv. núv. dómsmrh. Og svo fór hæstv. ráðh. að lokum fram á lítilræði við þjóðina: að hún veitti Alþfl. endurnýjað og aukið traust.

Af mörgu er að taka af því sem fram hefur komið. Ragnar Arnalds og Steingrímur Hermannsson spurðu hvers lags stjórn þetta væri, og Ragnar Arnalds vildi dæma hana meirihlutastjórn, enda þótt það lægi fyrir að bæði formaður Sjálfstfl. og Alþfl. lýstu því yfir að ekki yrði um slíka stjórnarmyndun að tefla og því fullreynt að af því gat ekki orðið. Og því er það að Sjálfstfl. ákvað að verja minnihlutastjórn Alþfl. vantrausti.

Geir Hallgrímsson minnti á máltækið: Allt er þegar þrennt er. — Á rúnum tveimur áratugum hafa gengið yfir þjóðina þrjár plágur í gervi vinstri stjórn og er nú mál að linni. Í árslok 1958, þegar fyrsta vinstri stjórnin lagði upp laupana, hefðu menn látið segja sér tvisvar — þrisvar án þess að trúa að ónýtari stjórn ætti eftir að setjast að völdum á Íslandi. Sú hefur þó orðið raunin á og ekki ein, heldur tvær og hver annarri stórtækari á afglöpín.

Á árunum 1950 og fram til 1955 hafði skapast allgott jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Eftir að fyrsta vinstri stjórnin á lýðveldistímanum hafði setið í rúm tvö ár við stjórnvölinn reið yfir holskefla óðaverðbólgu. Þetta var játað af henni sjálfri við stjórnarslitin þá og þótti karlmannlegt, enda eru menn óvanir því að af hreinskilni sé mælt í þeim herbúðum. Þetta var þjóðinni mikill lærdómur og því varð það m. a. til þess að þjóðin hafnaði forustu vinstri stjórnar um langa hríð eftir það.

1971 tókst vinstri stjórn enn að ná völdum á Íslandi og hrunadansinn hófst á nýjan leik. Alþfl. átti að vísu ekki aðild að þeirri stjórn, en sú reynsla, sem fengist hefur af störfum hans undanfarna 13 mánuði, bendir eindregið til þess að enn ógæfusamlegar hefði til tekist ef hann hefði átt þar aðild að. En þessi stjórn gafst upp í júnímánuði 1974 og þá blasti við enn eitt þrotabúið, enn ömurlegra en það sem menn höfðu haft fyrir augum árið 1958. Verðbólguvaldan reis í 54% og við þennan verðbólguhraug hefur þjóðin glímt fram til þessa dags, enda þótt ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar tækist að kveða drauginn niður til hálf.

Það er nálega útilokað að ná því hástigi lýsingarórða sem hæfa þeirri óstjórn sem íslenska þjóðin hefur mátt þola í næstliðna 13 mánuði. Það er næstum því sama hvaða mælistika er borin við, þær reynast allar of stuttar. Verðbólgan æðir stjórnlaust áfram og er nú í áður óþekktum hæðum, 63%, og stefnir auðvitað í 100% ef svo héldi fram sem horfði.

Fyrrv. fjmrh. minntist á það, að það væri svo sem ekki mikill vandi að snara út eins og 2 milljörðum vegna aðlögunargjalds iðnaðarins því að mikið rúmaðist aukreitis innan fjárl., en hann lét þess síðar getið að allar forsendur þeirra væru miðaðar við 30% verðbólgu, enda þótt fyrir liggi, ef hann réði áfram, að hún næði 100%.

En nú mun Sjálfstfl. taka við stjórn þjóðarskútunnar innan tíðar. Til þess að þjóðin geti gengið að kjörborðinu

til þess að kveða upp dóm yfir óstjórnarmönnum hefur Sjálfstf. tekið það til bragðs að binda nokkra krata við stýri og reiða, að þeir aki seglum þar um hrið — örskamma hrið, en vill að engu öðru leyti ábyrgð á þeim bera.

Pingrofi og kosningum varð ekki komið fram með þingræðislegum hætti nema annaðhvort Sjálfstf. eða Alþf. myndaði minnihlutastjórn, þar sem Framsókn og Alþb. neituðu að rjúfa þing fyrir hráðslu sakir við kosningar, hafandi að viðbáru að kosningar væru óframkvæmanlegar og jafnvel mannhættulegar að hausti til. Það er auðvitað þjóðarnaúðsyn að kosningar fari fram hið fyrsta svo að taka megi til höndum við nýja skipan þjóðmála. Þá lífsnaúðsyn létu sjálfstæðismenn sitja í fyrirrúmi þegar þeir féllust á að verja minnihlutastjórn Alþf. vantrausti. Það er sjálfstæðismönnum að vísu ákaflega óskapfellt, svo að ekki sé meira sagt, eins og nú standa sakir, að vinna slík verk. En nauðsyn brýtur lög. Sjálfstf. vill enga aðra ábyrgð bera á þessari minnihlutastjórn en sem nægir til að ná fram þingrofi og kosningum. En það er allur varinn góður, eins og þingflokkur Alþf., sem núna drottnar yfir öllum rn. á þessu kalda landi, er skipaður. Þess vegna hefur Sjálfstf. sett fram skilyrði fyrir að verja minnihlutastjórnina vantrausti. Við höfum bundið ráðh. við stýri og reiða svo að þeir geri engar vitleysur þessar örfáu vikur sem þeir hínast um borð. Við treystum Alþf. ekki vegna starfa hans í vinstri stjórn. Við treystum honum ekki og þjóðin treystir honum ekki vegna fádæma svika við öll þau loford sem hann gaf fyrir síðustu kosningar.

Í kosningunum 2. og 3. des. n. k. verður kosið um tvennt: stefnu Sjálfstf. annars vegar og störf og stefnu vinstri flokkanna hins vegar, allra þriggja. Sjálfstf. kvíðir engu um þau úrslit. Þegar Sjálfstf. tekur við forustu í þjóðmálum eftir næstu kosningar mun hann leggja höfuðáherslu á að snarsnúið verði frá eyðslustefnunni til ráðdeilda og sparnaðar. Meginmarkmiðið er að eyða ekki umfram það sem aflast, ella vinnum við aldrei bug á verðbólgunni. Við þurfum að létta á skuldabyrðinni við útlönd og greiða upp óreiðuskuldir ríkisins inn á við, jafnframt því sem skattar verði lækkaðir, og mega menn á því sjá að itrasta sparnaði verður beitt þar sem allar óarðgefandi framkvæmdir verða að biða um hrið þar til jafnvægi er náð. Skattalækkunin skilar sér aftur margfallega í stórauðnu framtaki, og gefið verður meira frelsi í hvívetna. Sparifé verður verndað gegn verðryrningnum og íslenska krónan eflid til þess að vera traustur gjaldmiðill.

Það þarf ekki að taka langan tíma að ná tökum á stjórn efnahagsmála ef þjóðfélagsþegnarnir taka höndum saman undir traustri forustu. Það mun sjálfsgagt heyrast hljóð úr horni einhverra hagsmunahópanna, þeirra pólitísku a. m. k., þegar hrundið verður úr vör nýju stjórnarfleyi. En Sjálfstf. mun ekki láta hrekja sig af leið þótt misvindsamt verði, ef hann fær nægjanlegt fylgi þeirra, sem úrslitum eiga að ráða í lýðræðisríki, kjósendanna sjálfra.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Nei, það verður víst enginn vandi að ráða við verðbólguna ef hv. „kommissar“ Framkvæmdastofnunarinnar tekur við stjórn mála.

Ég er nú í vafa um að vegur Alþingis vaxi við þann hástemmda stóryrðavaðal sem hér hefur verið um hönd hafður. Nokkrar staðreyndir ættu þó að liggja ljósar Alþt. 1979. B. (101. löggjafarþing).

fyrir, sem ekki verður um deilt. Og fyrsta staðreyndin er sú, að það er Alþf. sem sleit fyrrv. ríkisstj. Það hefur hann að mínum dómi gert án þess að hafa nokkra ástæðu til þess.

Alþf. hefur í raun og veru ekki borið upp neinar till. í efnahagsmálum frá því í des. s. l. Þá kallaði hann þær frv., enda þótt það væri aldrei borið upp á Alþ. Ég auglýsi eftir þeim till. sem Alþf. hefur borið upp í ríkisstj. Ég hef hins vegar borið upp till. í ríkisstj. sem áttu að miða að því að draga úr verðbólgu. Ég bar t. d. upp á öndverðu þessu ári till. um að lækka rekstrarútgjöld ríkisins um 4%. Tóku nokkrir Alþf.-ráðh. undir þá till.? Þeir lýsi því hér á eftir. Ég hreyfði í sumar hugmynd um hvernig mætti ná betri tökum á stjórn efnahagsmála. Þeim hugmyndum var ekki illa tekið af neinum ráðh., en alveg sérstaklega vel af tveimur Alþf.-ráðh. Og það var einmitt verið að ræða um þessar till. Þegar úr slitnaði.

Það slitnaði upp úr skyndilega. Það var í Morgunþósti í gærmorgun, held ég, að einn af toppkrötum lýsti því, að það hefði verið um nokkurt skeið ráðabrudd í gangi hjá Alþf.-mönnum og þeim hefði tekist að láta þetta fara svo leynt að fjölmiðlar hefðu alls ekki komist að neinu. Já, ráðabrudd er rétta orðið. Og mér dettur ekki í hug að halda að hæstv. ráðh. Alþf., sem sátu með mér í ríkisstj., hafi haft hugmynd um þetta ráðabrudd. Það hefur verið farið á bak við þá. Og ég veit að hæstv. forsrh. vissi ekki um þetta fyrr en hann kom til landsins af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Það er ekki ástæða til þess að orðlengja frekar um þann hlut sem orðinn er. Ástæðan er auðvitað einföld og skýr: að því líði, sem frá öndverðu var í stjórnarandstöðu í Alþf., hefur vaxið ásmegin og það náð undirtökunum. — En það er spurt um þessa stjórnarmyndun. Það er ástæða til þess að gera sér dálítið nánari grein fyrir henni og hvaða staðreyndir liggja þar fyrir líka.

Hæstv. forsrh. sagði að það hefði verið kannað að ekki hefði verið unnt að mynda meirihlutastjórn með venjulegum hætti. Alveg rétt. Ég efa ekki að það hafi verið kannað. En tekist hefur að mynda meirihlutastjórn með óvenjulegum hætti. Og það liggur alveg ljóst fyrir að Sjálfstf. hefur samþykkt það og ber ábyrgð að fullu og öllu á þessari ríkisstj., bæði þeim málefnum, sem hún framkvæmir, og þeim mönnum, sem sitja í ráðherra-stólum. Frá því kemst hann ekki. Það er alveg þert af yfirlýsingu þeirri sem hv. þm. Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstf., gaf áðan. Hann sagði að Alþf.-mönnum hefði verið stillt upp við vegg og þeim hefðu verið settir úrslitakostir. Svo áréttaði hv. þm. Sverrir Hermannsson þetta sérstaklega áðan, þar sem hann sagði að þeir hefðu verið reyrdir við stólana. Það er þess vegna alveg ljóst að ráðh. Alþf. eru fangar — fangar Sjálfstf. Mér dettur ekki í hug að halda að allur Sjálfstf. hafi staðið að þessu óskiptur. En hitt verður að segja alveg skýrt svo að öll þjóðin heyri, að einn maður í Sjálfstf. ber ábyrgð á þessu öllum öðrum mönnum fremur, og það er sjálfur formaður Sjálfstf., Geir Hallgrímsson. Þegar það er komið á daginn fer maður að skilja ýmislegt sem áður gerðist.

Ég hef sagt að framkoma Sjálfstf. núna minni einna helst á herra mann sem fyrirverður sig fyrir ástökum sína og leitar til hennar í skjóli myrkurs að næturþeli. Ég skil þetta vel. Og þó eru þessir menn flestir hverjir, sem í ráðherra-stólunum sitja, mestu heiðursmenn. Það get ég a. m. k. vitnað um þá sem hafa starfað með mér, því að

samvinnan við þá hefur yfirleitt verið góð.

Það hefur nokkuð verið talað um hver árangur hafi orðið af stjórnarsamstarfinu. Það voru þrjú meginmarkmið sett með stjórnarsamstarfinu. Það var í fyrsta lagi að halda fullri atvinnu og það var sett efst. Það hefur tekist. Það var í öðru lagi að halda kaupmætti. Það hefur í raun og veru tekist að verulegu leyti. Kaupmáttur tíma-kaups var meiri á fyrri hluta þessa árs en 1978. Hann verður nokkru minni, 1—2% minni, á síðari hluta ársins. Ráðstöfunartekjur á þessu ári verða ívið meiri en í fyrra. Þetta er nú sannleikurinn um þau atriði. En verðbólgan — það er rétt að þar hefur ekki náðst það mark sem miðað var að. En það hafa líka skeð þar atburðir sem ég skil ekki að nokkrir sanngjarnir menn vilji horfa fram hjá. Hvernig halda menn að hægt sé að halda verðbólgu í skefjum þegar gasalía hefur frá hausti 1978 til miðs þessa árs þrefaldast í verði, bensín einnig og svartalía tvöfaldast? Hvað hefur þetta kallað á? Það hefur t. d. kallað á hækkad fiskverð. Og hvað hefur það kallað á? Hæstv. sjútvrh. veit það og getur svarað því. Hann hefur æðioft stuðlað að því að gengið væri látið síga, og það eru þrýstihópar í þessu þjóðfélagi sem heimta gengissig og gengislækkun. Hvað þýðir gengissig og gengislækkun? Það þýðir verðbólgu. Það er krafa um verðbólgu. Fram hjá því verður aldrei komist. Mín trú er sú, að meðan við búum við fljótandi gengi verði aldrei náð tókum á íslensku efnahagslífi.

En samt er það svo, að þetta er ekki eins svart og menn vilja vera láta. A. m. k. er vert að leiðrétta mis-sagnir sem hér hafa komið fram. Það er nefnilega svo, að mætustu menn eru farnir að trúa því sem Mogginn hefur endurtekið nógu oft, að ég sé einhver verðbólgu-methafi, að verðbólgan hafi 1974, þegar vinstri stjórnin skildi við, verið yfir 50%. Jafnvel formaður Sjálfstfl. er farinn að trúa þessu líklega, fer með það í sjónvarp og varpar því út yfir allan landslýðinn. Sannleikurinn er sá, sem tölur liggja fyrir um, að 1974 var verðbólgan 42%, en hún var hins vegar orðin um áramótin 50%, og á því berum við báðir ábyrgð af því að við sátum saman í þeirri ríkisstj. sem þá var. Það er best að segja sannleikann og láta þetta koma fram. Hver er verðbólgan núna? 42% þegar við skiljum við. Hver var hún þegar fyrr. ríkisstj. skildi við? Yfir 50%. Þetta verður ekki vefengt. Og auðvitað verður langt þangað til því verðbólgu-meti, sem sett var 1942, verður hnekkt, því að þá var verðbólguaukningin, miðað við ársgrundvöll, sem er nú í tisku að tala um, 85%.

Ég var á móti þingprofi og nýjum kosningum. Ég held að engum heilvita manni detti í hug að nýjar kosningar lækni nokkuð verðbólguvanda. Ég held þvert á móti að vandinn muni magnast, ekki síst ef þeir eru nú reyrdir á höndum og fótum, ráðh. Alþfl., og verða að sitja aðgerðalausir og mega ekkert hafast að á því tímabili sem þeir sitja í ráðherrastólum. Ég held að það sé mikið ábyrgðarleysi að takast ekki nú þegar á við þann vanda sem við er að glíma. Það ætlaði fyrrv. stjórn að gera, og ég fullyrði að það hefði tekist, a. m. k. að talsverðu leyti, ef menn hefðu haft þolinmæði til að sitja svolítið lengur.

Núv. stjórn ætlar að efna til kosninga í svartasta skammdeginu. Menn segja að það sé ekki hættulegt, samgöngur hafi batnað, auðvelt sé að komast leiðar sinnar og það megi láta menn kjósa utan kjörstaða. Já, já, það hafa einu sinni áður á Íslandi verið leyfðar kosningar utan kjörstaða, einar kosningar, sem mér skilst að nú sé meiningin að leiða í lög aftur. Reynslan af þeim

kosningum varð sú, að þá voru allir sammála um að slíkt skyldi ekki endurtekið. En látum það gott vera. Ekki er ég á móti því að reynt sé með öllu móti, úr því sem komið er, að greiða fyrir því að menn geti neytt kosningarréttar síns.

Ég hafði gaman af því þegar var verið að tala um vegina og meðaltal 10 ára, held ég, þeir væru þungfærir þetta marga daga og ófærir þetta marga daga. En tókuð þið eftir um hvaða vegi var talað? Það var bara talað um aðalvegina, hringveginn í kringum landið. Vita menn ekki að um sveitir landsins liggja vegir og þó réttara sagt í mörgum tilfellum vegleysur? Það fólk, sem í sveitunum býr, þarf að fara um þessa vegi til þess að komast á kjörstað. En látum það gott heita. Meiri hl. verður að ráða og meiri hl. er hér Sjálfstfl. og Alþfl., og það þýðir ekkert fyrir þá að vera að þræta fyrir það að þetta sé meirihlutasjórn. Þó að það séu Alþfl.-ráðh. einir sem bundnir sitja á básunum er yfirráðherra þessarar ríkisstj. allveg óvefengjanlega formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, Hann tekur á sig mikla ábyrgð. Hann tekur á sig mikla ábyrgð að ég er hér um bil viss um að margir sjálfstæðismenn hugsa sig um.

Ég neita því ekki að þessi ríkisstj. hefur verið erfið á ýmsa lund, en það vil ég segja í fullri einlægni, að hún hefði áreiðanlega verið auðveldari ef styrkur Framsfl. hefði verið meiri. Það hefði munað miklu ef Framsfl. hefði í staðinn fyrir 12 þm. haft t. d. 15. Það ætti hv. kjósendur að gera sér ljóst og hafa í huga þegar þeir ganga að kjörborðinu, að styrkur Framsfl. er nokkur trygging fyrir því að haldið sé skynsamlega á málum og með fullum heildarleika og drengskap. Ég á ekki von á því, þrátt fyrir að mönnum verði brigslyrði laus á tungu á þeim tíma sem fram undan er, að við Framsóknarráðh. — eða ég — verðum sakaðir um það að hafa starfað á annan hátt í þessari ríkisstj. en af fullum heilindum.

Já, nú ber vel í veiði því að hæstv. dómsmrh. gengur í salinn. Það er líklega best að láta það verða mín síðustu orð að þessi hæstv. dómsmrh., skjólstæðingur Sjálfstfl., var með miklar skrumyfirlýsingar áðan. Hann ætlar nú aldeilis að taka „möppudýrin“ í dómsmálunum og dómskerfinu og í Háskólanum í gegn. Mín spá er sú, að þegar hann veltist úr valdastól eftir tveggja eða þriggja mánaða tímabil komi mörgum manningum í hug þetta stef:

Tunnan valt og úr henni allt ofan í djúpa keldu.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þessum umr. er nú að ljúka. Ég ræð yfir örfáum mínútum. Ég verð því að láta mér nægja að drepa á aðeins örfá atriði af þeim sem mér þykja hafa helst einkennt þessar umr.

Í fyrsta lagi er þá á að minnst þann einkennilega, þann sérkennilega feluleik sem hefur átt sér stað í þessum umr. hjá fulltrúum Sjálfstfl. og Alþfl. Hvorugur vill við hinn kannast. Þeir sverja fyrir það, sjálfstæðismenn, að þeir beri nokkra ábyrgð á þessari ríkisstj. sem þeir hafa þó myndað og sett upp. Allir vita að Alþfl. hafði engan þingræðislegan rétt til þess að mynda minnihluta-stjórn nema einhver annar flokkur tæki ábyrgð á stjórninni — ekki veitti henni hlutleysi. Hlutleysi dugar ekki jafnlitlum flokki hér á Alp. og Alþfl. er. Auðvitað þurfti forseti landsins að fá það tryggt að til væri annar flokkur sem tæki ábyrgð á þessari ríkisstj. Það gerði Sjálfstfl.

Hann skammast sín fyrir það, hann vill ekki bera ábyrgð á því. Sjálfstfl. veit auðvitað líka að þegar þessi dúkkustjórn hans fer að setja ný brbl. um skattana frá s. l. sumri er það gert á ábyrgð Sjálfstfl., hann er að samþykkja skattana. Það þýðir ekkert að grafa hausinn í sandinn og neita því, það veit öll þjóðin. En menn vita auðvitað miklu meira um skattastefnu Sjálfstfl. Kannske fæ ég einhverjar mínútur til að koma að því.

Svo er það annað í þessum umr. sem hefur vakið athygli mína, og það er sá einkennilegi lestur sem í fyrsta lagi Alþfl.-menn halda hér uppi. Jafnvel þeir sem maður átti sist von á verða heilagir í framan, eins og Sighvatur Björgvinsson, og segja: Við viljum kveða niður verðbólgunu, við erum á móti verðbólgunni, við höfum staðið í þessu stríði við verðbólgunu allan tímann, og þið vitið nú, mínir ágætu herrar, hvað verðbólgan er hættuleg. Alþfl. verður blátt áfram að kjósa af því að hann vill kveða niður verðbólgunu. — Hvers konar vilji er þetta hjá Alþfl.? Hvar eru till. hans? Hvað hefur verið að gerast?

Þegar efnahagslögin voru samþ. á s. l. vori sagði allur kór Alþfl. og Alþýðublaðið: Tímamótastefnumörkum í átökunum við verðbólgu. — Þá átti þetta nýja frv. að marka tímamót, og í öllum meginatriðum var samþykkt stefna Alþfl., sagði Alþýðublaðið. En nú koma þeir hver um annan þveran og halda langar ræður um dauðadóm yfir þeirri stefnu. Sannleikurinn er sá, að allar heimskutillögur Alþfl. voru samþykktar inn í lögin. Við urðum að fallast á að ýmislegt væri þar samþykkt sem við sögðum fyrir fram að hefði enga þýðingu að setja í lög. Þar var t. d. samþykkt hvað mætti vera mikið af peningamagni í umferð, alveg án tillits til þess hvernig verðlagsþróunin væri í landinu. Að mínum dómi var þetta álíka viturlegt og að setja lög um að banna norðanstorminn þegar hann skylli á. Slíkt gerði auðvitað ekkert gagn gegn norðanstorminum — ekki neitt, og svo er auðvitað líka með það sem við létum eftir Alþfl. Prósenttölur hans voru lögbundnar, og nú hefur hann séð eftir nokkra mánuði að þetta er allt saman eintómt bull. Hann fékk vaxtastefnu sína fram, og nú sér hann að það hækkar allt verðlag vegna þessarar vaxtastefnu. Svo kemur hann á eftir alveg heilagur í framan og segir við alla þjóðina: Við erum einir á móti verðbólgunni, við erum einir á móti henni.

Sannleikurinn er sá, að það, sem Alþfl. fékk ekki fram nema að litlu leyti í sambandi við efnahagsmálustefnu sína, voru kröfur hans um beina launalækkun. Það er býsna táknrænt í þessum efnunum að standa núna einmitt frammi fyrir því, að eitt atriði, sem snertir launin og munaði minnstu að riði stjórninni að fullu á s. l. vori, var sú krafa Alþfl. — og reyndar studd af Framsf., að það yrði að lækka öll laun, einnig hin lægstu, eftir ákveðinni prósentureglu. Við gátum komið því í gegn í sambandi við þessa lagasetningu, og það var okkar síðasta tilraun til þess að reyna að framlengja líf þessarar stjórnar þá, að sú launalækkun, sem þar var um að ræða, skyldi þó ekki ná til lægstu launanna í landinu eða þeirra sem voru undir 210 þús. kr. á mánuði. Það gat Alþfl. ekki samþ. Launalækkunin varð að ná til þeirra lægst launuðu. Þá létum við undan og sögðum: Ef þið getið fallist á að þessi sérstaka launalækkun nái ekki til lægstu launanna í næstu 6 mánuði. — Og það tókst að fá inn í lögin að þessi sérstaka launalækkun láglaunafólksins skyldi þó ekki ná fram að ganga fyrstu 6 mánuðina. En þeir 6 mánuðir renna út 1. des. n. k., og lögin segja að ef þá verður t. d.

11% hækkun á kaupum vegna kaupgjaldsvisitölu. Þá á fólkið, sem hefur lága kaupid, bara að fá 9% — eftir kröfu Alþfl. og auðvitað stutt af Framsf. Þannig var þetta lögtekið gegn mótmælum okkar. Svo koma allir Karlar Steinara og segja á eftir: Við viljum jafna launakjörin í landinu. — Ja, sér er nú hvað!

Ég má ekki vera að því að skamma Alþfl. meira. Af nógu er þó að taka. Ég verð að ætla Sjálfstfl. þær fáu mínútur sem ég á eftir. Ekki er skripaleikur hans minni en Alþfl. í þessum efnunum. Hann krefst þess nú að fá meirihlutaádstöðu í landinu, reynir að slá sig til riddara á mistökum annarra. Auðvitað hafa síðustu ríkisstj. orðið á ýmis mistök. Það gat ekki öðruvísi farið farið með þetta sandkassalið frá Alþfl. En hvað er Sjálfstfl. að fara fram á? Gerir hann þjóðinni einhverja grein fyrir því hvað hann býður? Má ég aðeins minna á hvaða reynslu menn hafa af stjórn Sjálfstfl.

Hér hefur verið sagt: Geir Hallgrímsson, fornaður Sjálfstfl., skildi þannig við ríkisstj. sína að verðbólguvöxturinn á einu ári var 51,7%, fékk þó enga olíuþrisund. Hann skildi þannig við að svo að segja allt atvinnulíf var að stöðvast í landinu. Hann skildi þannig við að ríkisskuldarnar, skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann, höfðu hækkað úr 1.5 milljörðum upp í 26.5 milljarða. Það var heldur laglega af sér vikið! Hvað gerði Sjálfstæðisfl. í sambandi við erlendar skuldir? Þær höfðu hækkað einmitt í tíð þeirrar stjórnar meira en nokkru sinni áður. Svo kemur þessi sami Sjálfstfl. nú og segir: Við ætlum að breyta þessu öllu. Það verður vitanlega að stöðva skuldaföfnunina. Það verður vitanlega að kippa öllu í liðinn. — Flokkurinn, sem var að láta af stjórn landsmála fyrir 1 ½ ári og á þennan sérstaka hátt, flokkurinn sem nú lofar mönnum því að skattarnir skuli lækkaðir, lagði á hvern nýja skattinn af öðrum, hann hækkaði söluskattinn, hann fann upp vörugjaldið, hann tók við lagasjóðsgjaldið og lagði það í ríkissjóð, hann stal olíugjaldinu sem var lagt á til þess að reyna að létta undir með þeim sem þurftu að kynda hús sín með olíu, og lagði olíugjaldið í ríkissjóð og hann hnoðaði upp hverjum skattinum af öðrum.

Sjálfstfl. talar mikið um vinstri stjórnir sem hafa setið í 5 ½ ár s. l. 30 ár, en sjálfur hefur hann verið í stjórn allan annan tíma og búið til það bák, það ríkiskerfi sem hann þykist vera að slást við. En það skulu menn muna, þeir sem ganga til kosninga nú í desembermánuði og standa frammi fyrir þeim alvarlegu tíðindum sem menn hafa heyrt, að baráttan í þeim kosningum mun standa á milli tveggja ólíkra skoðana — annars vegar þeirra skoðana, sem við Alþb.-menn höfum verið aðaltalsmenn fyrir og verðum aðaltalsmenn fyrir í fylgd með launafólki í landinu og í fylgd með vinnandi fólki í landinu almennt, hins vegar afturhalds- og íhaldsstefnu Sjálfstfl. sem menn hafa reynt og mundi boða kreppu, atvinnuleysi og landflotta og að sjálfsögðu stóratök við launafólk. Og ég segi við alla vinstri menn í þessu landi: Þið hafið ekki efni á því, þegar málin standa svona, að skipta liði ykkar. Það er tekist á milli tveggja póla, og annar er Alþb., sem er gegn íhaldsstefnunni, og þá stefnu verða vinstri menn í landinu að fylkja sér um í komandi kosningum.

Sjútrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Menn hafa nú fengið að heyra smjörþefinn af málflutningi ýmissa reyndra stjórnmalamanna. Stór-yrðin skortir ekki. En málefnalegur getur þessi mál-

flutningur tæpast talist, hvað þá að þjóðin sé nokkru nær um hvers konar vandamálum hún stendur nú frammi fyrir.

Mér hefur oft virst og ég trúi því, að margir séu sam-mála mér um það, að í vafstri hins daglega lífs og hita stjórn málaumræðunnar gleymi stjórn málaflakkar og stjórn mála menn markmiðum og stefnu flokks síns og blindist af dægurmálunum.

Við Alþfl.-menn leggjum megináherslu á að vinna að betra og réttlátara þjóðfélagi, ná fram auknu jafnrétti milli hinna ýmsu hópa þjóðfélagsins og auka efnahags-legt og félagslegt öryggi. Með þessu móti viljum við vinna að því að tryggja hagsmuni vinnandi fólks.

En hver er þá forsenda þess að við getum byggt hér réttlátara og betra þjóðfélag? Hver er forsendan fyrir því að við getum með þeim hætti unnið að hagsmunum vinnandi fólks?

Forsendan er einfaldlega sú, að hér takist að skapa heilbrigðara efnahagslíf. Ef við litum í kringum okkur sjáum við að þjóðfélagið er sjúkt. Auði er misskipt, braskarar hagnast og alþýðan blæðir. Verðbólgan flytur gífurleg verðmæti milli hópa í þjóðfélaginu og miklum fjármunum er stolið af sparifjáreigendum. Fjárfestingin er víða óarðbær og skilar ekki afrakstri til hins vinnandi fólks.

Það var af þessum orsökum sem við Alþfl.-menn lögðum ríka áherslu á það fyrir síðustu kosningar að upp yrði tekin gerbreytt efnahagsstefna. Það var á þessum forsendum og til þess að geta lagt grunninn að betra og réttlátara þjóðfélagi sem við í desembermánuði tókum saman frv. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum. Það var á þessum forsendum sem við vorum reiðubúnir til þess að styðja upphaflegt frv. Ólafs Jóhannessonar forsrh. Ef það hefði verið samþykkt af samstarfsflokkunum í ríkisstj. eða ef tillögur okkar frá því í desember hefðu verið samþykktar stæðum við nú skrefi nær heilbrigðu efnahagslífi, skrefi nær því að hafa lagt grunninn að betra og réttlátara þjóðfélagi.

En litum á hver reynslan hefur verið. Litum um öxl, og þá ekki einungis yfir þetta eina ár þeirrar ríkisstj. sem nýfarin er frá völdum, heldur yfir mörg liðin ár, t. d. allt ríkisstjórnartímabil fyrrv. ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Öll hafa þessi ár einkennst af því, að hver bráða-birgðaráðstöfunin hefur rekið aðra. Grundvallar-munurinn á Alþfl. og hinum flokkunum þremur er sá, að hinir flokkarnir hafa byggt á skammtímalausnum. Það er vegna þess að ekki tókst að fá samstarfsflokkana af þeirri braut sem við Alþfl.-menn sögðum: Hingað og ekki lengra. — Við vörðum við á s. l. vetri, en við vildum enn leita samkomulags. Þess vegna tókum við þátt í mikilli umræðu um efnahagsmál í ríkisstj. og við tókum þátt í undirbúningi fjárlaga á þessu sumri, en málefnaágrein-ingurinn varð æ augljósari.

Við viljum vera stefnu okkar trúir. Við teljum að það hafi verið ljóður á ráði stjórn málaflakka hér á Íslandi að þeir hafi ekki haft höfuðmarkmið sín að leiðarljósi við það að leysa úr efnahagsmálum á hverjum tíma. Við stóðum upp til þess að knýja það fram, að gerbreyting yrði á vinnubrögðum og stefnumörkun í efnahags-málum, og kröfðumst kosninga, eins og lýðræðislegt er.

Sumir halda því fram, að við höfum með þessu hlaupist frá vandanum. Ekkert er fráleitara. Sannleikurinn er sá, að hinir flokkarnir hafa ekki fengist til þess að koma nálægt vandanum, heldur hlaupið í kringum hann allan

tímann. Enn fráleitari er þessi málflytningur með tilliti til þess sem gerst hefur seinustu daga, þar sem Alþfl. hefur sýnt að hann er reiðubúinn til þess að axla þá ábyrgð að sjá landinu fyrir stjórn um hríð, þótt erfitt hlutverk sé. Hið er og væri ábyrgðarleysi, að vera ekki stefnu sinni trúir. Það væri líka ábyrgðarleysi að flýta því ekki eftir mætti að kosningar geti farið hér fram í samræmi við lýðræðisleg vinnubrögð.

Sumir segja að það hafi verið án tilefnis sem Alþfl. hafi rofið stjórnarsamstarfið í fyrrv. ríkisstj. Menn þurfa þó ekki annað en líta í kringum sig í þjóðfélaginu til þess að sjá tilefnið, til þess að sjá hversu sjúkt efnahagslífið er og til þess að sannfærast um að hér hefur ekki miðað til réttar áttar. Það lá ljóst fyrir í þingbyrjun að ekki var samstaða um neinar megináðgerðir í efnahagsmálum og að enn stefndi í sams konar ástand og áður, skammtíma-lausnir, ófullkomnar aðgerðir og hrossakaup. Þetta vild-um við Alþfl.-menn ekki.

Það var t. d. ekki samstaða um fjárlagafrv. Alþb. reynir nú reyndar að halda því fram, að ágreiningur þess varðandi fjárlagafrv. hafi verið lítilmótlegur, það hafi einungis verið ómerkilegir fyrirvarar sem það hafi gert við fjárlagafrv. Mér heyrðist reyndar áðan að eitthvað annað væri að heyra á hæstv. iðnrh., Hjörleifi Guttormssyni, er hann talaði beinlínis um að fjmrh. hefði stolið 2 milljörðum frá iðnaðinum og dembt þeim í ríkis-sjóð. Einhvern tíma væri þetta kallaður ágreiningur.

Annað mál er það, sem er ekki síður athyglisvert í þessu sambandi, að maður hefði haldið að þegar menn láta í ljós ágreining, láta það í ljós að þeir séu andvígir fjárlagafrv. t. d. í tiltekinni mynd, meintu menn eitthvað með því, meintu menn það í alvöru. Spurningin er kannske sú, hvort menn eru í stjórn mála í alvöru eða í plati, hvort menn gera ágreining í alvöru eða í plati. Við Alþfl.-menn erum í stjórn mála í alvöru og til þess að ná árangri. Aðrir flokkar virðast sýsla við þessi mál í plati.

Fyrrum hæstv. fjmrh., Tómas Arnason, og reyndar fyrrum hæstv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, héldu því fram áðan að það hefði verið síðbúið hjá Alþfl. að lýsa sig andvigan fjárlagafrv. Sannleikurinn er sá, að hinn 12. sept. kynnti þáv. fjmrh. í fyrsta sinn álögur sem fóru yfir 330 milljarða kr. og strax daginn eftir, 13. sept., bókudum við ráðh. Alþfl. andstöðu okkar við að farið yrði fram úr 323 milljörðum. Þessi skoðun okkar lá því strax fyrir og að halda öðru fram er marklaus málflytningur.

Hér hafa menn líka haldið því fram, að ráð Alþfl. séu að minnka kaupmátt launa. En ég spyr: Um hvað var ágreiningurinn um fjárlagafrv.? Hann stóð um það, að Alþfl. féllt ekki á að kaupmáttur þeirra ráðstöfunar-tekna, sem heimilin hafa, yrði lækkaður með auknum skattaálögum. Það vildu framsóknarmenn gera og enn frekar Alþb.-menn — í enn ríkara mæli, því að þeir gerðu kröfu um enn meiri ríkisútgjöld sem þýddu auðvitað enn meiri skattþeningu. Alþfl. skilur sig frá hinum flokkunum í því, að hann vill treysta kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna m. a. með því að stilla skattlagningu í hóf og með félagslegum aðgerðum. Ég held að allir landsmenn hafi fengið nóg af því að fá sífellt fleiri og verðminni krónur í launaumslagið sem jafnarðan eru aftur teknar í verðhækkunum og í hækkudum sköttum.

Hv. 1. þm. Austurl., Lúdvík Jónsson, gerði hér stórt númer úr því, að það hefði verið samþykkt í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. að kröfu Alþfl., að takmörk og

skorður yrðu settar við aukningu peningamagns í umferð. En hvernig hefur þetta loforð verið haldið? Það hefur ekki verið haldið, og það er það sem er kannske athyglisverðast í þessu öllu saman. Það er tilgangslaust að setja markmið þegar ekki er hægt að beita tækjum til að ná þeim árangri sem nauðsynlegur er.

Kosningarnar, sem framundan eru, snúast auðvitað ekki um fortíðina nema til þess að læra af henni. Kosningarnar snúast um það, hvernig eigi að stjórna landinu næstu árin. Komandi kosningar snúast um það, hvort ná eigi tökum á stjórn efnahagsmála og draga úr dýrtíðinni og leggja þannig grundvöll að heilbrigðara og réttlátara þjóðfélagi. Einungis með því að hreinsa til og stokka upp í efnahagslífinu er unnt að treysta afkomu fólksins í landinu. Sérstafa Alþf. er glögg. Hann telur að eyða þurfi óvissu fólks um afkomu sína með því að framfylgja frambúðarstefnu í stað skammtímalausna. Þegar ekki reynist unnt að ná þessum markmiðum í ríkisstjórn hikum við ekki við að skjóta málinu til fólksins í landinu í kosningum, trúir stefnumörkun okkar. Og ég segi það í fyllstu alvöru, að okkur sem þjóð þarf að lærast að ná fram jafnvægi. Við verðum að láta okkur lærast jafnvægi í umgengni okkar við náttúruna, hvort heldur er til lands eða sjávar. Við þurfum að halda jafnvægi í viðskiptum okkar við útlönd, en tefla ekki sjálfstæði okkar í tvísýnu með hóflausri skuldasöfnun erlendis. Við verðum að ná jafnvægi í efnahagsbúskap okkar innalands. Þessu þarf að ná með samstilltu átaki sem náti til hinna ýmsu sviða efnahagsmálanna. Og ég segi það í fyllstu alvöru við þingmenn og við þjóðina alla, að þjóðin þarf að sameinast um þetta samstillta átak til þess að ná efnahagslífinu á heilbrigðari grundvöll og draga úr dýrtíðinni. Það er um þetta sem næstu kosningar snúast.

Útværsumræðum lokið, en umr. um dagskrármálið haldið áfram.

Jón G. Sólmes: Herra forseti. Ég held að þegar sagan verður síðar rituð um það sem gerist í söllum þessarar virðulegu stofnunar muni það teljast einsdæmi að ráðist sé á svo ósmekklegan hátt að einstaklingi við valdatöku eins ráðherra sem hæstv. nýskipaður dómismrh. lét sig hafa hér á hinu háa Alþingi í dag.

Mig langar til þess að skýra frá því hér, að mér hafði fyrir nokkru verið skýrt frá að alvarlegar athugasemdir væru á ferðinni af hendi yfirskoðunarmanna ríkisreikninga vegna samskipta minna við Kröflunefnd. En þar sem aðstæður mínar voru þannig að ég þurfti að hverfa af landi burt hinn 9. þ. m. á ráðstefnu sem hafði verið ákveðin fyrir þremur eða fjórum mánuðum og ég gat mjög illa komist hjá að mæta á, þá bað ég um tækifæri til að fá að ræða þessi mál við hlutadeigandi yfirskoðunarmenn þannig að ég gæti fengið að skýra mál mitt og viðhorf í sambandi við hinar væntanlegu athugasemdir. Ég taldi mig, þegar ég fór af landi burt að morgni 10. þ. m., hafa loforð um viðtal við hlutadeigendur eftir heimkomu mína eða nánar tiltekið á þriðjudag eða miðvikudag í yfirstandandi viku.

Ég vil taka það fram vegna þess sem hér kemur á eftir, að það var ég sem varð að biðja um þetta viðtal. Sem sakborningi eða aðila að væntanlegum athugasemdum var mér enginn kostur gefinn að fyrra bragði á að túlka mál mitt fyrir hv. yfirskoðunarmönnum. Ég vildi hafa þennan hátt á vegna þess að ég vildi fá tækifæri til að

Alþt. 1979. B. (101. löggjafarþing).

freista þess að ræða málin við þessa aðila og þannig að eftir þær viðræður gæti ég gefið út yfirlýsingu um málið ef með þyrfti.

Ég var því grandalaus þegar ég fór þessa ferð. En þegar ég kem heim á heimili mitt síðdegis s. l. laugardag biður mín bréf frá yfirskoðunarmönnum ríkisins, dags. 12. okt. Bréfið er ritað sama dag og í prentun fer í fjölmiðlum í veigamiklum atriðum innihald þeirra aths. sem höfðu verið gerðar.

Herra forseti. Þar sem hér er um mál að ræða sem óneitanlega hefur verið mikið í meðförum og umtali á meðal almennings undanfarið vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa umrætt bréf. Bréfið er svo hljóðandi, herra forseti:

„Hr. Jón G. Sólmes alþm., Alþingi.

Við höfum í dag sent forseta sameinaðs Alþingis bréf um viðskipti yðar við Alþingi og Kröflunefnd. Yður er hér með sent ljósrit af því.

Reykjavík, 12. okt. 1979.
Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings,
virðingarfyllt,
Bjarni P. Magnússon,
Halldór Blöndal,
Baldur Óskarsson.“

Svo les ég áfram, með leyfi forseta:

„Reykjavík, 12. okt. 1979.

Herra forseti sameinaðs Alþingis.

Við endurskoðun ríkisreikninga fyrir árið 1978 hefur eftirfarandi komið í ljós varðandi Jón G. Sólmes alþm.: Kröflunefnd (Kröfluvirkjun) hefur greitt einkasíma hans, 96—11255 (96—24255), frá júlí 1978 (að nær fullu síðan á árinu 1976) sem hér segir: Kröflunefnd — Kröfluvirkjun, greiðslur símareiknings af heimasíma Jóns G. Sólmes 96—11255 (96—24255) frá júlí 1978. 1976 samtals 139 330 kr. (ég les ekki sundurliðunina). 1977 samtals 522 241 kr. 1978 samtals 412 161 kr. Ekki lá fyrir heimild frá iðnrn. til greiðslu á einkasíma Jóns G. Sólmes.

Athugasemdum ríkisendurskoðenda 25. ágúst 1978 svaraði Jón G. Sólmes svo hinn 3. nóv. 1978: „Viðvikjandi símakostnaði, þá er það rétt að ég hef látið Kröflunefnd greiða mestan hluta kostnaðarins hér á Akureyri, en þó ekki allan. Hefur mér verið tjáð, að slíkt sé ekki óalgengt um þá forstöðumenn ríkisstofnana sem vel á að gera við. Mér skildist, þegar ég tók að mér þetta starf, sem átti þó að vera til miklu skemmri tíma en orðið er af minni hálfu, að ég ætti að skoða mig í hópi slíkra. Kannske hefur það verið misskilningur.“

Hinn 29. sept. 1979 endurgreiddi Jón G. Sólmes símareikninga vegna 1978 og 8. okt. 1979 vegna 1976 og 1977. Vextir voru ekki greiddir.

Við samanburð reikninga Alþingis hefur komið í ljós, að Jón G. Sólmes krafðist greiðslu á símareikningum vegna 96—11255 (96—24255) hjá Alþingi með því að leggja fram ljósrit af símareikningum sem hér segir:

Vegna 1978 voru allir reikningarnir innheimtir hjá Alþingi að frádregnu afnotagjaldi.

Vegna 1977 hafa tveir reikningar verið innheimtir hjá Alþingi að upphæð 103 339 kr. og 75 729 kr., að frádregnu afnotagjaldi 97 997 kr. og 71 279 kr.

1976 hefur þessi háttur verið hafður á varðandi fjóra reikninga: 76 201 kr., að frádregnu afnotagjaldi, 72 891

kr., 11 310 kr. 4 106 kr. og 9 268 kr.

Fullnaðarsamanburði varðandi árin 1977 og 1976 er enn ekki lokið.

Simakostnaður vegna einkasíma Jóns G. Sólnes í Reykjavík, 18512, hefur verið greiddur af Alþingi.

Jón G. Sólnes alþm. hefur óskað eftir viðtali við yfirskoðunarmenn vegna máls þessa, og hefur verið orðið við því á þriðjudag eða miðvikudag n. k., en hann hefur ekki haft svigrúm til að hitta okkur fyrr.

Við höfum í dag falið ríkisendurskoðanda að gefa okkur skýrslu um mál þetta og tilkynnt það skrifstofustjóra Alþingis.

Yfirskoðunarmenn telja að mál þetta sé þess eðlis að þeir hljóti að gera yður grein fyrir því þegar í stað, þótt aðrar aths. af okkar hálfu bíði framlagningar ríkisreikninga fyrir árið 1978.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Ljósrit sent fjmrh. og ríkisendurskoðun.“

Í sambandi við það bréf, sem þarna hefur verið ritað, hefur mér líka verið skýrt frá að svo alvarlega hafi verið litið á þetta af hálfu yfirskoðunarmanna að fyrir utan að skrifa forseta Alþingis hafi einnig fyllilega komið til greina að kæra málið til saksóknara ríkisins. Ég vil benda á að þetta mun vera einsdæmi í meðferð aths. við ríkisreikninga. Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um atriði sem þessi. Hefur venjan ávallt verið sú, að sendar hafa verið fyrirspurnir og gerðar athugasemdir og menn hafa fengið tækifæri til að skýra sjónarmið sín. Mér var aldrei fengið neitt tækifæri til slíks. Ég verð því að segja að ég skil ekki almennilega orðalagið í bréfi háttvirtra yfirskoðunarmanna, þar sem segir: „en hann hefur ekki haft svigrúm til að hitta okkur fyrr.“ Einhvern veginn er mín réttlætiskennnd þannig vaxin, að í svo alvarlegu máli sem þessu tel ég að ekki hefði verið úr vegi að gefa manni, sem á að sæta slíkum aðfinnslum, að meira sé ekki sagt, a. m. k. tækifæri til að skýra sína hlið málsins áður en lengra væri haldið.

Í sambandi við þessi mál vil ég nú skýra frá því, að ég taldi rétt að Alp. greiddi þann simakostnað sem Alp. bæri að greiða mér sem þm. Því notaði ég nauðsynleg fylgiskjöl til þeirra hluta. Þau voru sum ljósrituð. Ég taldi slíkt ekki óeðlilega tilhögun. Hins vegar, eins og kemur fram í þessu bréfi þar sem ég lät í ljós óskir um að rn. greiði einkasímareikninga mína og ef samþykki hefði fengist fyrir slíku, þá mundi ég að sjálfsögðu hafa endurgreitt Alp. slíkar upphæðir. Komið hefur á daginn að úrskurður hefur ekki fengist enn fyrir heimild til slíkra greiðslna á vegum iðnrn. Því vil ég benda á hvort ekki mundu hafa þótt einkennilegar aðfarir, eftir að mér hafði verið synjað um slíka tilhögun á greiðslu símareikninga hjá Kröflunefnd að ég hefði komið með þriggja, fjögurra ára reikninga í skrifstofu Alþingis til að krefjast greiðslu þeirra.

Engum er ljósara en mér að við þessa meðferð málsins og við þessar aðstæður myndaðist að sjálfsögðu skuld hjá undirrituðum við Kröflunefnd. Mér hefur alltaf verið ljós sú staðreynd. En í því sambandi þykir mér hlýða að geta þess, sem reyndar hefur komið fram í fjölmiðlum, að ég hafði með bréfi, dags. 18. mars 1978, sent iðnrn. reikninga vegna notkunar á einkabifreið, sundurliðaða reikninga fyrir árin 1975 til ársloka 1977, að upphæð

886 057 kr. Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir til að fá þá reikninga greidda hafði mér ekki tekist það, en hins vegar báru aths. ríkisendurskoðunar með sér að gert var ráð fyrir að til uppgjörs á kröfu minni kæmi. Því var það, að ég taldi eftir atvikum örugglega séð fyrir því að ekki hallaðist á fjármálalega, þannig að Kröflunefnd sem slík yrði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna ráðstafana minna.

Með þessum sjónarmiðum, sem ég nú hef verið að lýsa, skal ég fúslega viðurkenna að ég hef dottað á verðinum gagnvart þeim aðilum sem allt vilja leggja út á versta veg. Í því efni hef ég ekki við neinn að sakast nema sjálfan mig.

Ég vil í sambandi við þær margítrekuðu árásir, sem hafa verið gerðar á mig öll þau ár sem ég hef haft með framkvæmdastjórn og fjármál og fjárreiður vegna Kröfluvirkjunar að gera, taka fram að ég hef orð mjög mikilhæfra manna fyrir því, aðila sem ég tel dómbæra um það, að miðað við þær umfangsmiklu framkvæmdir, sem þar var um að ræða, hafi skrifstofu- og framkvæmdastjórakostnaður Kröflunefndar verið með afbrigðum lágur, þannig að fá dæmi munu um jafnsmáar upphæðir í sambandi við þann lið kostnaðarframkvæmda. Þetta vildi ég láta koma skýrt fram nú.

Ég skýrði frá því í upphafi máls míns, að því miður brást það tækifæri sem ég taldi mig eiga þegar ég fór af landi burt í góðri trú hinn 10. okt. Ég vil láta menn vita að ef ég hefði haft minnstu vitneskju um að ég mætti ekki treysta því hefði ég hvergi farið. En í staðinn fæ ég og fjölskylda mín þetta. Eiginkona mín, alein í íbúð sinni í Reykjavík, á sér einskis ills von. Ég hafði skýrt henni frá þessu og að hún gæti verið röleg. Ég vil aðeins benda mönnum á hvernig aðstandendum manna getur undir vissum kringumstæðum liðið í svona tilfellum. Það eru víða til mannlegar kenndir og tilfinningar.

Afleiðingarnar af þessari einstöku tilhögun hafa ekki heldur látið á sér standa gagnvart mér eftir að ég kom heim. Ég hef nánast verið útskúfaður úr flokki mínum af nokkrum hluta hans. Sem betur fer eru þeir ekki mjög margir sem þannig bregðast við. Þessi atvik hafa haft það í för með sér, að sú skoðun hefur skomið fram að nánast væri óhæft að hafa slíka persónu sem Jón G. Sólnes í röðum framámanna flokksins. Og þá gefur að skilja að í fjölmiðli eins og útvarpi muni háætisræða hæstv. nyskipaðs dómsmrh. ekki hafa aukið virðingu mína á þessum þýðingarmiklu tímamótum fyrir mig sem einstakling sem hyggur á að standa í pólitískri baráttu.

Herra forseti. Ég skal fara að ljúka máli mínu. En mér þótti rétt vegna eðlis þessa máls, og hér er um að ræða fundarlok hins háa Alþingis og kannske í síðasta skipti sem mér gefst tækifæri til að flytja mál mitt úr þessum stól, að birta ykkur, hv. alþm., þessi mál á þann hátt sem ég hef gert hér.

Núverandi hæstv. dómsmrh. hefur mikið talað um að hann teldi það höfuðhlutverk sitt að gera dómsmálakerfi þjóðarinnar opnara og umfram allt réttlátara í allri framkvæmd en honum hefur fundist það hafa verið og sé nú. Ég legg það fúslega í dóm hv. alþm. og annarra, er munu koma til með að kynna sér mál mitt, hvort ofstækisfullar ásakanir þessa hæstv. ráðh. í minn garð og fjölskyldu minnar frá fyrstu tíð hafa við rök að styðjast. Hann hóf blaðaskrif um mig á þann veg að væna mig um að ég hefði veitt útlán úr bankastofnun þeirri sem ég veitti forstöðu, og annan milljarð, til þess að geta náð öruggu þingsæti. Og

ummæli þessa hæstv. ráðh. síðast í dag, þegar hann tekur við hinu virðulega embætti sem æðsti réttargæslumaður þjóðarinnar, — ég spyr menn hvort þau sýni að nú hafi hinn eini sanni Messías réttlætisins loksins komist til valda á Íslandi.

Dómsmrh. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Að-eins örfá orð.

Hv. þm. Jón G. Sólnes hefur fjallað um málavöxtu í máli sem nefnt var hér í dag. Ég tel að það sé beinlínis skylda framkvæmdavaldsins að sjá til þess að fyrir liggi allar upplýsingar um mál af þessu tagi í ljósi þess sem hv. þm. hefur lýst og að slík úttekt verði kynnt Alþingi eða send réttum aðilum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég kem hér upp hryggur í huga og særður eftir þá ræðu sem flokksmaður minn og félagi, hv. 2. þm. Norðurl. e., sá sig tilneyddan að flytja hér. Það fer ekki á milli mála að hæstv. núv. dómsmrh. á mikinn þátt í því hvernig mál af þessu tagi hafa þróast í þjóðfélaginu. Það er hugarfar sem ríkir ekki lengur, að opinberir embættismenn, þeir a. m. k., þegi yfir þeim leyndarmálum, sem þeir kunna að komast að sem opinberir starfsmenn, þangað til réttir aðilar — í þessu tilfalli dómskerfi landsins — hafa kynnt sér málin til hlítar.

Það, sem hér hefur verið gert að umræðuefni, var ég búinn að heyra áður en þau mál voru hæstv. forseta Sp. kunn, því hann upplýsti sjálfur að það umslag, sem geymdi leyndardómminn, hefði ekki verið opnað. Það eru ríkisendurskoðendurnir sem ber að rannsaka fyrst í þessu tilfalli. Ég skora á hæstv. ráðh. að standa við þau orð, sem hann lét hér falla, og láta athuga þetta mál til hlítar.

Ég geri ráð fyrir að dagskrármálið sé enn þá á dagskrá, og með leyfi forseta held ég þá áfram með það mál.

Hæstv. fjmrh. kom hér sakleysið uppmálað. Satt að segja, eftir kynni af honum sem þm. og þær umræður sem farið hafa fram hingað til, hélt ég að hann ætti ekki til sakleysið uppmálað. En hann talaði í léttum tón og sagði: Enginn bóndi hengir allar sínar girðingar á einn staur. Það veitir ekki neina vörn. — Við getum allir tekið undir það. En þessi orð minntu mig á sögu af mætum manni úr bæjarlífinu á sínum tíma og ég held að hún eigi ágætlega við Alþfl. í sigurvímu hans í dag. Maðurinn lá dauða-drukkinn í götunni og var spurður: „Af hverju ferð þú ekki heim að sofa, vinur? Af hverju sefur þú hér á götunni?“ Þá leit maðurinn upp og svaraði: „Það vantar stakket, góði. Það vantar meira stakket, góði.“ Það er einmitt það sem Alþfl. vantar. Hann vantar „stakket“. Hann kemst ekki lengra. Hann verður að fara sömu leið til baka.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort þm. hafa tekið eftir því, að frá því að Alþfl. fór úr ríkisstj. hefur veður verið blítt og gott. Það hefur verið sólskin og lofn alla daga og kvöldfagurt. Höfuðborgin hefur skartað sínu fegursta og fólk notið veðurblíðunnar að loknum vinnudegi kvöld eftir kvöld og ekki þurft að hafa með sér yfirhafnir. Slíkt gerist sjaldan um hásumar á Íslandi.

En hafið þið, hv. þm., tekið eftir því, að nú, daginn sem ný ríkisstj. er mynduð, skipast veður í lofti og þessi dagur er einn sá dimmasti undanfarnar vikur? Mun þetta ekki nokkuð táknrænt?

Íslenska þjóðin er gott fólk og dugmikið, en býr við

erfiðar aðstæður borið saman við veðráttu og auðlindir annarra þjóða. Því ber okkur, sem gegnum trúnaðar-störfum á Alþingi Íslendinga, skylda til að sjá þjóðinni fyrir góðri stjórn til forustu í landsmálum. Ég held að land og þjóð eigi betra skilið en þá ríkisstj. sem tók við völdum í dag.

Aðdragandinn að nýloknum stjórnarskiptum líkist helst valdayfirtöku án meiðsla, líkt því sem víða gerist þar sem lítill, sterkur kjarni ævintýramanna nær með klókindum valdaaðstöðu. Þrátt fyrir allar yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið í sambandi við valdatöku Alþfl., er þó langt frá því að hún hafi farið hljóðlaust fram. Og þótt líkamsmeiðsl hafi engin komið fram, þá eru til menn í sárum.

Sjálfstfl. hefur tekið að sér að verja hina nýju ríkisstj. falli. Ég hefði vonað að Sjálfstfl. biðu önnur og meiri verkefni í stjórnmálasögu þjóðar okkar á þessu ári.

Eins og málum er nú hátt að ætla ég ekki að endurtaka neitt það sem sagt hefur verið um verðbólgunu, hverjum hér er um að kenna o. s. frv. eða hvaða flokkur á mesta sök á henni.

Það er augljóst að sú ríkisstj., sem nú hefur tekið að sér að sitja í tvo mánuði, leysir engin mál, vinnur engin afrek. Það hefur hinn nýi forsrh. sagt í dag. Hans orð eru að hann og ráðherrarnir muni aðeins afgreiða þau mál sem berast á borð þeirra frá degi til dags. Þeir afgreiða mál eins og búðarmenn vorur þegar viðskiptavinum ber að garði.

Frá því fráfarandi ríkisstj. tók til starfa hafa þm. Alþfl. sýnt, bæði hér á hv. Alþ. og utan þess, að samstarf milli vinstri flokkanna var ekki tímabært, og ég harma það, að nú skuli svo komið að Sjálfstfl. hefur tekið að sér að verja falli stjórn óróa- og hreinsunardeildar Alþfl., — hlutverk sem gæti orðið Sjálfstfl. ofviða.

Alþfl. er eins og íslensk veðráttu, rok og blíða.

Við sjálfstæðismenn hljótum að vona að tímabilið til kosninga verði okkur hliðhollt, að kjösendur geri sér ljóst nú að allar samsteypustjórnir hafa endanlega gefist upp, hvort sem um vinstri stjórnir hefur verið að ræða eða samstarfsstjórnir vinstri flokkanna og Sjálfstfl. Það eina, sem hin íslenska þjóð hefur aldrei reynt, er eins flokks stjórn á Íslandi. Eftir misheppnaðar tilraunir vinstri flokkanna s. l. hálf árið annað ár á þjóðin eina von og sú von er meirihlutastjórn Sjálfstfl. Hafni þjóðin meirihlutastjórn Sjálfstfl. nú upphafst nýtt stjórnartímabil samsteypustjórna með öllum þeim hrossakaupum og baktjaldamakki sem því fylgir.

Þótt stríðsýfirlýsingar verkalýðsforustunnar dýnji á Sjálfstfl. og eigi að hræða kjösendur frá honum, þá óttast Sjálfstfl. ekki það stjórnartímabil sem við honum blasir að kosningum loknum nái hann hreinum meirihluta — trausti landsmanna. Sjálfstfl. hefur fylgi meðal verkalýðshreyfingarinnar. Sjálfstfl. er stærsti verkalýðsflokkurinn þótt annað komi fram í málflutningi verkalýðsforustunnar.

Við sjálfstæðismenn göngum til þeirra verka, sem fólkid í landinu felur okkur, með sanngirni og hreint hugarfar að vopni. Sanngirni og heilbrigð hugsun hlýtur að verða slagorðum Alþb.-manna og annarra yfirsterkari í komandi kosningabaráttu.

Við, sem sitjum á Alþ. nú, munum bráðlega hverfa héðan. Sumir koma aftur að kosningum loknum, aðrir ekki.

Kosningaorrustan fram undan verður hörð, kannske

miskunnarlaus, en ég vona heiðarleg. Vonandi verður nýtt Alþingi færara um að veita þjóðinni þá forustu sem góð þjóð á skilið en það sem nú er að kveðja.

Nú reynir á það að sjálfstæðisfólk standi saman í órjúfandi fylkingu í þeim átökum, sem fram undan eru, og með vinnu sinni og málfutningi hrífi með sér fjöldann á bak við sverð og skjöld þeirra sem gera rétt, en þola ekki órétt — Sjálfstfl.

Pingrof.

Forseti (Oddur Ólafsson): Hv. alþm. Ég þakka ykkur fyrir tillitssemi og notalegheit þá fáu daga sem ég hef stjórnað fundum sameinads þings. Ég þakka ykkur einnig fyrir litríkt, skemmtilegt samstarf á undanförunum átta árum og ég vona að flestir ykkar komi glaðir og ánægðir út úr þeirri orrahríð, sem fram undan er í stjórnmalunum, og hver hljóti þann árangur sem hann hefur til unnið. Ég þakka öllu starfsfólki Alþ. fyrir fyrirmyndarþjónustu og gef þar með hæstv. forsrh. orðið.

Forsrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég færi forseta bestu þakkir þm. fyrir ágæta og drengilega stjórn á þessu stutta þingi og fyrir einstaklega góða viðkyningu undanfarin ár.

Herra forseti. Ég les forsetabréf um þingrof:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Forsrh. hefur tjáð mér, að Alþfl. og Sjálfstfl. hafi orðið sammála um að stofna skuli nú til almennra þingkosninga og nauðsyn beri því til þess að Alþingi verði rofið svo að efna megi til alþingiskosninga þegar á þessu ári.

Samkv. þessu er Alþingi hér með rofið nú þegar.

Gjört að Bessastöðum, 15. október 1979.

Kristján Eldjárn.

Benedikt Gröndal.“

Þá les ég forsetabréf um almennar kosningar.

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram sunnudaginn 2. desember og mánudaginn 3. desember 1979.

Gjört að Bessastöðum, 15. október 1979.

Kristján Eldjárn.

Benedikt Gröndal.“

Ég les að lokum forsetabréf um umboð til forsrh. til þess að rjúfa Alþingi.

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég veiti forsrh. umboð til þess að rjúfa Alþingi, 101. löggjafarþing, nú þegar.

Gjört að Bessastöðum, 15. október 1979.

Kristján Eldjárn.

Benedikt Gröndal.“

Samkv. þessu umboði lýsi ég yfir að Alþingi Íslendinga, 101. löggjafarþing, er frá og með þessari stundu rofið og störfum þess lokið.

Var síðan af þingi gengið.

Viðauki.

Yfirlit um störf Alþingis.

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 16. okt., alls 7 daga.

ÞINGFUNDIR hafa verið haldnir:

Í neðri deild	2	
Í efri deild	2	
Í sameinuðu þingi	3	7

ÞINGMÁL og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:

a. Lögd fyrir neðri deild	7	
b. Lögd fyrir efri deild	9	
c. Lagt fyrir sameinað þing ..	1	17

2. Þingmannafrumvörp:

a. Borin fram í neðri deild	8	
b. Borið fram í efri deild	1	9
		26

Ekkert frumvarp var tekið til umræðu.

II. Þingsályktunartillögur:

Bornar fram í sameinuðu þingi	11
Engin þingsályktunartillaga var tekin til umræðu.	

III. Fyrirspurn:

Í sameinuðu þingi	1
Fyrirspurninni var ekki svarað.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	38
Skýrslur ráðherra voru	2
Tala prentaðra þingskjala	43